

**LÖGGILTAR IÐNGREINAR
Á SVIÐI
HÖNNUNAR- OG HANDVERKS**

Staða, menntun og framtíðarsýn

Ásdís Jóelsdóttir
Nóvember 2001

Starfsgreinaráð í hönnun, listum og handverki

Formáli

Samkvæmt framhaldsskólalögunum frá 1996 er ein af skyldum starfsgreinaráðanna að gera „tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námskrá í sérgreinum viðkomandi starfsnáms,„

Starfsgreinaráð fyrir Hönnun - listir - handverk hefur frá því það var skipað reynt að móta sér stefnu varðandi starfsnámið en gengið á ýmsu. Til að einfalda starfið var ákveðið að beina kröftunum fyrst að löggiltum iðngreinum, en þar er brýnt að endurskoða uppbyggingu náms og námskrár.

Það er fyrst nú með þessari víðtæku skýrslu að við fáum skýra yfirlitsmynd af stöðu og horfum innan þeirra löggiltu iðngreina sem undir ráðið heyra.

Við mótun og undirbúning verksins nutum við dyggrar hjálpar starfsmanna menntamálaráðuneytisins og kunnum þeim bestu þakkir fyrir ráðleggingar og aðstoð.

Ásdís Jóelsdóttir tók verkið að sér og hefur hún unnið mikið og þarft verk sem á eftir að nýtast ráðinu og þeim sem munu starfa með okkur að námskrárvinnu nú á næstu mánuðum og árum. Við þökkum Ásdísi og öllum þeim sem lögðu henni lið kærlega fyrir samstarfið.

Fyrir hönd starfsgreinaráðs H - L - H
Egill Guðmundsson formaður

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1 Staða, menntun og framtíðarsýn	
1.1 Staða – eldri námskrá	7
1.2 Viðhorf – aðstæður og ástæður	10
1.3 Breyttar þarfir og endurskipulagning	12
1.4 Framtíðarsýn í tengslum við samtímann	13
2 Vinnuferli við námskrárvinnu	
2.1 Námskrárvinna	17
2.2 Grunn – kynningarnám	18
3 Innihald og staða iðngreina	
3.1 Samsettar upplýsingar	23
3.2 Feldskurður	24
3.3 Glerslípun og speglagerð	25
3.4 Gull- og silfursmíði	26
3.5 Hattasamur	28
3.6 Hljóðfærasmíði	29
3.7 Fataiðngreinar	30
3.8 Leturgröftur	34
3.9 Skósmíðaiðn	35
3.10 Steinsmíði	36
3.11 Söðlasmíði	38
3.12 Úrsmíði	39
3.13 Upplýsingar varðandi handverksgreinar - Handverk og hönnun	40
3.14 Tölulegar upplýsingar frá LÍN	41
Lokaorð	42
Heimildaskrá	43
Fylgiskjöl:	
Fylgiskjal 1 - Spurningar 1	47
Fylgiskjal 2 - Spurningar 2	50
Fylgiskjal 3 - Spurningar 3	53
Fylgiskjal 4 - Spurningar 4	55
Fylgiskjal 5 - Löggiltar iðngreinar	56
Fylgiskjal 6 - Innihaldslýsing námsbrauta til sveinsprófs í núverandi aðalnámskrá	58
Fylgiskjal 7 - Innihaldslýsing meistaranáms í núverandi aðalnámskrá	62
Fylgiskjal 8 - Úrdráttur úr lögum og reglugerðum	67

Inngangur

Í inngangsorðum menntamálaráðherra í aðalnámskrá framhaldsskóla – almennur hluti segir m.a.:

- ✍️ Allar breytingar kalla á viðbrögð. Sumir hræðast þær og leggja hendur í skaut, flestir sjá tækifæri í breytingum og grípa þau. Ég vona að allir sjái hin nýju tækifæri í námskránni og nýti sér þau. Nám og skólastarf verður að taka mið af hraðri þróun í tækni og vísindum, nýjum atvinnu- og þjóðfélagsþáttum.
- ✍️ Almennur hluti námskrár framhaldsskóla fjallar bæði um bóknám og starfsnám. Menntamálaráðuneytið hefur forgöngu um gerð námskrár fyrir bóknáms- og listnámsbrautir. Fjórtán starfsgreinaráð hafa frumkvæði að námskrám fyrir starfsnám og gera tillögur um efni þeirra til ráðuneytisins. Í ýmsum starfsnámsgreinum er stuðst við nýlegar námskrár, í öðrum eru námskrárnar að mótast í fyrsta sinn.

Í ljósi þessara orða menntamálaráðherra má skoða þá vinnu sem birtist í þessari skýrslu sem unnin er samkvæmt beiðni Starfsgreinaráðs fyrir hönnun - listir - Handverk og menntamálaráðuneytisins.

Samkvæmt verklýsingu er tilgangur skýrslunnar að fá heildarsýn yfir stöðu og menntun í flokki þeirra löggiltu iðngreina sem undir ráðið heyra.

Þessar iðngreinar eru samkvæmt reglugerð nr. 940/1999:

- ✍️ Áeldskurður
- ✍️ Áglerslípun og speglagerð
- ✍️ Águll- og silfursmíði
- ✍️ Áhattasaumur
- ✍️ Áhljóðfærasmíði
- ✍️ Ákjólasaumur
- ✍️ Áklæðskurður karla
- ✍️ Áklæðskurður kvenna
- ✍️ Áleturgröftur
- ✍️ Ámyndskurður
- ✍️ Áskósmíði
- ✍️ Áskóviðgerðir
- ✍️ Ásteinsmíði
- ✍️ Ásöðlasmíði
- ✍️ Áúrsmíði

Í verklýsingunni kemur m.a. fram að verkið skuli fela í sér:

- ✍️ Að setja fram grófa lýsingu á tilhögun starfsnáms í iðngreinum, t.d. hvar slíkt nám er að finna, fjölda nemenda, stöðu og þróun náms í viðkomandi greinum. Einnig að afla skuli upplýsinga innan viðkomandi iðngreina um mat á þörf fyrir framhaldsnám að loknu sveinsprófi
- ✍️ Að gera lauslega grein fyrir stöðu og horfum í atvinnulífi og á vinnumarkaði í iðngreinum, skv. viðtölum við lykilmálverk í viðkomandi greinum og fyrirbyggjandi gögnum, m.a. fjölda faglærðra og ófaglærðra starfsmanna, gerð fyrirtækja og dreifingu þeirra um landið

☞ að setja fram hugmyndir um úrbætur og tillögur um forgangsröð í menntunar- og námskrármálum í ofan nefndum greinum með hliðsjón af niðurstöðum athugana.

Umgjörð og öflun upplýsinga

Í upphafi var settur saman spurningalisti með allmörgum spurningum sem var fyrst og fremst ætlað að veita yfirsýn yfir viðfangsefnið og gefa tilefni til umræðu. Í því samhengi voru reglugerðir og lagasetningar skoðaðar og gerður úrdráttur sem er að finna í fylgiskjöllum skýrslunnar. Mælt er með að menn kynni sér fylgiskjölin áður en lengra er haldið. Tilgangurinn með spurningunum var að skoða og varpa ljósi á umfang verkefnisins eins og áður er nefnt, athuga hvar veikir hlekkir væru í ferlinu varðandi tilhögun starfsnáms í þessum iðngreinum, stöðu og horfum í atvinnulífinu, svo og hvar námskrármálin væru stödd hjá þeim aðilum sem málið varðaði. Hér er átt við hjá faggreinafélögum, ef þau voru þá til, virk eða óvirk, kennurum með fastar virkar stöður, kennurum sem höfðu komið að eða voru kallaðir til kennslu „einstaka sinnum,, þegar nemendur væru til staðar, meisturum sem í þessu tilviki voru oftast fyrirtækjaeigendur og í mörgum tilvikum einu talsmenn greinanna svo og nokkrir nýútskrifaðir sveinar.

Spurningarnar voru einnig settar þannig upp að möguleikar væru til að setja fram hugmyndir um úrbætur og tillögur um forgangsröð í menntunar- og námskrármálum.

Fyrsti spurningaflokkurinn samanstóð af 84 númeruðum spurningum, sjá Spurningalista 1. Þær voru bornar undir formann og aðila starfsgreinaráðs, aðila í menntamálaráðuneytinu, Iðnskólanum í Reykjavík og Samtökum iðnaðarins, fulltrúa stærstu faggreinafélaganna sem höfðu starfandi fræðslu- eða fagnefndir, kennara í stærstu iðngreinunum í þessum iðngreinaflokki, þ.e. fataiðngreinum og gull- og silfursmíði. Fljótt kom í ljós að engum spurningum var hægt að svara beint, heldur einungis nota sem umræðugrundvöll. Margir þeirra sem leitað var til áttuðu sig ekki á því hvers ætlast var til af þeim í námskrármálum, hvort þeir ættu yfirhöfuð að hafa skoðanir, hverjar boðleiðirnar væru, hvert væri starfssvið starfsgreinaráðs í þessu samhengi, hvaðan skipanir kæmu, hverjir bæru ábyrgð og hvert væri hlutskipti skólanna sjálfra, sem kenndu greinarnar, svo og faggreinafélaganna eða talsmanna greina sem hafa ekki fagfélög á bak við sig.

Nokkur tími fór því í að reyna að greina vandamálið og komast að því hvernig hægt væri að setja saman þær upplýsingar sem óskað var eftir í fyrnefndri verklýsingu hér að framan.

Í öðrum spurningaflokki var spurningum raðað í flokka en hafðar ónúmeraðar, sjá Spurningalista 2. Spurningarnar voru lagðar fyrir faggreinafélög (mennta- og fræðslunefndir félaganna) og kennara – þeirra sem voru/eru virkir og höfðu/hafa ákveðna heildarsýn á viðfangsefninu.

Tilgangurinn var að byrja að kynna hvað lægi á bakvið námsskrárvinnu af þessu tagi þ.e. hvaða þættir og upplýsingar það væru sem hafa þyrfti í huga við slíka vinnu til að fá sem besta heildarmynd. Þessar spurningar voru notaðar sem umræðugrundvöllur á fundum sem haldnir voru um málið hjá stærstu faggreinafélögum, þ.e. í fataiðngreinum, gull- og silfursmíði og skósmíði.

Skýrt kom fram í þessum umræðum að enginn treysti sér til að svara beint spurningum þ.e. það sama og áður er nefnt hér að framan og var því valin sú leið að skapa umræður og skrá hugmyndir og aðrar upplýsingar.

Þriðji spurningaflokkurinn voru spurningar fyrir meistara/fyrirtækjaeigendur/talsmenn sem eru oft einn og sami aðilinn – hafa ákveðnar skoðanir og metnað fyrir hönd sinna greina en fyrra sig ábyrgð – eru talsmenn en ekki ábyrgðarmenn (í fámennum iðngreinum eru sveinar oftast orðnir meistarar fyrir alllöngu), sjá Spurningalista 3.

Fjórði spurningaflokkurinn voru samsettar spurningar fyrir nýútskrifaða sveina í þeim greinum sem hafa í raun útskrifað einhverja síðustu ár, sjá Spurningalista 4. Úr þessum spurningum (3 og 4) og svörum var unnið á sama hátt og áður er nefnt hér að framan.

Fyrstu viðbrögð þeirra aðila sem talað var við voru þau að þeir vissu sjaldnast hvaða iðngreinaflokk greinar þeirra tilheyrðu. Einnig kom í ljós að menn voru ekki vissir um til hvers væri ætlast af þeim og hvort þeir ættu að hafa skoðanir á námskrármálum yfirleitt. Þeim var ekki ljóst hver ætti að bera ábyrgð og setja stefnumarkandi línur, hvar ætti að setja mörkin, hver væru viðmiðin eða hverjar væru réttu boðleiðirnar til að koma málum á framfæri. Umgjörðin var því afar óljós. Sumum talsmönnum greinanna, sem höfðu komið að vinnu í tengslum við starfsgreinaráð, þótti skilaboðin þaðan ekki nákvæm. Þeir vissu ekki hvort ætlast hefði verið til að þeir tækju þátt í námskrárvinnu – og þótti þá ósanngjarnt ef ætlast væri til slíkrar vinnu án endurgjalds. Hér má einnig koma fram að flestir í þessum greinum eru einyrkjar og þurfa því að borga með sér sjálfir í slíkri vinnu.

Nokkuð ljóst var strax í byrjun, að nær ógerlegt var að nálgast upplýsingar um fjölda starfandi, fjölda fyrirtækja og fleira því tengdu m.a. vegna þess að starfandi aðilar borga í mismunandi stéttarfélög (ekki aðgengilegt að fá slíkan lista), einyrkjar eru fjölmennir í greinunum og auk þess eru ekki nærri allir eða félagar í faggreinafélögum.

Eitt af því mikilvægasta sem kom í ljós við gagnasöfnun var að hvergi voru til aðgengileg gögn svo sem um færnikröfur til sveinsprófa eða reglur um innihald og framkvæmd vinnustaðþjálfunar. Slíkt er hvergi varðveitt þannig að aðgengilegt sé og því síður ljóst hver ber ábyrgð á því að halda utan um slík gögn.

Tilraun var gerð til þess að senda spurningar í tölvupósti og fá til baka svör en það reyndist árangurslítið, nema einna helst frá stofnunum sem höfðu í forum sínum tölulegar upplýsingar. Vegna þessa þróaðist vinnan yfir í að taka bein viðtöl við fólk með því að hitta það persónulega eða taka símaviðtöl, þ.e. hringt og tekið viðtal í gegnum síma eða hringt áður og síðan sendar spurningar í tölvupósti. Einnig voru spurningar sendar eða rætt um innihald þeirra í síma og síðan fundur með fleiri aðilum úr sömu grein í kjölfarið.

Viðmót fólks var mjög jákvætt ef farið var frekar *mannlega* að og hlutirnir skoðaðir með umræðu í huga. Bein skrifleg svör við spurningum voru aldrei til staðar, heldur lagðar til grundvallar umræðunni eins og áður er nefnt – viðmælendur treystu sér ekki til að svara skriflega, töldu sig ekki hafa forsendur til þess.

Það sem fram kom í viðtölum var skráð niður í punktaformi í viðtalinu sjálfu og síðan unnið nánar eftir á að viðbættum tölulegum upplýsingum varðandi nám og atvinnulíf. Allar þessar upplýsingar eru dregnar saman og settar fram í kaflanum *Innihald og staða iðngreina* til að skapa sem raunhæfasta heildarmynd af stöðunni í hverri grein.

Út frá þeim upplýsingum voru síðan unnar hugmyndir um breyttar áherslur í námi, s.s. grundvöll fyrir sameiginlegu grunnnámi, tillögur varðandi áframhaldandi vinnu við aðalnámskrá o.s.frv. (sjá næsta kafla skýrslunnar).

Greinilega kom í ljós að meginforsendur til þess að ná árangri er að iðngreinarnar skilgreini sig upp á nýtt, bæði hvað varðar námið og atvinnulífið. Þegar talað er um að grein sé óskilgreind er átt við að þar vanti skilgreiningu á störfum og menntun, endurskoðun á fjölbreytni starfa innan iðngreinarinnar, færnikröfum starfa, tengslum greinarinnar við önnur störf innan fyrirtækis sem utan, ábyrgð í starfi, möguleikum til að „vinna sig upp“ í störfum og skilyrðum til endur- og símenntunar.

Í sumum greinum virðist hafa átt sér stað ákveðið niðurbrot. Þær hafa orðið lítt sýnilegar og legið í dvala, réttindalausir aðilar hafa fengið að vaða uppi án þess að tekið hafi verið á málum, láglaunastörf skapast o.s.frv.

Í flestum þessum greinum er samt sem áður margt nýtt að gerast bæði hvað varðar huglæga og verklega þætti sem skólar og atvinnulíf þurfa að fara sameina krafta sína um ef greinarnar eiga að fá að lifa sem hluti af metnaðarfullri lífsafkomu fámennrar þjóðar. Atvinnuskapandi störf þessara greina eru mjög fjölbreytt og því nóg að gera ef haldið er rétt á málum. Huglægir þættir eru það skóla- og starfsumhverfi auk viðmóts sem hægt er að endurskoða í ljósi nýrra áherslna og nýrra skilgreininga á störfum og menntun. Huga þarf sérstaklega að skipulagðri ferlisvinnu við námskrárgerð eins og fram kemur síðar í skýrslunni.

1 Staða, menntun og framtíðarsýn

1.1 Staða – eldri námskrá

Í námskrá handa framhaldsskólum frá 1990 var flokkun iðngreina úr þessum iðngreinaflokki löggiltra iðngreina eftirfarandi:

Fata-, skinna- og leðuriðngreinar

- ~~Æ~~kjólasmútur (3 ár)
- ~~Æ~~klæðskurður karla (4 ár)
- ~~Æ~~klæðskurður kvenna (3 ár)
- ~~Æ~~reiðtygja- og aktygjasníði (4 ár)
- ~~Æ~~skósníði (3 ár)
- ~~Æ~~skóviðgerðir (3 ár)
- ~~Æ~~feldskurður (4 ár)

Úrsmíði (4 ár) var undir flokki rafiðnaðargreina.

Fámennar iðngreinar:

a) listgreinar:

- ~~Æ~~glerslípun og speglagerð (4 ár)
- ~~Æ~~gull- og silfursníði (4 ár)
- ~~Æ~~leirkerasníði (4 ár)
- ~~Æ~~leturgröftur (4 ár)
- ~~Æ~~myndskurður (4 ár)
- ~~Æ~~steinsníði (4 ár)
- ~~Æ~~átágariðun (4 ár)

b) aðrar iðngreinar:

- ~~Æ~~þeykisiðun (4 ár)
- ~~Æ~~leirsníði (4 ár)
- ~~Æ~~hattasmútur (3 ár)
- ~~Æ~~hljóðfærasmíði (4 ár)
- ~~Æ~~snótasmíði (4 ár)
- ~~Æ~~reiða- og seglasútur (4 ár)
- ~~Æ~~sútaraiðun (4 ár)

Athyglisverð atriði úr eldri námskrá frá 1990

Athyglisvert er að skoða markmið náms í inngangi í eldri námskrá frá 1990, þar sem orðið **hönnun** kemur alloft fyrir, en síðan hverfur það í nýju námskránni – vert er að skoða þetta í ljósi þess að nú er verið að vekja athygli á því aftur en með öðrum formerkjum.

Um er að ræða áfangalýsingar til sveinsprófs í 1) fata-, skinn- og leðuriðngreinar og 2) gull- og silfursníði í námskrá handa framhaldsskólum 1990 (ekki eru til neinar aðrar lýsingar í öðrum greinum þessa iðngreinaflokks – samsvarandi lýsingar eru ekki til í núverandi námskrá né í námsvísi þeirra skóla sem við á); þar segir:

*1) Markmiðið er að nemendur hafi við námslok öðlast nægilega þekkingu og færni til þess, hver á sínu sviði, að annast **hönnun**, gerð, breytingar og viðgerð á herra-, dömu- og barnafatnaði svo og skófatnaði.*

Um er að ræða 6 sjálfstæðar iðngreinar, þar af þrjár í fatagerð. Iðngreinarnar eru: Kjólasmútur: Gerð inniklæðnaðar fyrir konur og börn fyrir mismunandi tækifæri, jafnt til samkvæmisnota sem daglegra.

Klæðskurður kvenna: Gerð útifatnaðar fyrir konur og börn svo sem kápur, dragtir og jakkar úr þykkri efnum.

Klæðskurður karla: Gerð karlmannafatnaðar fyrir mismunandi tækifæri. Um er að ræða jakkaföt, „smóking“, kjólföt, staka jakka, buxur, skyrtur og frakka. Faglærðir í fataiðngreinum starfa ýmist við verkstjórn eða faglega umsjón í fataverksmiðjum eða á smærri verkstæðum þar sem m.a. er veitt persónuleg þjónusta samkvæmt óskum viðskiptavinar. Þar geta störfin falið í sér alla vinnu frá **hönnun**, máltöku og sniðagerð til samsetningar, frágangs og afhendingar.

Reiðtygja- og aktygjasmíði: **Nýsmíði** og viðgerð hnakka, söðla, beisla og aktygja.

Skósmíðaiðn skiptist í tvö sérsvið:

Skósmíði: **Hönnun** og framleiðsla á öllum algengum skófatnaði í skóverksmiðjum og einkaverkstæðum.

Skóviðgerð: Viðgerð á hvers kyns skófatnaði ásamt því að leiðbeina viðskiptavinum um hreinsun og meðferð.

Feldskurður: **Hönnun** og gerð fatnaðar og fylgihluta úr hvers kyns loðskinnum ásamt ráðgjöf um hreinsun og meðferð. Ennfremur viðgerðir og breytingar.

2) Markmið náms í gull- og silfursmíði er að nemi hafi við námslok öðlast næga þekkingu og þjálfun til að annast **hönnun**, smíði, breytingar og viðgerðir skartgripa, listmuna og nytjahluta, svo sem borðbúnaðar úr góðmálmum og öðrum helstu málmum sem notaðir eru í slíka muni.

Hér kemur hugtakið „hönnun“ nokkuð oft fyrir en þó ber að skoða að í fata-, skinn- og leðuriðngreinum eru/voru ekki neinir áfangar sem heita eða innihalda „hönnun“. Í kjólasaum og klæðskurði eru þó áfangar í tískuteikningu (TIT 102, 202, 302, 402 og 502 – en þar stendur – „áfangalýsing kemur síðar“). Í gull- og silfursmíði eru áfangar í hönnun þ.e. HÖG 102 (Hönnun 102) og HÖG 202 (Hönnun 202) þar sem tekin er fyrir teikning og hönnun á skartgripum og ýmsum hlutum úr silfri og gulli.

Sameiginlegir áfangar í þessum iðngreinum eru fríhendisteikning (FHT 102) og grunnteikning (GRT 103) með sömu áfangalýsingu. Í báðum greinaflokkum er kennd efnisfræið en með mismunandi faglegum áherslum. Í Gull- og silfursmíði er auk þess kennd listasaga (LIG 101).

Einnig er má nefna að í námskránni var einnig að finna áfanga í fatagerð (FAG 106) og fatahönnun (FAH 104) sem tilheyrir hússtjórnargreinum svo og áfanga í handmennt (HAN 102) og vélsaumi innan mynd- og handmenntagreina sem síðan þróaðist í ýmsar áttir innan hússtjórnar- og handíðabrauta á öllu landinu. Í núverandi námskrá er einnig að finna fata- og textílhönnunarkjörsvið innan listnámsbrautar.

Eftirfarandi námsbrautir til sveins- og iðnmeistaraprófs er að finna í Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta, sem útgefin var 1999.

Námsbrautir til sveinsprófs:

Fata-, skinna- og leðuriðngreinar:

☞Kjólasaumur - KJ8

☞Klæðskurður - KL8 og KL9

☞Söðlasmíði - SÖ9

Málmiðngreinar:

☞Gull- og silfursmíði - GS9

Í eftirtöldum iðngreinum í þessum iðngreinaflokki eru **ekki til námslýsingar** til sveinsprófs hvorki í eldri eða nýrri aðalnámskrá:

- ~~Æfeldskurður~~
- ~~Æglerslípun og speglagerð~~
- ~~Æhattasaumur~~
- ~~Æhljóðfærasmíði~~
- ~~Æheturgröftur~~
- ~~Æmyndskurður~~
- ~~Æskósmíði~~
- ~~Æskóviðgerðir~~
- ~~Æsteinsmíði~~
- ~~Æúrsmíði~~

Nám til iðnmeistaraprófs:

Meistarnám fata-, skinna- og leðuriðngreina:

- ~~Ækjólasaumur - MKJ~~
- ~~Æklæðskurður - MKL~~
- ~~Æskósmíðaiðn MSM~~

Meistaránám fámennra iðngreina:

- ~~Ægull- og silfursmíði - MGS~~
- ~~Æúrsmíði - MÚR~~

Meistaránám er **ekki skilgreint** í eldri eða nýrri aðalnámskrám í eftirtöldum iðngreinum í þessum iðngreinaflokki:

- ~~Æfeldskurður~~
- ~~Æglerslípun og speglagerð~~
- ~~Æhattasaumur~~
- ~~Æhljóðfærasmíði~~
- ~~Æheturgröftur~~
- ~~Æmyndskurður~~
- ~~Æsteinsmíði~~
- ~~Æsöðlasmíði~~

Nokkurs ósamræmis gætir í því að engar námslýsingar sé að finna í aðalnámskrá til sveinsprófs í úrsmíði og skósmíði en á hinn bóginn sé þar gert ráð fyrir meistaránámi í þeim greinum.

Til er námskrá fyrir iðnsveina til iðnmeistaraprófs – almennur hluti – 1996 þar sem settar eru fram tillögur um markmið og innihald náms til meistaraprófs í almennum greinum og stjórnunar- og rekstrargreinum. Þar er úrsmíði í flokki með rafiðngreinum og gull- og silfursmíði sett í flokkinn „aðrar iðngreinar“. Einnig er gerð grein fyrir forsendum tillagna um iðnmeistaránámið í heild.

Námskrá **fagnáms** er að finna í sér riti fyrir hvern iðngreinaflokki ásamt heildaryfirliti yfir meistaránám hverrar iðngreinar.

Ekki er til fagnám til meistaraprófs í öðrum greinum þessa iðngreinaflokks en fataiðngreinum (þ.e. 8 einingar).

Í námskrá fyrir iðnsveina til iðnmeistaraprófs – almennur hluti – kemur fram að umfang og innihald faggreina til meistaraprófs hafi verið ákveðið að fengnum tillögum fræðslunefnda í samráði við fagnefndir einstakra iðngreina. Umfang og innihald fagnáms í meistaránámi er í samræmi við mat þessara aðila á þörf meistara fyrir faglegt viðbótarnám umfram sveinspróf og starfsreynslu. Löggilding á starfsheiti og störfum iðnmeistara byggir á þeirri meginforsendu að starfstíllinn tryggi viðskiptavini eða verkkaupanda ákveðin gæði.

Í samræmi við framangreint er ljóst að meistaránámið er nokkuð mismunandi að umfangi og innihaldi eftir iðngreinum.

Starfsnámsbrautir í nýrri aðalnámskrá fyrir aðrar greinar en löggiltar iðngreinar þar sem kenndar eru greinar sem tengjast þessum iðngreinaflokki:

Handíðabraut LI

Hússtjórnarbraut HB

Hönnunarbraut HÖ

Hönnunarbraut IH

Listnámsbraut LN – ekki eiginleg starfsnámsbraut en hefur 45 eininga kjörsvið sem tengist þessum iðngreinaflokki:

Almenn hönnun – almenn hönnun

Handverkshönnun – textíl- og fatahönnun.

1.2 Viðhorf - aðstæður og ástæður

Í nær öllum samtölum við aðila í hinum ýmsum iðngreinum þessa iðngreinaflokks, hönnun – listir – handverk, kom fram að virðingu, viðhorfi, innsýn og skilningi er mjög ábótavant meðal „almennings“ gagnvart þessum greinum. Ástæðurnar geta legið í menntakerfinu, atvinnulífinu og hjá athafnafólkinu sjálfu.

Litlu púslin skipta máli

Nokkrar af þessum iðngreinum eru sveipaðar ákveðinni dulúð. Sumar hafa sterkar rætur innan fjölskyldna, þar sem upplýsingar um vinnuaðferðir og fleira liggja ekki á lausu gagnvart öðrum. Sumar greinar eru háðar því að um einyrkja sé að ræða meðan aðrar eru hluti af framleiðslu eða öðru teymi. Varðandi einyrkja er mikilvægt að markaðurinn haldist stöðugur, veiki hlekkurinn er samkeppnin og því þykir betra að takmarka fjölda þeirra sem vilja læra og komast á samning hjá meistara og því oft hagstætt að halda störfum innan fjölskyldunnar.

Í dag er horft fram hjá slíku – þeir tímar eru liðnir – allir hafa rétt til náms – fjölbreytni starfa skapar samfélaginu þá breidd í atvinnulífinu sem þarf til að halda uppi arðbæru hagkerfi – en til að svo verði þarf að púsla vel - litlu púslin þurfa líka að vera með til þess að heildarmynd náist.

Að skapa sérstöðu

Allar þessar iðngreinar eins og svo margt annað, eru háðar duttlungum samtímans og þurfa því svigrúm til þess að fylgja framþróuninni en samt er það handverkið, grunnurinn sem verður að vera sterkur því með því stendur og fellur greinin – annað er fólgið í framþróuninni, skreytingunni, ytra yfirborðinu, duttlungum manneskjunnar.

Í dag þar sem nóg framboð er af öllu, harðnandi samkeppni, miklir fjármunir settir í markaðssetningu og tölvuhyggja er nær allsráðandi, eiga margar af þessum greinum erfitt uppdráttar – mikilvægt er því að þær nái að skapa sér sérstöðu sem eftir verður tekið.

Að sníða sér stakk eftir vexti

Sköpunarkrafturinn í þessum greinum er geysilega mikill og nær eingöngu spurning um samhæfingu hugar og handa – hugmynd verður ekki að neinu nema hugar og hönd vinni þar saman – hér er verið að tala um mikla þjálfun, vinnu og lífsstíl, þ.e. að vinna og áhugamál séu samtvinnuð í eitt. Hér verður samt hver og einn að sníða sér stakk eftir vexti – metnaður, markmið, vinnuframlag og áhugasvið eru bundin hverjum einstaklingi.

Margar af þessum greinum búa yfir ákveðinni fjölbreytni sem háð er markmiðum og áherslu viðkomandi fagmanns sem getur komið fram í nýsmíði, hönnun, handverki, sérhæfingu með vörur og framleiðslu, verslunarrekstri, vinnu við eigin rekstur, vinnu í teymi, vinnu hjá öðrum, einyrkjastarfi o.s.frv.

Skapa þarf skilyrði

Sumar greinar hafa óljósan bakgrunn er varðar réttindi og skyldur, sem er m.a. afleiðing fámennis í greininni og skorti á fagfólki t.d. vegna óvissuástands á vinnumarkaði í langan tíma. Þetta skapar lélega fyrirmynd, brýtur niður virðingu fyrir starfinu og veldur verulegri óánægju í stéttinni og síðast en ekki síst brottfalli úr námi. Önnur mikilvæg orsök slíks óvissuástands er óskilgreind vinna og vinnuskilyrði sem gerir það einnig að verkum að faglært fólk hverfur frá vinnu.

Stöðugt framboð náms í greinunum hefur ekki verið nægilegt því að skilyrði til náms, rými, aðstaða og kennaraskortur hafa háð þróun náms í greinunum – mikilvægt er að finna laus á þessu vandamáli þannig að eðlileg framvinda náist í þeirri vinnu sem framundan er.

Sterk samstaða

Samstaða þessa iðngreinaflokks gagnvart atvinnulífinu getur m.a. verið fólgin í að skilgreina sig betur og gera sig sýnilegan, t.d. með því að setja saman upplýsinga- og kynningarhefti með almennum upplýsingum sameiginlegum fyrir allar greinarnar. Slíkt hefti þarf að vera vel framreitt og hæfilega skreytt þar sem fram koma m.a. menntunarskilyrði auk möguleika til háskólamenntunar, fjölbreytni og farnikröfur starfa, heiti fagfélaga og starfsemi, hagsmunasamtök, kynning á stofnunum sem koma að þessum greinum svo sem Iðnnemasambandið, IMPRA, Nýsköpunarsjóður, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Mennt o.s. frv. Þar þarf einnig að vera umfjöllun um möguleika til lána og styrkja vegna nýsköpunar eða starfrækslu fyrirtækis og upplýsingar um öflun einkaleyfis og hönnunarvernd svo eitthvað sé nefnt. Í öllum slíkum upplýsingum er fólgin örvun og aukin hvatning til fólks til að starfa og mennta sig í þessum greinum.

Einnig er mikilvægt að kynna starfsemi faggreinafélaga og stéttarfélaga og nefnda innan þeirra, hverjir eru í stjórn og hver séu markmið og baráttumál. Nokkuð hefur borið á í umræðunni að skortur á slíku sé ein af ástæðum þess hve illa settar sumar af þessum iðngreinum eru mennta-, launa- og stéttarlega séð.

1.3 Breyttar þarfir og endurskipulagning

Útgönguleiðir

Meðan námið og störfín eru óskilgreind og mikil óvissa ríkir um stöðu og afkomu þeirra sem þær stunda og allar skilgreiningar innan fagsins eru óljósar, er mikilvægt að skapa heildarsýn eins og hér er reynt að gera. Síðan þarf að byggja á þeim grunni nýjan vel skilgreindan „gæðastimpil“, þ.e. byrja upp á nýtt – vinna að sameiginlegum, þverfaglegum og vönduðum skilgreindum markmiðum.

Prepatengt hvatanám

Viðmælendur voru flestir (allir) sammála um að ein besta lausnin væri að útfæra sameiginlegt grunn-kynningarnám fyrir þennan iðngreinaflokk, slíkt væri uppbyggjandi fyrir allar greinarnar því þótt ólíkar væru ættu þær ýmislegt sameiginlegt sem þær gætu verið samstíga um. Nokkrir slíkir þættir eru þegar til staðar í núverandi námi. Einnig er fagfólk innan greinanna sammála um að leggja þurfi aukna áherslu á markaðs- og rekstrarfræði, hráefnisfræði og teikni- og hugmyndavinnu sem gæti komið inn í sameiginlega námið og síðan útfært frekar í sérnáminu.

Með þessu móti er hægt að gera nemendum kleift að komast fyrir inn í iðnnámið þ.e.a.s. yngri að árum og bjóða upp á styttra atvinnutengt „grunn- kynningarnám“ t.d. í tvær annir, sem gæfi ákveðna möguleika á starfssviðum í atvinnulífinu s.s. afgreiðslu, þjónustu, aðstoðarvinnu o.s.frv. (hvata- eða ferlisnám!).

Viðbótarnám við grunn-kynningarnámið kemur einnig til greina og gæti verið til bóta bæði fyrir nemendur og atvinnulífið – þ.e. nám til sérhæfðari starfssviða áður en kemur að löggilta náminu til sveinsprófs.

Hvati í atvinnulífinu til þess að stunda nám

Viðmælendur voru sammála um að mikil þörf sé á slíku viðbótarnámi, en til að það eigi rétt á sér þurfi atvinnulífið að vera tilbúið að greiða götu nemenda – mjög jákvæð viðbrögð voru við þessari hugmynd í atvinnulífinu – en eitthvað verður að gera til að tryggja að svo verði.

Mikilvægt er því að þarna komi til samvinna atvinnulífs og skóla er varðar þennan þátt, þannig að hvati myndist til að stunda nám í greininni. Ekki eru allir tilbúnir að takast á við allt iðnnámsferlið og fá löggildingu í greininni – sumir eru síður færir í verklegum þáttum en aðrir í bóklegum. Mikill misskilningur (öðru nafni fordómar) er gagnvart verklegu námi samanborið við bóklegt. Það er af og frá að „minni“ greind þurfi til þess að stunda verklegt nám en bóklegt. Stærsta prófið er það sýnilega þar sem hugur og hönd vinna saman og afraksturinn metinn út frá gæðum og gagnrýni – auga gegn auga. Þar fer „heill“ maður (hugur og hönd) sem gengur til verks oft á tíðum með mikla ábyrgð og fjármuni í höndum sem koma þarf í áþreifanlegt form. Ekki eru allir færir um að axla slíka ábyrgð.

Mikilvægi löggildingar

Þar sem ábyrgð er annars vegar felur fátt í sér meiri ábyrgð en bein persónuleg samskipti, handverksmaður – viðskiptavinur. Gagnrýnin fer fram augliti til auglitis án milliliða – iðnaðarmaðurinn stendur eða fellur með sínu hug- og handverki. Hann ber ekki eingöngu ábyrgð á sjálfum sér heldur er hann fulltrúi heillar iðngreinar, þ.e. hann skapar traust og virðingu eða veldur iðngreininni álitshnekki. Þetta er ein af

meginrökunum fyrir löggildingu iðngreina. Þar gilda ákveðnar grundvallarreglur og viðurlög sem „viðskiptavinurinn” á að geta verið fullviss um að farið sé eftir.

Þegar nýtt kemur inn þarf að taka annað út

Viðmælendur voru allir sammála um að skilgreininga sé þörf á því sem áður er nefnt og endurskoðun á því námi sem nú er í boði nauðsynleg, þ.e. að nýjungar og breyttar áherslur þurfi að koma inn í þær greinar sem fyrir eru. Æskilegt er að höfð verði samvinna við atvinnulífið um aðlögun fagnámsins að þeim öru breytingum og nýjungum sem eiga sér stað í greinunum. Þegar nýtt námsefni eða ný viðfangsefni eru innleidd þarf að taka annað í burtu eða þjappa saman í minni einingar. Leggja ber áherslu á að ný námskrá þurfi hæfilegan aðlögunartíma.

Að fá hljómgrunn

Allt sem að framan er greint skapar skilyrði fyrir afkomu greinarinnar bæði í námi og starfi, bæði verk- og tæknilega auk þess að efla félags-, fjárhags- og réttarlega fagvitund í greininni. Greinin stendur og fellur með því fólki sem þar starfar. Kennarar eru oft á tíðum „virka” fólkið í greininni. Þeir starfa við greinina samhliða kennslu, margir í eigin fyrirtæki, eru talsmenn greinanna út á við, oft á tíðum í stjórn fagfélaganna og bera ábyrgð á viðgangi greinarinnar með því að skapa skilyrði til meistaranáms. Oft mæðir of mikið á einstaklingum, mikil óvissa ríkir um boðleiðir og framkvæmd þátta er kemur að skipulags- og námskrárvinnu. Mikilvægt er að ekki komi til árekstra milli persónulegra hagsmuna einstaklinga og faglegra þátta við sjálfa námskrárvinnuna, en það getur truflað framþróun og vinnuframlag. Þegar kemur að námskrárvinnunni er nauðsynlegt að veitt sé sérfræðiaðstoð - „akademísk” hugsun er ekki á allra færi þ.e. að koma hugmyndum og framkvæmdum í „orð” þannig að hljómi vel í eyrum annarra og fái hljómgrunn.

1.4 Framtíðarsýn í tengslum við samtímamann

Að vakna úr löngum dvala

Margt hefur komið fram í þessari upplýsingaöflun iðngreinanna, sem bendir til þess að stórt bil hafi myndast milli náms og atvinnulífs og erfitt sé að brúa það nema til komi nýjar og breyttar áherslur og helst sé það mögulegt með þverfaglegri samvinnu. Mikilvægt er því að finna sameiginlegan þráð fyrir greinar þessa iðngreinaflokks að starfa eftir og markaðssetja þ.e. „skreyta” út á við og auka upplýsingastreymið vegna breyttra forsendna í þróun greinanna og nýrra möguleika – þ.e. að horfa til framtíðar með því að skoða samtímamann. Lítið sem ekkert hefur gerst í þróun náms í þessum iðngreinum í nær þrjátíu ár, þær hafa legið í dvala og það hefur hugsanlega haft mikil áhrif á virðingu, vinnuskilyrði og afköst greinanna í atvinnulífinu.

Greinar án landamæra

Landamæri þessara iðngreina í heimi „viðskiptanna” virðast óljós bæði hvað varðar innan- og utanlandsmarkað og möguleikarnir því nær óendalegir. Galdurinn er að kunna að hengja sig við keðjuna og verða einn hlekkur, en til þess að svo verði þarf að þekkja markaðslögmálin, auka virðingu og samvinnu, ekki síst fyrir fámenna þjóð. Ekki er nóg að kunna handverkið – ekki er hægt að hanna hluti nema kunna handverkið og ekki er nóg að kunna „allt” en kunna ekkert á markaðinn og hvað viðskiptavinurinn vill eða hvað er hægt að „fá” hann til að kaupa.

Handverk og hönnun

Fjárráð viðskiptavina hafa aukist og virðing fyrir góðu handverki er að vakna. Nýtt hugtak hefur fest rætur í handverkinu þ.e. það sem áður þótti sjálfsagður hluti af vinnuferlinu og ber heitið hönnun. Fulltrúar greinanna eru sammála um að röng merking sé sett í orðið hér á landi (svokölluð raunveruleikafirring) – enginn lærir að hanna hluti nema kunna handverkið. Fólk þarf að vita hvernig „hluturinn“ er búinn til þ.e. hvert er vinnsluferli hins hannaða verks og hvernig handverkfæri, vélar og annar tækniúnaður virkar og hvaða möguleika það síðan gefur. Út frá þessu skapast síðan hugmyndir, áætlanir og framkvæmdir.

Hlutverk hönnunar

Í hönnun verður hluturinn að virka, hafa það notagildi sem honum er ætlað. Oftast er það forsenda hönnunarinnar að einhver fjáður „pantar“ hlut sem á að virka „svona eða hinsegin“. Í öðrum tilfellum er um eigið hugverk að ræða sem koma á á framfæri – þá sem afurð til framleiðslu eða einstakt verk. Í hönnunarferlinu er verið að búa til „frumgerðina“ (oft fylgt eftir með tölvuvinnslu í þrívídd og sýndarveruleika) sem ætluð er til framleiðslu (háð fjármagni), oftast í vélum með einfölduðu vinnsluferli, en stundum með miklum afköstum og víðtæka markaðssetningu í huga. Í hinu einstaka verki er möguleiki á að láta gamminn geysa með lítilli vélavinnu, stundum engri, og þá skipar handverkið stóran sess í listrænu gildi hlutarins – stundum er það það sem gefur hlutnum gildi og hann stenst háar listrænar kröfur. Í sumum tilvikum er verið að selja frumgerðina beint eða einhver „smáframleiðsla“ fylgir – frumgerðin verður einstök, sérstaklega þegar útlitsgildi hennar verður verðmætara en notagild þ.e. hið listræna gildi hönnunarinnar vekur mesta athygli.

Ný list- og lífsgildi

Hönnun hefur stuðlað að því að efla „nýja“ hugsun varðandi listrænt gildi „hluta“, bæði inni á heimilum og í stofnunum þjóðfélagsins, í „öðru“ en beinum listaverkum og það er einmitt þar sem þessi iðngreinaflokkur getur horft til framtíðar. Atferli, umbun, lífsýn og lífsstíll fólks ásamt kunnáttu, virkni, þægindum og góðri heilsu eru allt þættir sem skipta þessar greinar máli. Settir eru meiri peningar en áður í þarfir sem snúa að einstaklingum s.s. klæðnað, skófatnað, skartgripir o.fl. Varðandi fata- og skógerð snýst þetta um vísindi og rannsóknir ásamt handverkinu.

Hreiðurgerðin

Allar greinarnar sem falla undir þennan iðngreinaflokk búa við þann veruleika sem lýst er hér að framan þó svo að hver þáttur hafi að sjálfsögðu mismunandi mikið vægi eftir greinum – enda um að ræða mikla fjölbreytni í störfum og mismunandi aðstæður í greinum innan flokksins. Oft fer það eftir „hreiðurgerðinni“ hjá hverjum og einum fagmanni í þessum iðngreinum að hverju hann einbeitir sér og hverju hann fær áorkað. Eftirfarandi dæmi gefa vísbendingar um fjölbreytileika aðstæðna og starfsþátta:

?? sveinn

?? meistari

?? hönnuður

?? markaðsfræðingur

?? rannsókn- og uppfinningastörf

?? tækni- og vísindastörf

?? frumkvöðull

- ?? stjórnandi
- ?? einyrki í fullri vinnu og rekur fyrirtæki
- ?? einyrki sem rekur lítið fyrirtæki (viðgerðir og sérsmíði) en vinnur fulla vinnu á öðrum stað
- ?? einyrki sem stundar handverk sem áhugamál og selur í galleríum og túristabúðum auk þess að stunda fulla vinnu
- ?? rekur fyrirtæki með fleiri eða færri starfsmenn í vinnu
- ?? rekur fyrirtæki þar sem aðeins er framleitt eftir pöntunum, sjálfstætt eða sem hluta af öðru teymi, t.d. innan húsasmíðinnar
- ?? fyrirtæki sem eingöngu stundar viðgerðaþjónustu
- ?? fyrirtæki með viðgerðaþjónustu og verslun,
- ?? fyrirtæki með viðgerðaþjónustu
- ?? fyrirtæki með nýsmíði og verslun
- ?? fyrirtæki eingöngu með nýsmíði
- ?? fyrirtæki eingöngu með verslun
- ?? vinnur hjá öðrum sem almennur starfsmaður eða sem sérhæfður starfsmaður á ákveðnu sviði
- ?? vinnur hjá öðrum sem verkstjóri/deildarstjóri
- ?? vinnur hjá öðrum sem ráðgjafi
- ?? vinnur hjá öðrum í verslun o.s.frv.

Þróun starfssviða í átt til framhaldsmenntunar

Þar sem þessar greinar eru í raun ekki bundnar neinum landamærum er mögulegt að sjá fyrir sér stærra svæði en Ísland þegar horft er á þróun starfssviðs í greinunum og er þá sérstaklega átt við markaðssetningu vöru og framleiðsluferlis. Því er mikilvægt að gefa gaum þeim möguleika að þróa háskólanám í þessum greinum (að loknu viðbótarnámi til stúdentsprófs eftir sveinspróf eða annað lokapróf í tiltekinni grein) hér á landi tengt markaðs- og rekstarfræði, véla-, tækni- og tölvufræðigreinum, kennsluréttindanámi, auk náms í hönnunargreinum við Listaháskóla Íslands.

Nýjar áherslur í námi

Viðbætur, breytingar og auknar áherslur í námi til sveinsprófs ættu því að miðast að nokkru leyti við fyrrnefnda möguleika þ.e. markaðsfræði, þjónustu og samskiptagreinar, rekstarfræði, tölvunotkun, þ.e. almenna notkun í tengslum við fyrirtæki, rekstur og verslun svo og sérhæfða notkun á fagsviðinu, teiknivinnu (fríhendis-, grunn-, flatar- o.fl.), lita- og formfræði, listasögu greinar, stærðfræði og tungumál greinar, véla-, tækni- og fagmál greinar.

Markaðurinn segir til sín

Minnka og/eða breyta þarf vægi starfspáttu sem í raun eru farnir að flokkast undir láglaunastörf – ekki eru margir möguleikar á að breyta launastefnunni – hér verður að horfa á staðreyndir – margar þjóðir aðrar en Íslendingar hafa í stórf framleiðslu (t.d. fataframleiðslu) „flutt út“ hin svokölluðu láglaunastörf til landa sem hafa ennþá fjölda einstaklinga sem kæra sig um að vinna slík störf. Þetta er gert í þeim tilgangi að standast samkeppni, minnka framleiðslukostnað og auka umsvif.

Nýir möguleikar

Ekki má gleyma að við þetta skapast ný störf þ.e. ýmiss fjölþættari sérsvið sem áður tilheyrðu einu og sama starfinu/náminu, framleiðsluferlið heima fyrir verður betur skilgreint og fleiri koma að ferlinu en áður, samvinna eykst og skarpari sýn fæst á markaðinn. Því fleiri sem koma að verkinu, því fullmótaðra verður hugmynda- og vinnsluferlið sem helst er fólgið í því að fleiri kunnáttusvið hafa mótast við breytingarnar (útflutning á láglau nastörfum framleiðsluferlisins) og meiri virðing er borin fyrir þætti hvers og eins í vinnsluferlinu – sérstaklega á þetta við um fataiðnaðinn – námið og undirbúningurinn í þessari grein hefur einnig verið aukinn, áherslum breytt og fjölbreytni aukin, gott dæmi um það er þróunin í Danmörku.

2 Vinnuferli við námskrárvinnu

2.1 Námskrárvinna

Með þeirri upplýsingaöflun sem fram fór í tengslum við þetta verkefni var náð athygli fagfólks í greinunum og því fyrsta skrefið stigið til að virkja það til áframhaldandi námskrárvinnu – reynt var að sýna faggreinaaðilum og/eða talsmönnum þeirra fram á hvaða alvara liggur á bak við þá nauðsynlegu námskrárvinnu sem framundan er.

Næsta skrefið í ferlinu er að koma á vinnuhópi kringum námskrárvinnuna með fyrrgreindum aðilum.

Mikilvægt að halda í þá spotta sem þegar er búið að draga í – að fá verkhyggið fólk sem hefur lagt mikið á sig til þess að öðlast mikla færni í sinni grein til að „setjast“ niður og tjá kunnáttu sína, hugmyndir og markmið niður á „blað“. En slíkt getur verið mikið mál og að auki er ekki öllum gefið að koma orðum og hugsunum sínum í texta – flestir eru óvanir slíkum vinnubrögðum – í heimi iðngreina gilda aðrar viðmiðanir en í almennum bóklegum greinum um vinnubrögð og gildi og mikilvægi hluta. Hlutir í þessum heimi eru sýnilegir og áþreifanlegir – ekki skilgreindir í orðum og faldir inni í „bók“. Vegna þessa þarf að skapa aðilum þessum tækifæri til þess að koma orðum og hugmyndum sínum niður á blað þ.e. í því „akademíska“ umhverfi sem ráðuneytið krefst af þeim – þetta er best gert með hæfum aðila sem hefur innsýn í greinarnar og getur komið saman texta á því formi sem krafist er.

Vinnan þarf að fara fram á fundum og í hópum eftir fyrirfram ákveðnum ramma – mikilvægt er að unnið sé hratt, hóparnir hittist nægilega oft og unnið sé úr upplýsingum eftir hvern fund (þ.e. sérfræðiaðstoðin) – vel skilgreind heimaverkefni séu sett fram fyrir hvern fund sem faggreinafólkið vinnur og skilar tilbúnum til umfjöllunar á næsta fundi – síðan koll af kalli.

?? Byrja þarf að gera grein fyrir flokkun iðngreina undir titlinum hönnun – listir – handverk.

?? Sett verði saman tillaga að sameiginlegum þræði greinanna þ.e. grunnkynningarnámi og innihaldi þess náms.

?? Haft verði samráð við þá aðila sem koma að þessum iðngreinum og þeir kallaðir til, þ.e.:

- ~~Þeir~~ þeir sem kenna greinarnar í skóla og þeir sem eru í fræðslunefndum fagfélaga í gull- og silfursmíði, kjólasaumi og klæðskurði og söðlasmíði
- ~~Þeir~~ þeir sem hafa kennt eða eru í sveinsprófsnefndum í skósmíði og steinsmíði
- ~~Þeir~~ þeir sem eru meistara í feldskurði, hattasaumi, glerslípun og speglagerð, leturgreftri, hljóðfærasmíði (fiðlusmíði, píanó- og orgelsmíði, gítarsmíði, blásturshljóðfærasmíði) og úrsmíði.

?? Taka þarf mið af hliðstæðu námi erlendis (á Norðurlöndum) að teknu tilliti til íslenskra aðstæðna og vinnumarkaðar, t.d. með því að fagaðilar finni norræna „samanburðarskóla“ sem þeir telja raunhæft að miða við.

Eftirtalda þætti ber að skilgreina við námskrárvinnu og gera tillögur um:

- ?? nýbreytni og innihald sameiginlegs grunn-kynningarnáms bæði verklegt og bóklegt sem þessar greinar eiga sameiginlegt og geta komið sér saman um
- ?? nýbreytni og innihald sérhæfðs viðbótarnáms (hjá þeim greinum sem við á)
- ?? endurskoðun og áherslubreytingar á almennum bóklegum hluta í sérhæfðu námi til sveinsprófs
- ?? endurskoðun og áherslubreytingar á innihaldi bóklegs og verklegs sérnáms í skóla til sveinsprófs
- ?? færnikröfur verklegs náms í skóla
- ?? færnikröfur vinnustaðanáms/starfsþjálfunar og umsjón með námi/þjálfun á vinnustað
- ?? möguleikar á að nemandi hljóti þjálfun á fleiri en einum stað til þess að uppfylla færnikröfur til sveinsprófs
- ?? hvernig þróa beri eftirlit með námi samkvæmt námskrá í skóla og á vinnustað
- ?? hvernig bæta megi þjálfun leiðbeinenda sem taka nema í þjálfun/kennslu
- ?? hæfnikröfur til sveinsprófs
- ?? innihald sveinsprófa í viðkomandi iðngrein
- ?? störf sveinsprófsnefnda, sjá reglur um framkvæmd sveinsprófa og störf sveinsprófnefnda, drög 04.06. 1999
- ?? varðveislu gagna – hvar beri að varðveita gögn er varða færnikröfur og sveinspróf
- ?? þörf og skort á námsefni
- ?? hvað fólgið sé í löggildingunni og hvaða réttindi og skyldur hún hafi í för með sér
- ?? umfang/lengd náms og hvort þörf sé á að stytta iðnnám til sveinsprófs
- ?? hvort möguleiki sé á að þróa eða gera samning við einstaka aðila, þ.e. að eitthvert sérstakt fyrirtæki sjái um vinnustaðakennslu og fái að þróast sem slíkt
- ?? hvort möguleiki sé á að færa hluta af vinnustaðþjálfun inn í skólann t.d. hvað varðar hræfnisfræði, þjónustulipurð, vinnusemi o.fl.
- ?? endurskoða meistaranámið/-skólann þ.e. hvort slíkt nám henti þessum iðngreinum
- ?? aðrir möguleikar til framhaldsmenntunar eftir sveinspróf (+ viðbótarnám til stúdentsprófs) s.s. markaðs- og rekstarfræði, véla-, tækni- og tölvufræði, kennsluréttindanáms auk hönnunargreina í listaháskóla
- ?? endurmenntun kennara í skóla og leiðbeinenda í vinnustaðþjálfun
- ?? skilgreina ýmis hugtök í þessum greinum þ.e. hönnun fyrir framleiðslu, sérhæfð/einstök hönnun, nýsmíði, listir, handverk, föndur.

2.2 Grunn-kynningarnám

Í grunn-kynningarnáminu væri boðið upp verklega og bóklega þætti sem koma inn á svið þessara greina, starfskynningu í greinunum auk einfaldrar verklegar þjálfunar s.s.:

- ?? líta- og formfræði
- ?? fríhendisteikningu
- ?? grunnteikningu
- ?? sniðteikningu
- ?? hugmyndavinnu og nýsköpun

?? lista-, stíl- og iðnsögu
?? hráefnisfræði greina (bóklega og verklega)
?? tækni-, véla-, og tölvufræði (sameiginlegt tölvuver)
?? neytenda-, þjónustu- og samskiptagreinar
?? markaðs- og rekstrarfræði (vöruþróun)
?? líkams- og vinnustaðafræði
?? kynningar/fyrirlestra frá iðngreinum í þessum iðngreinaflokki
?? vettvangsheimsóknir

?? starfskynningu í a.m.k. þremur iðngreinum hvora önn t.d. 1-2 vikur eða starfskynningu á þremur greinum á haustönn og síðan „léttu“ verklega áfanga í tveimur iðngreinum á vorönn

?? almennar bóklegar greinar t.d. íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku o.fl.

Í áframhaldandi námi væri lögð enn frekari áhersla á þessar greinar þ.e. innan hvernar iðngreinar og þá sérstaklega með áherslu á markaðs- og rekstrarfræði, efnisfræði, hugmyndavinnu og nýsköpun.

Námið í heild sinni gæti lítið þannig út:

1. þrep

Menntun: Grunn-kynningarnám í tvær annir.

Atvinnulífið: Verslunarstörf – afgreiðsla eða þjónustustörf – aðstoðarstarf.

2. þrep

Menntun: Áframhaldandi nám til viðbótar við grunn-kynningarnám (þ.e. í þeim greinum sem geta komið því við).

Atvinnulífið: Viðbótarnám gæfi réttindi til að vinna við vélavinnu ýmiss konar, léttu viðgerðarþjónustu, sérhæfð störf, innkaupastjórn o.fl. (þ.e. í þeim greinum sem geta komið því við).

3. þrep

Menntun: Áframhaldandi nám til sveinsprófs í löggiltum iðngreinum (erlendis í þeim greinum sem ekki hafa möguleika héraðs – allavega eins og er).

Atvinnulífið: Skilgreind störf sem krefjast sveinsprófs t.d. stjórnunarstörf.

Framhaldsmenntun eftir sveinspróf: Meistaránám ?

Framhaldsmenntun eftir sveinspróf (+ viðbótarnám til stúdentsprófs ef þörf er á): Framhaldsnám í markaðs- og viðskiptagreinum, véla-, tækni- og tölvureinum, hönnunarnám við Listaháskóla Íslands svo og kennsluréttindánám.

Aðrir þættir sem ber að skilgreina:

Námsefnisþörf

Brýnt er að skilgreina þörf og framboð námsefnis í hverri grein fyrir sig og setja fram tillögur um úrbætur á hugsanlegum skorti á námsgögnum, t.d. að benda á bækur sem eru aðgengilegar til þýðingar, námsefni sem þarf að semja frá grunni eða eldra

námsefni sem þarf að umsemja eða lagfæra. Einnig þarf að kynna styrki til námsefnisgerðar sem standa til boða.

Fyrirmyndir og tengsl erlendis

Ekki er hægt að bjóða fram nám til sveinsprófs í öllum þessum greinum hérlendis. Nokkrar þeirra þarf að nema erlendis vegna fámennis í greinunum sem í raun er eðli sumra þeirra (þ.e. fámennið). Hér er m.a. átt við hattasaum, feldskurð, hljóðfærasmíði, steinsmíði, glerslípun og speglagerð, úrsmíði og leturgröft (hér eru taldar upp þær greinar sem hafa ekki skilað nemendum í nokkuð mörg ár). Sá möguleiki er fyrir hendi að koma á tengslum við skóla erlendis sem nemendur gætu stundað nám við í, auk þess að sækja þangað fyrirmyndir vegna námskrárvinnu. Æskilegt væri að með tíð og tíma verði hægt að bjóða fram heilsteyppt nám hér á landi í þessum greinum. Þeim möguleika verður að halda opnum og því þarf að vera til námskrá fyrir bóklegt og verklegt nám til sveinsprófs. Nemendur sem læra sína iðn erlendis ættu að geta fengið verklega þjálfun til sveinsprófs að einhverju eða öllu leyti í íslenskum iðnfyrirtækjum á viðkomandi sviði og því mikilvægt að til séu skilgreindar færniröfur fyrir verklega hluta námsins. Flestir talsmenn þessara greina eru meðvitaðir um til hvaða landa og stofnanna er best að sækja fyrirmyndir en benda á að laga þurfi þær að íslenskum aðstæðum.

Aðrir möguleikar og skilgreiningar

Einnig er hér vert að huga að því, eins og komið hefur fram í viðtölum, að vissar fámennar iðngreinar innan þessa iðngreinaflokks eru ekki endilega „rétt flokkaðar“. Má þar nefna glerslípun og speglagerð og steinsmíði sem á vinnumarkaðnum í dag eru tengdari byggingariðnaði og að hluta til húsgagnasmíði – hættar að vera handverksgreinar samkvæmt eldri merkingu en flokkast nú frekar með listið/hönnun. Framleiðslan er orðin vélvædd og hluti af stærri keðju sem tengist húsasmíði og útlitshönnun innanhúss og utan. Mikilvægt er því að koma þessum greinum inn í nám í húsasmíði sem t.d. „föstum“ valáföngum.

Hljóðfærasmíðin er að mörgu leiti sérstæð grein fyrir þær sakir að innan hennar eru margar sérhæfðar greinar og er því heitið hljóðfærasmíður mjög villandi – fiðlusmíður er langt sérhæft nám sömuleiðis gítarsmíður, orgelsmíður, blásturshljóðfærasmíður og píanóstillari. Störfin geta verið fólgin í nýsmíði, viðgerðum, kaupum og sölu. Einnig krefst greinin nokkurrar tónlistarkunnáttu og tengist í vissum tilvikum húsgagnagerð. Því væri hægt að sjá fyrir sér „fastan“ áfanga í húsgagnasmíðanámi sem sneri að möguleikum innan hljóðfærasmíðinnar og sem nemendur í tónlistarnámi gætu valið – nemendur í framhaldsskólum hafa möguleika á að sækja áfanga í öðrum skólum sem ekki er í boði í þeim skóla sem þeir stunda nám við.

Hattasaumur, leðuriðja og feldskurður eru greinar sem geta komið inn í nám í fataiðngreinum og skósmíði og því mikilvægt að þær greinar séu boðnar sem „fastir“ áfangar innan þessara iðngreina.

Leturgröftur er grein sem mögulegt er að tengja námi í gull- og silfursmíði en ætti þó aðeins að bjóða sem kynningaráfanga. Leturgröftur er sérhæft, langt nám sem því miður er að deyja út en síðustu ár hefur greininni verið veitt athygli vegna fárra kunnáttuaðila í greininni. Í gull- og silfursmíði er einnig mikilvægt að bjóða upp á ýmsa „valáfanga“ á sérhæfðum sviðum innan greinarinnar, auk þess er möguleiki og áhugi fyrir að bjóða fram valáfanga í t.d. rennismíði, útskurði og rafsudu svo eitthvað sé nefnt.

Fjölmennari greinarnar geta haft sömu möguleika en boðið jafnframt upp á valáfanga sem eingöngu eru sniðnir til þess að auðvelda fólki að fara á milli greina innbyrðis í iðngreinaflokknum eða á milli „skyldra greina” t.d. skósmíði í fataiðngreinar og öfugt, söðlasníði og skósmíði, gull- og silfursníði og fataiðngreinar o.s.frv.

Breyttar áherslur í fataiðngreinum

Í fataiðngreinum er áhersla lögð á að leggja meiri rækt við sérhæfða tölvukunnáttu, fjölbreyttara vinnuferli, markaðsfræði, úskuteikningu, efnisfræði, fagsögu, starfsþjálfun í atvinnulífinu og með því reynt að skapa fjölbreytta reynslu. Einnig ber að gefa möguleika á föstum áföngum í feldskurði og hattasaumi. Enn fremur er mikilvægt að skapa möguleika á fjölbreyttum valáföngum innan fataiðngreinarinnar sem gefa innsýn inn í ólíkar greinar tengdar þessu sviði og gætu verið í boði í formi fyrirlestra eða stuttra námskeiða t.d. í gluggatjaldasaumi, silkimálun, þrykki, útsaumi, töskugerð, hugmyndavinnu ýmiss konar, dýpri efnisfræði, sérhæfðri fatasögu, búningagerð, skóvinnslu og leðurvinnu svo eitthvað sé nefnt.

Mestu umbreytingarnar eru í fataiðngreinunum enda stærsta greinin innan þessa iðngreinaflokks, fámennari iðngreinar í flokknum hafa handverkið að leiðarljósi og er það oft uppistaðan í þeim greinum.

Athugasemdir við núverandi nám í fataiðninni beinast fyrst og fremst að því að námið sé ekki í samhengi við raunveruleikann í atvinnulífinu, of mikil fastheldni sé í áherslum á einstaka færniþætti, of lítil fjölbreytni í vali viðfangsefna og ónóg þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum. Einnig hefur verið bent á að þjálfun skorti í tölvunotkun innan fagsins, en tölvur eru mikið notaðar í atvinnulífinu við útfærslu hugmynda, sniðteikningu o.fl. Þá hefur færst í aukana (og á það reyndar við allar greinarnar) að vöru sé komið á framfæri í gegnum netið eða sýndarveruleika. Í nánustu framtíð þarf námið að fá að þróast á opinn hátt í þessa átt, en varast verður að sú þróun verði á kostnað handverksins.

Handverk - tölvur - hönnun

Góð kunnáttu í handverki er grundvöllur þess að geta tileinkað sér tölvunotkun, það eru fulltrúar allra iðngreinanna sammála um.

Hugtakið hönnun hefur verið mikið á reiki, en þó eru allir á því að mikil aukning hafi orðið á þætti hönnunar í fataiðngreinum, skósmíði, gull- og silfursníði og steinsmíði. Þetta er nokkuð sem þarf að skilgreina betur og koma inn í námið t.d. með meiri tölvukunnáttu. Hönnunin hefur ekki komið í staðinn fyrir neitt annað heldur ber að líta á sem viðbót, útvíkkun og nýyrði yfir nýsmíði og aðra hugmyndavinnu sem áður þótti sjálfsagður hlutur en hafa fengið aðra túlkun í dag og er hugtak sem selur.

Upplýsingar – kynningarefni

Viðmælendur leggja áherslu á að í framhaldinu þurfi að koma öllu því sem að framan greinir til skila í „kynningarformi” eftir ákveðnum ramma- og siðareglum (þ.e. fyrir utan sjálfa námskrána), þar sem sameiginlegir þættir þessara greina eru skilgreindir svo og sérhæfing og sérkenni hverrar greinar fyrir sig. Upplýsingar þurfa að vera aðgengilegar og hæfilega „skreyttar“ á prenti fyrir „hinn almenna borgara”, nemendur og skólafólk til nánari glöggvunar og skilnings – þar mættu einnig koma fram ráðleggingar til námsráðgjafa og kennara í grunn- og framhaldsskólum um hvernig efla megi ímynd þessara greina t.d. með vettvangsheimsóknum, fyrirlestrum eða jafnvel stuttri kynningu eða námskeiði, þemadögum og skipulögðum starfsdögum.

Nánari skilgreining á öðrum þáttum:

Fámennar iðngreinar sem ekki hafa verið kenndar lengi

Útfæra þarf fagáfanga sem boðnir eru innan þessa iðngreinaflokks sem fasta áfanga eða sem valáfanga.

Í sumum tilvikum heyra greinar í þessum flokki undir aðra iðngreinaflokka og ættu því að vera í boði þar sem fastir áfangar. Dæmi: steinsmíði/leturgröftur innan húsasmíði og húsgagnasmíði, hljóðfærasmíði innan húsgagnasmíði (auk nema í tónlistarnámi), glerslípun og speglagerð innan húsasmíði og húsgagnasmíði. Fagáfangar (fámennra iðngreina) innan iðngreina sama iðngreinaflokks sem fastir áfangar, dæmi: feldskurður og hattasaumur innan fataiðngreina; leturgröftur innan gull- og silfursmíði.

Í stærri iðngreinum í flokknum verði búnir til kynningaráfangar sem geta nýst á sameiginlegu sviði greina innan sama iðngreinaflokks t.d. í skósmíði og fataiðngreinum – söðlasmíði, skósmíði og leðuriðngreinum – gull- og silfursmíði og fataiðngreinum. Innihald áfanga gæti verið samvinna á markaði, tískuumfjöllun, hráefnisfræði, hönnun o.fl.

Stefnt skal að aukinni fjölbreytni innan hvernar greinar með ýmsum valáföngum í „sérgreinum” greinanna sem færu t.d. fram í formi fyrirlestra, með heimsóknnum gestakennara eða styttri námskeiðum – dæmi: töskugerð í fataiðngrein og skósmíði, silkimálun í fataiðngrein, sérstæðar vinnuáðferðir í gull- og silfursmíði – eitthvað sem greinarnar geta ráðstafað frá önn til annar.

Sameiginlegur kynningarbæklingur fyrir iðngreinar í flokknum Hönnun – listir – handverk:

Innihald: Menntunarskilyrði, fjölbreytni starfa, kynning á faggreinafélögum og hagsmunasamtökum, kynning á stofnunum sem koma að þessum iðngreinum og almennt o.s.frv.

Kynningarbæklingur fyrir hverja iðngrein:

Innihald: Markmið og uppsetning náms – grunn/kynningarnám – viðbótarnám – sveinspróf – iðnnám á verknámsbraut – samningsbundið iðnnám – námslengd – skipting náms milli skóla og vinnustaðar (miðað við tímalengd), innihald náms, nánari lýsing á innihaldi náms s.s.:

?? áfangalýsingar fyrir hvern áfanga

?? áfangamarkmið fyrir hvern áfanga

?? nemendamiðaðar hæfni/færnikröfur

?? færnikröfur í vinnustaðþjálfun í skóla - vinnustað

?? færnikröfur til sveinsprófa

?? framkvæmd sveinsprófa

?? fjölbreytni starfa og starfsskilyrði t.d. Starfslýsingar II og III annar bæklingur um færnikröfur starfa t.d. Starfslýsingar II - sérgreinar í iðnaði og þjónustu - Gerður Óskarsdóttir.

?? möguleikar á framhaldsmenntun

?? faggreinafélög, hagsmunasamtök, stofnanir, styrkir o.fl.

3 Innihald og staða iðngreina

3.1 Samsettar upplýsingar

Upplýsingar sem fjallað er um í þessum kafla eru settar fram í samræmi við listana hér að neðan. Í þessu verkefni var ákveðið að skoða ekki myndskurð en leggja höfuðáherslu á stærstu iðngreinarnar og var unnið út frá því. Í bytjun var lögð áhersla á að skilgreina fataiðngreinar, gull- og silfursmíði, söðlasmíði og skósmíði, þar á eftir fylgdu síðan aðrar iðngreinar.

Um er að ræða tölulegar upplýsingar frá stofnunum og upplýsingar sem komu fram í umræðum og viðtölum með sérstökum spurningum eins og nefnt er hér að framan. Tölulegar upplýsingar, t.d. um fjölda starfsmanna, eru heldur ónákvæmar og erfitt að fá heildstætt yfirlit yfir þessar iðngreinar m.a. vegna þess að aðilar borga í mismunandi stéttarfélög og ekki aðgengilegt að fá slíkar upplýsingar – ekki eru allir meðlimir í faggreinafélögum og hjá Hagstofu Íslands nær flokkun þeirra ekki alltaf þeirri yfirsýn sem þessar greinar spanna. Þær tölulegu upplýsingar sem hér er að finna eru frá Hagstofu Íslands, félagaskrá faggreinafélaganna, talsmönnum fámennara iðngreina, stéttarfélaginu Eflingu, Verslunarmannafélaginu, Verkstjórafélaginu, Menntamálaráðuneytinu, Iðnskólanum í Reykjavík, Handverki og hönnun, Lánasjóði íslenskra námsmanna, Lögreglustjóraembætti Reykjavíkur og Samtökum iðnaðarins.

Innihaldi er raðað eftir neðangreindum lista:

Feldskurður
Glerslípun og speglagerð
Gull- og silfursmíði
Hattasumur
Hljóðfæ rasmíði
Fataiðngreinar – kjólasumur; klæðskeri
Leturgröftur
Skósmíði - skóviðgerðir
Steinsmíði
Söðlasmíði
Úrsmíði

Uppsetning upplýsinga fer eftir eftirfarandi lista:

Hvar kennt:
Námslengd:
Einingafjöldi til sveinsprófs:
Innihald eininga:
Fjöldi nemenda:
Fjöldi sveina:
Einingafjöldi í meistaranámi:
Innihald eininga:
Fjöldi meistara:
Sérsviðslýsing:
Fjöldi starfandi:
Flokkun starfssviða:

Námskrá:

- ?? Almennar bóklegar greinar:
- ?? Bóklegar faggreinar í skóla:
- ?? Verklegar faggreinar í skóla:
- ?? Færnikröfur í vinnustaðþjálfun:
- ?? Hæfnikröfur til sveinsprófs:

Sérstaða greinarinnar:

Staða greinarinnar:

Möguleikar til náms:

Fagfélag:

Innan handverksgreina

3.2 Feldskurður

Hvar kennt: kennt erlendis

Námslengd: námslengd ótilgreind í námskrá og reglugerð frá 1990 og seinni útgáfum

Einingafjöldi: ekki til í námskrám

Innihald eininga: ekki til í námskrám

Fjöldi nemenda: enginn frá 1980

Fjöldi sveina: engar tölur um fjölda sveina frá 1980; 1-2 með sveinspróf erlendis frá.

Fjöldi meistara: 1-2, 6 frá upphafi (Lögreglustjórinn í Reykjavík)

Sérsviðslýsing: Innihaldslýsing úr eldri námskrá:

Hönnun og gerð fatnaðar og fylgihluta úr hvers kyns loðskinnum ásamt ráðgjöf um hreinsun og meðferð. Ennfremur viðgerðir og breytingar.

Fjöldi starfandi: Við feldskurð starfa 2-3 faglærðir einstaklingar – í heild starfandi 18-20 fyrirtæki með mismunandi áherslum.

Flokkun starfssviða: Feldskurður, hönnun, verkstæði, verslun, viðgerðir, framleiðsla úr loðskinnum sala á skinnnum, sútun og litun loðskinna, leðuriðja.

Námskrá: ekki til nein námskrá

?? Almennar bóklegar greinar: ekki til

?? Bóklegar faggreinar í skóla: ekki til

?? Verklegar faggreinar í skóla: ekki til

?? Færnikröfur í vinnustaðþjálfun: ekki til

?? Hæfnikröfur til sveinsprófs: ekki til

Sérstaða greinarinnar: Iðngreinin krefst mikillar sérhæfingar og hráefnið er dýrt.

Engar verulegar tæknibreytingar hafa orðið í faginu, sem byggir fyrst og fremst á handverksvinnu og góðri kunnáttu í sniðagerð. Feldskurður er fólgin í „að búa til“ hráefnið og vinna síðan úr því – í því er fólgin mikil ábyrgð. Í leðuriðju er aftur á móti verið að vinna úr hráefninu. Vegna fámennis í greininni (ekki stór fyrirtæki) og sérstöðu greinarinnar er allt innifalið þ.e. hönnunarferlið, handverkið og markaðssetningin er samtengt og því mikilvægt að námið nái yfir alla þessa þætti.

Staða greinarinnar: Tvísýn staða, dýr iðnaður, launakostnaður mikill, erfitt að fá þjálfað starfsfólk t.d. til saumastarfa, markaðsmöguleikar góðir og fara vaxandi því hún er ekki bundin af neinum landamærum.

Möguleikar til náms: Feldskurður getur verið sérstakur áfangi innan fataiðngreina hér á landi en þá eingöngu sem grunnkynning á iðngreininni. Mjög mikilvægt að auka þekkingu í markaðs- og rekstarfræði svo og allri hugmyndavinnu, sniðagerð og hönnun vinnuferlis. Varðandi innihald náms til sveinsprófs er best að líta til Danmerkur eða Finnlands – möguleiki er á að taka starfsþjálfunarhluta námsins hér á landi.

Grunn-kynningarnám iðngreina í þessum iðngreinaflokki kemur vel til greina hér á landi þar sem námi í feldskurði væri komið til skila sem möguleika innan iðngreina þó svo að námið fari að öðru leyti fram erlendis. Stutt starfsnám getur einnig verið í tengslum við loðskinnaiðnað almennt eða starfa við saumaskap. Nám í fataiðngrein er einnig góður undirbúningur þó ekki þurfi það endilega að vera í formi sveinsprófs. Löggildingin þykir sjálfsgagt öryggisatriði hvað varðar gæði og vönduð vinnubrögð þó erfitt reynist að halda utan um slíkt vegna fámennis í greininni. Þess vegna er mikilvægt að skapa forsendur til aukinna menntunarskilyrða.

Þeir sem vilja mennta sig og starfa í greininni þurfa að fá góða kynningu eðli hennar, hafa áhuga á handverki og vinnu úr náttúrulegri afurð, vera tilbúnir til að sinna sérhæfðri, einstaklingsbundinni og ábyrgðarfullri hönnun og síðast en ekki síst hafa áhuga á samskiptum og ánægju af að selja vöruna.

Fagfélag: ekki til – talsmenn eru meistarar

Innan handverksgreina eru 15% starfandi í leður-, skinn- og roðvinnu samkvæmt 311 manna úrtaki könnunar á vegum Handverks og hönnunar.

3.3 Glerslípun og speglagerð

Hvar kennt: Iðnskólinn í Reykjavík

Námslengd: námslengd ótilgreind í námskrá og reglugerð frá 1990 og seinni útgáfum

Einingafjöldi: ekki til í námskrám

Innihald eininga: ekki til í námskrám

Fjöldi nemenda: frá 1994 – enginn nemandi

Fjöldi sveina: frá 1980-2001 – 3 lokið sveinsprófi

Einingafjöldi í meistaranámi: ekki til í námskrám

Innihald eininga: ekki til í námskrám

Fjöldi meistara: 2 – frá upphafi 10 (Lögreglustjórinn í Reykjavík)

Sérsviðslýsing: ekki til

Fjöldi starfandi: 2 meistarar og 1 sveinn – 35 fyrirtæki með mismunandi áherslum þó mest vélvæddur iðnaður helst í tengslum við húsagerð.

Flokkun starfssviða: gler, gleriðnaður, glersala, glerslípun, glerslípun og speglagerð/þjónusta, glerverksmiðja, glervinnsla, listgler, sandblásið gler, gleriðja, skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri.

Námskrá: ekki til nein námskrá

?? Almennar bóklegar greinar: ekki til

?? Bóklegar faggreinar í skóla: ekki til

?? Verklegar faggreinar í skóla: ekki til

?? Færnikröfur í vinnustaðþjálfun: ekki til

?? Hæfnikröfur til sveinsprófs: ekki til

Sérstaða greinarinnar: Miklar breytingar í átt til vélvæðingar og tölvustýrðs vélbúnaðar, handverkið hefur þróast og aukist vegna sérpantana sem oft eru háðar tískusveiflum t.d. sandblásið gler. Nýjar forsendur hafa skapast sem tengja greinina við aðrar iðn- og starfsgreinar þ.e. í formi „teymisvinnu” við húsasmíði, húsgagnasmíði, steinsmíði og arkitektúr.

Staða greinarinnar: Mikil vélvæðing sem kallar á breyttar áherslur í námi/þjálfun. Aukning á vinnumarkaði hvað varðar vélrænan þátt starfsins. Ráðnir eru erlendir starfskraftar til glerslípunar, helst frá Póllandi. Spegllagerð er horfin sem iðngrein, hráefni er innflutt og hún lifir helst sem listgrein. Sérþekking í greininni gerir það að verkum að nauðsynlegt er að skapa tengsl t.d. við húsa- og húsgagnasmíði svo og innanhúsa- og byggingaarkitektúr – oft hefur lítil þekking á sviði glers háð þeim sem koma að hönnun stórvirkja eins og bygginga innan sem utan.

Möguleikar til náms: Ekki eru beinar forsendur til þess að boðið sé upp á nám til sveinsprófs eins og stendur, heldur, eins og staðan er nú, fremur sem hluti af grunnkynningarnámi auk styttra starfsnáms. Mikilvægt er að í slíku námi sé lögð áhersla á markaðs- og rekstarfræði, tölvu- og vélnotkun svo og tengingu við aðra iðngreinaflokk. Með þessu er átt við að gefa þurfi greininni möguleika innan grunnkynningarnáms þessa iðngreinaflokks, bjóða fram styttra starfsnám í t.d. tvær annir til viðbótar og halda e.t.v. opnum möguleikum til sveinsprófs með breyttum áherslum. Síðan þyrfti að bjóða fram áfanga í glerslípun og speglagerð fyrir nemendur í öðrum iðngreinum eins og húsasmíði og húsgagnasmíði og skapa þannig möguleika og forsendur til viðhalds kunnáttu og áframhaldandi náms í greininni.

Fagfélag: Ekki til – talsmenn greinarinnar eru meistarar.

Innan handverksgreina eru 9% starfandi í glervinnu samkvæmt 311 manna úrtaki könnunar á vegum Handverks og hönnunar.

3.4 Gull- og silfursmíði

Hvar kennt: Iðnskólinn í Reykjavík

Námslengd: 4 ár, samningsbundið iðnnám, sem fer að mestu leyti fram á vinnustað, námstími í skóla er 3 annir.

Einingafjöldi til sveinsprófs: 62 einingar samtals

Innihald eininga:

Almennar bóklegar greinar – 25 einingar

Bóklegar faggreinar – 13 einingar

Verklegar faggreinar – 21 einingar

Ípróttir – 3 einingar

Fjöldi nemenda: vorönn 2001 – 2 nemendur

Fjöldi sveina: frá 1980-2001 – 52 lokið sveinsprófi (+ einhverjir með sveinspróf erlendis frá)

Einingafjöldi í meistaranámi: 26

Innihald eininga:

Almennt bóknám – 10 einingar

Stjórnun/rekstur – 16 einingar

Fjöldi meistara: frá upphafi 81 (Lögreglustjórinn í Reykjavík)

Sérsviðslýsing: Innihaldslýsing úr eldri námskrá og Starfslýsingar II – Gerður Óskarsdóttir¹: Gull- og silfursmiður annast hönnun, smíði, breytingar og viðgerð skartgripa, listmuna og nytjahluta, svo sem borðbúnaðar úr góðmálmum og öðrum helstu málmum sem notaðir eru í slíka muni. Áletrar skartgripa og silfurbúnað í vél eða með handverkfærum. Sérhæfir sig í víravirki, þjóðlegum skartgripum, kirkjumunum o.fl.

Fjöldi starfandi: 34 fyrirtæki skráð hjá fagfélagi og 51 skráður félagsmaður; samkvæmt Hagstofu Íslands eru skráð rúmlega 80 fyrirtæki, þar af 50 einyrkjar.

Flokkun starfssviða: Gull- og silfurvinnustofa/verkstæði, gull- og silfurverslun, gull- og silfurhúðun, gullsmiðja, gullsmiðastofa, módelismiði, leturgröftur, minjagripir, verðlaunagripir, nýsmíði, skrautgripir, framleiðsla, gullsmíði, gullsmiður, gull- og silfursmíði, skart, skartgripaverslanir, skartgripaviðgerðir, skartgripir, skartmunasmíði, gull, djásn, skartgripasmíði og önnur ótalin gull- og silfursmíði

Námskrá: er til en þarf að endurskoða

?? Almennar bóklegar greinar: er til í eldri námskrá

?? Bóklegar faggreinar í skóla: er til en þarf að endurskoða - breyttar áherslur, nýjar greinar

?? Verklegar faggreinar í skóla: er til en þarf að endurskoða - breyttar áherslur, nýjar greinar

?? Færnikröfur í vinnustaðþjálfun: ekki til

?? Hæfnikröfur til sveinsprófs: ekki til

Sérstaða greinarinnar: Gull- og silfursmíði er að miklum hluta einyrkjavinna sem fólgin er í sérhæfingu af ýmsu tagi. Hönnunarþátturinn eða nýsmíðin hefur mikið vægi í greininni. Mikil fagmennska og listsköpun fylgir greininni. Oft rótgróin iðngrein innan fjölskyldna. Gull- og silfursmíði er grein sem er í mikilli snertingu við manneskjuna, ýmsar persónulegar athafnir er snerta tilfinningabönd og skreytipörf eða viðhöfn, afrek og viðurkenningar. Verðgildi hráefnis er þar stór þáttur, handverk, nýsmíði og hönnun.

Staða greinarinnar: Mikil sókn hefur verið í greinina undanfarin ár. Iðngreinin er samningsbundin sem gerir það að verkum að færri komast að en vilja. Skiptar skoðanir hafa verið um áherslubreytingar í náminu, hvort halda eigi jafnvægi á markaði og takmarka fjölda eða hleypa fleiri einstaklingum að og láta slag standa. Greinin er afar viðkvæm fyrir samkeppni. Sveinar og meistara stofna jafnan fyrirtæki eftir nám. Iðngreinin ber mikinn keim af fjölskyldutengslum, þó borið hafi á breytingum undanfarin ár.

Möguleikar til náms: Til viðbótar við námsmöguleika hér á landi er hægt að nema gull- og silfursmíði til sveinsprófs erlendis. Erlenndis er algengt að verklegt nám í greininni fari mestmegnis fram í skóla – ekki eru allir sammála um að slíkt fyrirkomulag gefi rétta mynd af greininni. Eins og áður segir eru skiptar skoðanir um áherslubreytingar í náminu.

Gull- og silfursmiður fylgir jafnan hönnunarferlinu frá hugmynd að fullunnu verki og myndar oft á tíðum persónuleg tengsl við viðskiptavini sína. Að þessu leyti er ekki

¹ Starfslýsingar II – sérgreinar í iðnaði og þjónustu bls. 35 (Ritstjóri Gerður G. Óskarsdóttir – gefið út í samvinnu við Félagsvísindastofnun H.Í – einnig eru að koma út á næstunni Starfslýsingar III, aðallega um ófaglærð störf).

þörf á að greina námið enn frekar niður en gert hefur verið. Þó gæti grunnkynningarnám gefið möguleika á að þróa námið í greininni enn frekar hvað varðar nýsmíði, vörubrúun o.fl. auk þess að skapa aðrar forsendur fyrir sérnámi. Slíkt grunnnám gæti búið fólk undir að vinna við verslun, þjónustu og aðstoð í greininni. Einnig gæti komið til greina að bjóða fram stutt starfsnám í framhaldi af grunnnámi, t.d. í tvær annir, en slíkt gæti veikt stöðuna varðandi löggildingu greinarinnar. Þess vegna er æskilegt að nemandi verði sér úti um samning hjá meistara eftir grunnnámið og ljúki sveinsprófi. Framhaldsnám í Listaháskóla Íslands er talið nauðsynlegt til þess að þróa hönnunarþátt iðngreinarinnar enn frekar.

Fagfélag: Félag íslenskra gullsmiða – hefur aðsetur hjá Samtökum iðnaðarins, Hallveigarstíg 1 – í félaginu er starfrækt fræðslunefnd sem hefur undanfarið verið að endurskoða fyrirkomulag náms í gull- og silfursmíði.

3.5 Hattasaumur

Hvar kennt: Hattasaumur var áður fyrr kenndur við Iðnskólann í Reykjavík. Hægt að komast í iðnnám erlendis, t.d. í Danmörku. Einnig möguleiki að nema hattasaum innan fata- eða búningahönnunar í skólum erlendis

Námslengd: námslengd ótilgreind í námskrá og reglugerð frá 1990 og seinni útgáfum

Einingafjöldi: ekki til í námskrám

Innihald eininga: ekki til í námskrám

Fjöldi nemenda: enginn

Fjöldi sveina: nokkrir eldri einstaklingar með sveinspróf sem starfa ekki lengur við iðngreinina; vitað um einn nema í námi í Danmörku

Fjöldi meistara: 32 frá upphafi (Lögreglustjórinn í Reykjavík)

Sérsviðslýsing: ekki til

Fjöldi starfandi: 2 starfandi – eru ekki með sveinspróf en hafa sveinspróf í fataiðngrein – lærðu erlendis – starfa við leikbúningahönnun, heildsölu sem flytur inn efni fyrir hattagerð, sérhæfðri hönnun fyrir fyrirtæki, námskeiðahald.

Flokkun starfssviða: Hattabúð/verslun, hönnun og sérsaumur á höttum fyrir starfsstéttir, hönnun og saumur hatta og búninga, viðgerðir, verslun með fylgihlutum fatnaðar o.fl.

Námskrá: ekki til nein námskrá

?? Almennar bóklegar greinar: ekki til

?? Bóklegar faggreinar í skóla: ekki til

?? Verklegar faggreinar í skóla: ekki til

?? Færnikröfur í vinnustaðþjálfun: ekki til

?? Hæfnikröfur til sveinsprófs: ekki til

Sérstaða greinarinnar: Hattasaumur var hefðbundin iðngrein. Breyttir tímar kalla á ný hráefni, hraðari og tæknivæddari vinnubrögð. Erlendis er hægt að læra iðngreinina, en hún er þó einnig sem hluti af öðru námi í hönnun, þ.e. búninga- og fatahönnun. Tilheyrir meira sérhönnun á einstaklinga hér á landi. Hattanotkun er háð árstíða-, viðhafna- og tískusveiflum. Hattar, töskur, hanskar og skór eru og verða alltaf hluti af „heildarklæðnaði“ manneskjunnar við ýmis tækifæri og ætti því hattagerð að vera á einhvern hátt undir sama hatti og fataiðngreinar.

Staða greinarinnar: Sérstakar hattabúðir voru vinsælar hér áður fyrr og að láta sérsauma á sig hatt í stíl við klæðnað þótti og þykir glæsilegt og mikil prýði. Greinin er háð eins og áður er sagt, árstíða-, viðhafna- og tískusveiflum, en nauðsynlegt er þó að viðhalda þekkingu og færni í greininni, t.d. þeirra er annast búninga- og hattahönnun í leikhúsum svo og hönnun og sérsaum á höttum sem fylgja einkennisbúningum einstakra starfsstétta eða viðhafnarklæðnaði fyrimanna/-kvenna þjóðarinnar. Einnig að hluta til við gerð þjóðbúninga og brúðarkjóra og síðast en ekki síst sem listgrein og hluta af hönnun ýmiss konar klæðnaðar auk viðgerða og viðhalds.

Möguleikar til náms: Eins og áður var sagt var greinin kennd í Iðnskólanum í Reykjavík, en ekki lengur. Hvað sem því líður er þörf fyrir að viðhalda þekkingunni á einhvern hátt eins og áður er rökstutt. Greinin sem hluti af grunn- kynningarnámi þessa iðngreinaflokks getur verið góð lausn. Einnig er mikilvægt að bjóða fastan áfanga í hattasaumi í námi til sveinsprófs í fataiðngreinum. Þar ætti að kenna grundvallaratriði hattagerðar og léttan hattasaum. Hugsanlegt er að bjóða slíkan áfanga í vali fyrir nemendur í öðrum iðngreinum í sama flokki t.d. skósmíði, gullsmíði o.s.frv. Þannig væri hægt að leggja ákveðinn grunn að námi í greininni, t.d. erlendis eða í Listaháskóla Íslands, ef þar yrði í boði fjölbreytt nám í fata- og búningahönnun. **Fagfélag:** Ekki til – hattagerðarmenn geta þó verið félagar í fagfélagi fataiðngreina. **Innan handverksgreina** eru nokkrir sem starfa við hattagerð sem handverk samkvæmt 300 manna úrtaki könnunar á vegum Handverks og hönnunar.

3.6 Hljóðfærasmíði

Hvar kennt: erlendis – enginn hefur útskrifast hér samkvæmt tölum frá 1980 – nemendur hafa getað tekið fagnám í húsgagnasmíði sem grunn og sótt nám í sérgreinum til útlanda.

Námslengd: námslengd ótilgreind í námskrá og reglugerð frá 1990 og seinni útgáfum

Einingafjöldi: ekki til í námskrám

Innihald eininga: ekki til í námskrám

Fjöldi nemenda: enginn frá 1980

Fjöldi sveina: 3

Fjöldi meistara: píanósmíðir 3, fiðlusmíðir 2, orgelsmíðir 3, blásturshljóðfærasmíður 1, gítarsmíður 1; 7 frá upphafi (Lögreglustjórinn í Reykjavík)

Sérsviðslýsing: ekki til

Fjöldi starfandi: 12-15 – ekki allir með löggildingu í greininni

Flokkun starfssviða: Hljóðfærasmíði, hljóðfæraviðgerðir, hljóðfæraverslun, hljóðver, hljóðfæraleyga, kaup og sala á hljóðfærum notuðum eða nýjum, fiðlusmíði/viðgerðir, gítarsmíði/viðgerðir, blásturshljóðfærasmíði/viðgerðir, píanóstillingar/viðgerðir og smíði, orgelsmíði/viðgerðir, tónlistarskólar, símfónihljómsveitir, lúðrasveitir, einstaka tónlistarmenn, hljómsveitir, kirkjur, tónlistarhús, forvarsla o.s.frv.

Námskrá: ekki til nein námskrá

?? Almennar bóklegar greinar: ekki til

?? Bóklegar faggreinar í skóla: ekki til

?? Verklegar faggreinar í skóla: ekki til

?? Færnikröfur í vinnustaðþjálfun: ekki til

?? Hæfnikröfur til sveinsprófs: ekki til

Sérstaða greinarinnar: Hljóðfærasmíði stendur ekki sem ein grein heldur er flokkuð niður í sérsvið sem eiga lítið sameiginlegt annað en að um hljóðfæri er að ræða. Um er að ræða sérhæft nám fyrir hvern flokk hljóðfæra og hægt að öðlast sveins- og meistara réttindi í hverjum flokki. Hér á landi er að finna fiðlusmíði, gítarsmíði, blásturshljóðfærasmíði, píanóstillingar og orgelsmíði. Hljóðfærasmíði spannar vítt starfssvið, samanber flokkun starfssviða hér að framan. Þetta er fyrst og fremst handverksgrein, tækninýjungar eru ekki afgerandi. Tónlistaráhugi af einhverju tagi (hafa tóneyra) og hæfileikar á sviði handverks mynda meginforsendur náms í greininni.

Staða greinarinnar: Þörf er á fleira faglærðu fólki á þessu sviði (t.d. 4-5 meistara á höfuðborgarsvæðinu). Merkjja má aukinn áhuga fyrir hljóðfærasmíði hjá ungu fólki. Um er ræða fjölbreytt störf án landamæra og mikla möguleika á starfssviðum. Óæskilegt er að ófaglærðir vinni við fagið vegna mikillar ábyrgðar, sem tengist verðmæti hljóðfæranna og strangra krafna um hljómgæði.

Möguleikar til náms: Mikilvægt að kynna náms- og starfsmöguleika bæði meðal tónlistarnema og iðnnema. Mögulegt er að læra til sveinsprófs erlendis en taka verklegan þátt námsins hér heima. Með sameiginlegu grunn- kynningarnámi hönnunar- og handverksgreina mætti leggja grunn hér heima að námi í hljóðfærasmíði. Einnig mætti skoða sameiginlega þætti hljóðfæra- og húsgagnasmíði og bjóða upp á áfanga í hljóðfærasmíði (einungis grunnþætti, verkfæra- og efnisfræði auk sögu) innan húsgagnasmíðinnar. Auk þess mætti setja upp valáfanga innan þessa iðngreinaflokks sem einnig væri í boði fyrir nemendur í tónlistarnámi (nemendur í framhaldsskólanámi geta notið valáfanga í öðrum skólum). Möguleiki er einnig að bjóða upp á viðbótarnám við grunn-kynningarnámið í píanóstillingum eingöngu.

Fagfélag: Meistarafélag hljóðfærasmíða.

3.7 Fataiðngreinar

Kjólasaumur

Hvar kennt: Iðnskólinn í Reykjavík, óbreytt frá 1977.

Námsslengd: 4 ár - 7 annir í verknámsskóla; 4 mánuðir í vinnustaðþjálfun (1., 3. og 5 námsönn í boði að hausti og 2., 4. og 6. og 7. námsönn í boði að vori).

Einingafjöldi til sveinsprófs: 147

Innihald eininga:

Almennar bóklegar greinar - 25 einingar

Bóklegar faggreinar - 53 einingar

Verklegar faggreinar - 62 einingar

Íþróttir - 7 einingar

Fjöldi nemenda: vorönn 2001 – 40 nemendur; 3 í meistaranámi

Fjöldi sveina: frá 1980 – 121 lokið sveinsprófi

Einingafjöldi í meistaranámi: 43

Innihald eininga:

Almennt bóknám – 12 einingar (þar af 2 val iðngreinar)
Stjórnunar- og rekstrargreinar – 23 einingar (þar af val – 11 einingar)
Faggreinar – 8 einingar

Fjöldi meistara: 151 frá upphafi (Lögreglustjórinn í Reykjavík)

Sérsviðslýsing: Innihaldslýsing úr eldri námskrá auk bæklinga „Vilt þú verða klæðskeri eða kjólasaumari?“:

Gerð innklæðnaðar fyrir konur og börn fyrir mismunandi tækifæri, jafnt til samkvæmisnota sem daglegra. Kjólasaumari er sérhæfður í gerð léttari fatnaðar og vinnur yfirleitt einstaklingsbundna sniðvinnu.

Klæðskurður

Hvar kennt: Iðnskólinn í Reykjavík, óbreytt frá 1977.

Námslengd: 4 ár – 7 annir í verknámsskóla; 4 mánuðir í vinnustaðþjálfun (1., 3. og 5 námsönn í boði að hausti og 2., 4. og 6. og 7. námsönn í boði að vori)

Einingafjöldi til sveinsprófs: Iðnnám á verknámsbraut 151 einingar; samningsbundið iðnnám 151 einingar.

Innihald eininga:

Almennar bóklegar greinar – 25 einingar
Bóklegar faggreinar – 53 einingar
Verklegar faggreinar – 66 einingar
Ípróttir – 7 einingar

Fjöldi nemenda: vorönn 2001 – 7 (verknámsbraut); 1 (samningsbundið iðnnám); 2 í meistaranámi.

Fjöldi sveina: frá 1980 – 92 lokið sveinsprófi

Einingafjöldi til meistaraprófs: 43

Innihald eininga:

Almennt bóknám – 12 einingar (þar af 2 val iðngreinar)
Stjórnunar- og rekstargreinar – 23 einingar (þar af val – 11 einingar)
Faggreinar – 8 einingar

Fjöldi meistara: klæðskurður karla – 87 frá upphafi; klæðskurður kvenna – 62 frá upphafi (Lögreglustjórinn í Reykjavík)

Sérsviðslýsing: Innihaldslýsing samkvæmt eldri námskrá auk bæklinga „Vilt þú verða klæðskeri eða kjólasaumari?“:

Klæðskurður kvenna – gerð útifatnaðar fyrir konur og börn svo sem kápur, dragtir og jakkar úr þykkri efnum.

Klæðskurður karla – gerð karlmannafatnaðar fyrir mismunandi tækifæri. Um er að ræða jakkaföt, „smóking“, kjölföt, staka jakka, buxur, skyrtur og frakka. Klæðskeri er sérhæfður í gerð fatnaðar úr þyngri efnum og vinnur yfirleitt með stöðluð snið.

Sameiginlegt fyrir kjólasaum og klæðskurð karla og kvenna

Fjöldi starfandi: 42 framleiðslufyrirtæki samkvæmt tölum frá Hagstofu (t.d.

Sjóklæðagerðin 66°N, Seglagerðin Ægir, Sautján, Fasa, Hexa, Saumastofa Öryrkjabandalagsins, Alís, Eðalklæði o.fl.); 30 minni saumastofur og einyrkjar kjóla- eða klæðskerameistara + hönnuða á höfuðborgarsvæðinu; 10 -15 minni saumastofur kjóla- og klæðskerameistara + hönnuða utan höfuðborgarsvæðis, samkvæmt tölum frá

Hagstofu, ýmis viðgerðapjónusta. Í Félagi meistara og sveina í fataiðngreinum eru skráðir 90 félagsmenn og 16 fyrirtæki skráðra félaga. Í stéttarfélaginu Eflingu eru skráðir 104 starfsmenn í 20 fyrirtækjum í fata- og vefjariðnaði (ekki nákvæmur listi). Í verkstjórafélagið greiða nokkrir sem eru í yfirmannastöðum. Nokkrir starfsmenn á saumastofum greiða í verslunarmannafélagið, en ekki var hægt að fá tölur yfir það. Auk þess var ekki hægt að fá upplýsingar um það hverjir væru sveinar eða meistarar af þeim sem vinna í fataverslunum.

Flokkun starfsviða: fataverksmiðjur, fataframleiðslufyrirtæki, saumastofur, eigið verkstæði, heildverslun, innkaupastörf, framleiðslustjórn, verkstjórn, teymisvinna við fatahönnun, útfærsla eigin hugmynda, sniðagerð, sniðteikning, stækka og minnka snið, prufusaumur, verklýsingar, þjónusta og ráðgjöf við viðskiptavinum, breytingar og viðgerðir á fatnaði, sérhæfing í t.d. einkennisklæðnaði – yfirstærðum – fatnaði fyrir fatlaða – vinnu- og skjólfatnaði – búningasaumi – brúðarkjólasaumi o.s.frv., fataverslun, fatahreinsun, fataleiga, saumanámskeið, gluggatjaldasaumur, þjóðbúningasaumur, vefnaðarvöruverslanir, ýmis hönnun á fatnaði og sérvörslanir tengdar því.

Starfsviðslýsing: Innihaldslýsing samkvæmt eldri námskrá, bæklingi „Vilt þú verða klæðskeri eða kjólameistari?“ og Starfslýsingar II²:

Faglærðir í fataiðngreinum starfa ýmist við verkstjórn eða faglega umsjón í fataverksmiðjum eða á smærri verkstæðum þar sem m.a. er veitt persónuleg þjónusta samkvæmt óskum viðskiptavinar. Þar geta störfin falið í sér alla vinnu frá hönnun, máltöku og sniðagerð til samsetningar, frágangs og afhendingar svo og framleiðslustjórnun.

Starf fagmanns í fataiðn felur m.a. eftirfarandi í sér:

- ?? hann kaupir inn og hefur á boðstólum efni, snið og annað sem þarf að vera til í birgðum.
- ?? hann ráðleggur viðskiptavinum um efni og snið, útfærir hugmyndir sínar eða viðskiptavina, tekur mál, teiknar, gerir snið og saumar.
- ?? hann starfar við framleiðslustjórnun, verkstjórn eða hefur faglega umsjón í fataverksmiðju eða á stærri saumastofu.
- ?? hann starfar í fataverslun við ráðgjöf og breytingar á tilbúnum fatnaði.
- ?? hann er fær um að vinna allan almennan fatnað, þ.e. sérsaum, málsaum og númerasaum, útfærir einnig snið í samráði við fatahönnuð.
- ?? hann vinnur sérhæfðan fatnað; þjóðbúninga, fatnað í yfirstærðum og fatnað fyrir fatlaða, gerð vinnu- og skjólfatnaðar eða búninga fyrir leikhús eða kvikmyndir.

Námskrá: er til – þarf að endurskoða – þróunarstyrkur hefur verið veittur til þess að endurskoða námið

- ?? Almennar bóklegar greinar: er til
- ?? Bóklegar faggreinar í skóla: er til en þarf að endurskoða
- ?? Verklegar faggreinar í skóla: er til en þarf að endurskoða
- ?? Færnikröfur í vinnustaðahljálfun: ekki til
- ?? Hæfnikröfur til sveinsprófs: ekki til

² Starfslýsingar II – sérgreinar í iðnaði og þjónustu bls. 44 (Ritstjóri Gerður G. Óskarsdóttir - gefið út í samvinnu við Félagsvísindastofnun H.Í.)

Sérstaða greinarinnar: Miklar breytingar hafa orðið í greininni undanfarin ár. Starfssviðin eru flokkuð meira niður en áður, hið hefðbundna saumastarf er unnið af ófaglæðu fólki og flokkast undir láglaunastörf og nú síðustu ár hefur vinnan verið flutt út til landa þar sem laun eru lág. (Eystrasaltsríkin, Pólland o.fl.). Mikill skortur er því á góðum og faglærðum saumakonum (þær eru orðnar eftirsóttar í heiminum), en hvað sem því líður er námið í Iðnskólanum í Reykjavík það kjóla- og klæðskeramiðað og fjölhæft fyrir „kúnnasaum“ að nemandi sem lýkur því námi kærir sig engan veginn um að starfa á saumastofu í virðingarlitlu láglaunastarfi.

Í náminu hefur myndast bil á milli atvinnulífs og náms, sem ekki er hægt að brúa nema með áherslubreytingum. Einnig hefur borið á því að vinna iðnmenntaðra og lærðra hönnuða erlendis frá skarist. Hönnuðir sem læra erlendis hafa mjög misjafnan bakgrunn. Hönnunarnám erlendis getur verið margklofið vegna fjölda sérhæfðra starfssviða í hinum stóra heimi hönnunar og tísku sem við höfum lítið þekkt til. Þar sem greinin á sér engin landamæri og menntuðum hönnuðum hefur fjölgað hér á landi hafa að undanförunu skapast auknir möguleikar fyrir íslenskt fagfólk til að starfa við fataiðn og hönnun erlendis. Þörf er á aukinni þekkingu hvað varðar markaðssetningu, rekstur og vöruþróun. Fataiðnaðurinn er orðinn marktæk stærð í efnahagslífinu og atvinnugreinin viðurkennd sem arðbær.

Sé lítið til Norðurlandanna, t.d. Danmerkur, hefur þróunin verið í þessa átt – láglaunastörfin eru flutt til útlanda vegna hagræðingar og samkeppni á markaði en þess meiri áhersla lögð á að heima fyrir sé mörkuð stefna er varðar innihald, skipulag og ábyrgð í hönnunarvinnu. Þar er um að ræða samvinnu margra er koma að þróun hugmynda í formi teymisvinnu þar sem allir eru jafn mikilvægir hlekkir í keðjunni, vöruþróun og markaðssetningu, hönnun á vinnu- og vinnsluferli og ýmsum stjórnunarstörfum er tengjast meðal annars eftirliti með framkvæmd og vinnslu þess sem unnið er erlendis o.s.frv.

Staða greinarinnar: Sem stendur er hún frekar tvísýn hvað varðar verksmiðjusaumaskap. Framleiðslufyrirtæki eru í kreppu vegna stöðu og samkeppni á alþjóðlegum markaði. Fyrirtæki með sérsaum, svokallaðan „kúnnasaum“, þrífast nokkuð vel og mörg hafa nóg að gera – þó virðist sem skilningi og virðingu fyrir starfinu sé ábótavant þegar kemur að verðlagningu. Margir iðnlærðir snúa sér einnig að öðrum tengdum störfum s.s. innkaupastjórnun, verslunarstörfum, ráðgjöf, námskeiðahaldi o.s.frv., sjá einnig flokkun starfssviða.

Möguleikar til náms: Vandamál sem ber að leysa eru t.d. áherslubreytingar í menntun, þ.e. að skapa aðstæður fyrir þrepaskipt nám, grunnnám sem undirbýr fólk undir einfaldari störf, viðbótarnám sem veitir meiri og sérhæfðari starfsmöguleika og síðan löggilt nám til sveinsprófs sem er nauðsynlegt til stjórnunarstarfa og til að annast sérsaum o.þ.h. Einnig er nauðsynlegt að opna möguleika til framhaldsnáms á háskólastigi í hönnun. Þetta virðist vera framtíðin – störfin þarf að skilgreina upp á nýtt og gefa „nýtt“ innihald. Menntunin þarf að þróast í takt við tímann og vera í stöðugri endurskoðun vegna örrar þróunar í tækni- og tölvuvæðingu. Tölvuvæðing kemur þó aldrei í staðinn fyrir góða grunnmenntun í greininni sem getur að hluta til minnkað vægi handverkstengdra greina. Mikil þörf er á sérhæfðu starfsfólki, t.d. í sniðteikningu (+ tölvu), lestri teikninga (skissur og flatar vinnuteikningar + tölvu), sniðagerð (+ tölvu), módel/prufusami, hönnun vinnsluferlis o.s.frv. Möguleiki er að sjá fyrir sér starfstengt nám áður en kemur að sveinsprófi sem væri skipulagt og framkvæmt í samstarfi við atvinnulífið. Víkka þarf námið og gera sveigjanlegra, t.d.

með því að fá gestakennara og bjóða fram stutt námskeið, kynningar og fyrirlestra þar sem fjallað er um ýmiss sérsvið innan fataiðngreina, s.s. silkimálun, útsaum, töskugerð, ný tölvuforrit o.s.frv. Húsnæðisskortur háir greininni og því mikilvægt að tekið sé á því í áframhaldandi vinnu. Í tölum frá Iðnskólanum í Reykjavík hafa 15 manns lokið meistararéttindum í fataiðngreinum frá 1992, þ.e. frá því að meistaraskólinn tók til starfa.

Fagfélag: Félag meistara og sveina í fataiðn – meðlimir 90.

Innan handverksgreina eru 13% starfandi innan fatasaumsgreina – þrjón (hand- og vélþrjón) um 44%, ullarvinna (spuni, flókagerð) 17%, vefnaður 11%, tauprykk 7%, önnur textílvinna 17% – samkvæmt 311 manna úrtaki könnunar á vegum Handverks og hönnunar.

3.8 Leturgröftur

Hvar kennt: Iðnskólinn í Reykjavík

Námslengd: námslengd ótilgreind í námskrá og reglugerð frá 1990 og seinni útgáfum

Einingafjöldi til sveinsprófs: ekki til í námskrám

Innihald eininga: ekki til í námskrám

Fjöldi nemenda: 1

Fjöldi sveina: 1 – vorönn 2001

Einingafjöldi í meistaranámi: ekki til í námskrám

Innihald eininga: ekki til í námskrám

Fjöldi meistara: 2 frá upphafi (Lögreglustjórinn í Reykjavík)

Sérsviðslýsing: ekki til

Fjöldi starfandi: 2

Flokkun starfssviða: Áletrun ýmissa gripa úr málmum.

Námskrá: ekki til nein námskrá

?? Almennar bóklegar greinar: ekki til

?? Bóklegar faggreinar í skóla: ekki til

?? Verklegar faggreinar í skóla: ekki til

?? Færnikröfur í vinnustaðþjálfun: ekki til

?? Hæfnikröfur til sveinsprófs: ekki til

Sérstaða greinarinnar: Sérhæft nám sem krefst mikillar færni. Grein sem er að deyja út en vaxandi áhugi virðist vera á að viðhalda. Ekki hægt að nema á Norðurlöndum. Hefur fylgt einni fjölskyldu hér á landi.

Staða greinarinnar: Fyrir tíu árum var nóg að gera fyrir einn leturgrafara, nú háir greininni lítil virðing og þekkingarskortur almennings – gera þarf átak til úrbóta. Auka þarf samvinnu milli gull- og silfursmiða og leturgrafara.

Möguleikar til náms: Mögulegt er að viðhalda kynningu og áhuga fyrir greininni með grunn- kynningarnámi og síðan með kynningaráfanga innan gull- og silfursmíði. Efla þarf virðingu fyrir því sérhæfða námi sem liggur á bak við greinina.

Fagfélag: Aðilar eru félagar innan Félags íslenskra gullsmiða.

3.9 Skósmíðaiðn

Skósmíði – Skóviðgerðir

Hvar kennd: Iðnskólinn í Reykjavík

Námslengd: skósmíði 3 ár; skóviðgerðir 3 ár

Einingafjöldi til sveinsprófs: ekki til í námskrám

Innihald eininga: ekki til í námskrám

Fjöldi nemenda: enginn 2000 og 2001

Fjöldi sveina: frá 1980-1999 – 28 lokið sveinsprófi

Einingafjöldi í meistaranámi: 28

Innihald eininga:

Almennt bóknám – 12 einingar (þar af val – 2 einingar)

Stjórnunar- og rekstargreinar – 16 einingar

Fjöldi meistara: 85 frá upphafi (Lögreglustjórinn í Reykjavík)

Sérsviðslýsing: Innihaldslýsing samkvæmt eldri námskrá og Starfslýsingar II³

Skósmíði – hönnun og framleiðsla á öllum algengum skófatnaði í skóverksmiðjum og einkaverkstæðum.

Skóviðgerðir – viðgerð á hvers kyns skófatnaði ásamt ráðgjöf til viðskiptavina til um hreinsun og meðferð.

Bæklunarskósmiður (eftir framhaldsnám) – smíðar skó og stoðtæki, oftast eftir tilvísun læknis, fyrir fólk sem ekki getur notað venjulegan verksmiðjuframleiddan skófatnað.

Fjöldi starfandi: 4 fyrirtæki með framleiðslu á skófatnaði samkvæmt tölum

Hagstofu, 30 fyrirtæki við annan rekstur og 20 fyrirtæki við viðgerðir (ekki nákvæmar tölur).

Flokkun starfssviða: Nýsmíði á skófatnaði, sérsmíði, framleiðsla, viðgerðir (skór, töskur, belti o.fl.), skóvinnustofur, viðgerðarþjónusta, verslunarstörf, ráðgjöf, stoðtækjaframleiðsla, skóverslanir, umboðssala, skóinnflutningur, skóhönnun, sérhæfð verkefni innan leikhúsa, kvikmynda o.fl.

Námskrá: ekki til námskrá fyrir iðnnám til sveinsprófs

?? Almennar bóklegar greinar: ekki til

?? Bóklegar faggreinar í skóla: ekki til

?? Verklegar faggreinar í skóla: ekki til

?? Færnikröfur í vinnustaðarþjálfun: ekki til

?? Hæfnikröfur til sveinsprófs: ekki til

Námskrá fyrir iðnsveina til meistaraprófs: er til

Sérstaða greinarinnar: Skósmíði þ.e. nýsmíði er á miklu undanhaldi nema þá erlendis í ýmiss konar skóhönnun og rannsóknarvinnu þar sem markaðurinn er nær óendanlegur. Í heimi hönnunar og markaðssetningar eru engin landamæri og því ætti greinin hérlendis að þróa meiri tengsl við erlenda markaði. Mikil þróun er í skófatnaði fyrir bæklaða þ.e. í stoðtækjaiðnaði og krefst slík framleiðsla sérhæfðar menntunar er varðar nýsmíði. Hönnun á skófatnaði hefur einnig gefið góða möguleika.

³ Starfslýsingar II - sérgreinar í iðnaði og þjónustu bls. 76 (Ritstjóri Gerður G. Óskarsdóttir - gefið út í samvinnu við Félagsvísindastofnun H.Í.)

Skóidngreinin á ýmislegt sameiginlegt með öðrum greinum, t.d. söðlasmíði og leðuriðju, er varðar hráefni, en í raun á greinin miklu fleira sameiginlegt með fataidngreinum – skór eru jú hluti af fatnaði og eru markaðssettir og seldir í því samhengi. Því er ástæða til að líta enn frekar á þau tengsl.

Staða greinarinnar: Viðgerðapjónusta hefur þróast hvað mest og skortur er á faglærðum starfsmönnum í ýmis störf tengd henni. Nýsmíði hefur minnkað fyrir einstaka viðskiptavini en hefur þróast yfir í „hönnun” og tengist því æ meir markaðssetningu og vöruþróun með tilliti til útlits og fjöldaframleiðslu, samanber skóframleiðslu X-18. Stoðtækjainnaður er orðin öflug grein hérlendis eins og fyrirtækið Össur hf. ber með sér. Mikil þörf er einnig fyrir hinn almenna skósmið og nauðsynlegt að einn til tveir séu til staðar í hverju bæjarfélagi. Greinin hefur átt undir högg að sækja vegna fjöldaframleiðslu á skófatnaði en margir einstaklingar leggja mikla áherslu á góðan, þægilegan og vandaðan skófatnað og vilja fá góða þjónustu vegna viðhalds og viðgerða. Fata- og búningahönnun tengist að sjálfsögðu skósmíði og oft á tíðum fá skósmiðir sérverkefni af ýmsu tagi er tengist leikhúsi og sýningum. Smásala, lykasmíði og töskuviðgerðir eru einnig innan þessa starfssviðs. Viðhorf til greinarinnar er oft á tíðum byggt á misskilningi og þekkingarskorti. Handverkið er fullgilt – ekki miklar tæknibyltingar nema þá helst í hráefnisvali, vinnuásetningu og vélabúnaði tengdu handverkinu sjálfu. Tölvunotkun tengist helst hönnunarvinnu. Fjölskyldubönd eru hverfandi innan stéttarinnar.

Möguleikar til náms: Greinin er kennd við Iðnskólann í Reykjavík. Grunnkynningarnám þessa iðngreinaflokks getur hentað mjög vel og gefið möguleika á vissum störfum er tengjast þjónustu og verslun. Viðbótarnám (t.d. í 2-4 annir) gæti veitt undirbúning undir störf við einfaldari viðgerða- og viðhaldsþjónustu – en sveinsprófs og löggiltra réttinda yrði áfram krafist til stjórnunarstarfa, stofnunar fyrirtækja, nýsmíði, flóknari viðgerða og viðhalds. Viðbótarnám til stúdentsprófs myndi svo leiða til áframhaldandi náms á háskólastigi s.s. markaðsfræði, stoðtækjasmíði (erlendis), hönnunar, t.d. í Listaháskóla Íslands o.fl. Einnig er mikilvægt að tengja greinina við fataidngreinar, t.d. með sameiginlegum áfanga eða föstum áfanga (þar sem tekin væru fyrir grundvallarlögmál greinarinnar, markaður, tíska, o.fl.) – samtímis fengi skóidngrein innsýn í fataidngreina. Kynning á skósmíðaiðn gæti einnig verið valáfangi fyrir aðrar greinar þessa iðngreinaflokks. Einnig ber að skoða tengsl greinarinnar við söðlasmíði, leðuriðju og feldskurð.

Fagfélag: Landssamband skósmiða

Innan handverksgreina eru starfandi 15% í leður-, skinn- og roðvinnu samkvæmt 311 manna úrtaki könnunar á vegum Handverks og hönnunar.

3.10 Steinsmíði

Hvar kennt: Kennt við Iðnskólann í Reykjavík

Námslengd: námslengd ótilgreind í námskrá og reglugerð frá 1990 og seinni útgáfum

Einingafjöldi til sveinsprófs: ekki til í námskrám

Innihald eininga: ekki til í námskrám

Fjöldi nemenda: frá 1994 – enginn

Fjöldi sveina: 1980-1994 – 2 lokið sveinsprófi

Einingafjöldi í meistaranámi: ekki til í námskrám

Innihald eininga: ekki til í námskrám

Fjöldi meistara: 2; 5 frá upphafi (Lögreglustjórinn í Reykjavík)

Sérsviðslýsing: ekki til

Fjöldi starfandi: 25 starfandi, 1 sveinn, 2 meistarar

Flokkun starfssviða: Steinsmíði, legsteinasmíði og áletrun, steinsögun, innanhússinnréttingar, ýmsar sérpantanir t.d. fyrir einstaklinga og aðstoð við listamenn, húsaskreytingar, arinefni og arinhleðsla, hellulagnir, umhverfishönnun, sand- og malarsala, minjagripir, skartgripir, listgrein, hönnun og hugmyndavinna.

Námskrá: ekki til nein námskrá

?? Almennar bóklegar greinar: ekki til

?? Bóklegar faggreinar í skóla: ekki til

?? Verklegar faggreinar í skóla: ekki til

?? Færnikröfur í vinnustaðþjálfun: ekki til

?? Hæfnikröfur til sveinsprófs: ekki til

Sérstaða greinarinnar: Breidd og fjölbreytni er mikil í greininni. Þróunin síðustu ár hefur í auknum mæli tengst byggingariðnaði og annarri umhverfishönnun. Mikil aukning hefur orðið í sérhæfðri vinnu í legsteinasmíði, innanhússinnréttingum og sérpöntunum í byggingariðnaðinum. Í tengslum við hönnun slíkra sérverkefna þurfa t.d. arkitektar í auknum mæli á að halda sérþekkingu í steinsmíði. Aukning hefur einnig orðið í samskiptum við erlenda aðila því greinin er ekki bundin landamærum. Tölvuvæðing/vélvæðing hefur átt sér stað í framleiðslunni. Handverkið er æ meira tengt listsköpun og fínni vinnu. Mikil aukning er í hönnun nytjahluta og minjagripa. Þörf er á meiri þekkingu varðandi markaðssetningu og vöruþróun.

Staða greinarinnar: Starfssviðum hefur fjölgað síðustu ár og því er orðin þörf fyrir menntað starfsfólk. Einnig hefur aukning í sérhæfðum verkefnum kallað á aukna færni í hönnun, hugmyndavinnu og ýmis konar tölvuvinnu. Fínni vinna eins og leturgroftur er hverfandi þekking sem vert er að halda í. Smáiðnaður hefur aukist í tengslum við minjagrip og listmuni auk annarra sérpantana. Mikilvægt er að skapa aðstæður fyrir greinina til að markaðssetja vörur og þjónustu erlendis. Mikil þörf er fyrir skapandi og þjónustulipra starfsmenn.

Möguleikar til náms: Í grunn-kynningarnámi þessa iðngreinaflokks væri hægt að vekja áhuga nemenda til að velja að starfa við greinina. Mikil þörf er fyrir styttri námsbrautir – þörfin á sveinsprófi hefur ekki verið fyrir hendi nokkuð lengi, m.a. vegna sérhæfðrar vélavinnu sem hefur ýtt handverkinu til hliðar. Sveinsprófið í þeirri mynd sem það var er ekki lengur í takt við þróunina í atvinnulífinu – en það er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að skapa forsendur fyrir nýrri hlið á réttindum til löggiltra starfa og skapa aðstæður sem gefa möguleika til framhaldsnáms. Hér er átt við að gefa greininni nýja möguleika með grunn- kynningarnámi þessa iðngreinaflokks, styttra starfsnámi í t.d. tvær annir til viðbótar svo og möguleikum til áframhaldandi náms til sveinsprófs með breyttum áherslum. Einnig mætti bjóða fram fasta áfanga í steinsmíði í iðnnámi annarra iðngreina svo sem húsasmíði og húsgagnasmíði til að viðhalda kunnáttu og áframhaldandi námi í greininni. Mikilvægt er að í námi í steinsmíði sé lögð áhersla á markaðs- og rekstarfræði, tölvu- og vélanotkun. Einnig er ástæða til að finna greininni stað innan Listaháskóla Íslands, svo sem innan listhönnunargreina eða í tengslum við nám í höggmyndalist.

Fagfélag: Voru áður innan fagfélags múrara.
Innan handverksgreina eru starfandi 7% í steinsmíði samkvæmt 311 manna úrtaki könnunar á vegum Handverks og hönnunar.

3.11 Söðlasmíði

Hvar kennt: Fjölbrautaskólinn á Selfossi

Námslengd: 4 ár

Einingafjöldi til sveinsprófs: 42

Innihald eininga:

Almennar bóklegar greinar – 25 einingar

Bóklegar faggreinar – 15 einingar

Íþróttir – 2 einingar

Fjöldi nemenda: vorönn 2001 – 8 nemendur

Fjöldi sveina: frá 1980-2001 – 11 sveinar

Einingafjöldi í meistaranámi: ekki til í námskrám

Innihald eininga: ekki til í námskrám

Fjöldi meistara: 4; 20 frá upphafi (Lögreglustjórinn í Reykjavík)

Sérsviðslýsing: Samkvæmt eldri námskrá hét greinin reiðtygja- og aktygjasmíði – flokkuð með fata- skinna- og leðuriðngreinum í eldri og nýrri námskrá.

Innihaldslýsing samkvæmt eldri námskrá: Nýsmíði og viðgerð hnakka, söðla, beisla og aktygja.

Fjöldi starfandi: 12-14 við nýsmíði og viðgerðir, nokkrir hjá framleiðslufyrirtækjum sem eru ófaglærðir.

Flokkun starfssviða: Smíði á hnökkum, framleiðsla og viðgerðir á reiðtygjum, annars konar viðgerðir á t.d. tjöldum, tjaldvögnum, seglum, töskum, sérpantanir t.d. fyrir fatlaða, o.fl.

Námskrá: er til fyrir sveinspróf en þarf að endurskoða.

?? Almennar bóklegar greinar: er til

?? Bóklegar faggreinar í skóla: er til – þarf að endurskoða

?? Verklegar faggreinar í skóla: er til – þarf að endurskoða

?? Færnikröfur í vinnustaðþjálfun: ekki til

?? Hæfnikröfur til sveinsprófs: ekki til

Sérstaða greinarinnar: Mikil þróun hefur orðið í vélum og vinnubrögðum, handverkið hefur færst yfir í vélavinnu. Handbrögðin eru hefðbundin. Meiri léttleiki og einfaldað útlit, meira er lagt upp úr gæðum – góðu handverki og hönnun. Til þess að nema og starfa í iðngreininni þurfa menn að hafa þekkingu á hestum og innsýn í hestamennsku.

Staða greinarinnar: Vaxandi möguleikar eru í greininni á erlendum markaði og tengjast þeir útflutningi íslenska hestsins og ræktun hans erlendis – möguleikar eru á að þróa það svið enn meira. Skortur er á söðlasmíðum með löggild réttindi. margir réttindalausir starfa við söðlasmíði og hefur það skaðað greinina. Vaxandi eftirspurn er eftir náminu en erfitt að komast á samning þar sem meistara eru fáir.

Möguleikar til náms: Aukning hefur verið á nemendum, en erfitt er að komast á samning. Mikilvægt að þróa sameiginlegan grunn fyrir iðngreinar þessa iðngreinaflokks. Nám hefur þróast í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi og áhuginn aukist. Endurskoða þarf námið og breyta áherslum. Leggja þarf aukna áherslu á efnisfræði og markaðsfræði. Söðlasmíði er skyld leðuriðju og skósmíði hvað snertir hráefni.

Fagfélag: ekki formlega til en aðilar hafa samráð sín á milli, talsmenn greinarinnar eru meistarar.

Innan handverksgreina eru starfandi 15% í leður, skinn- og roðvinnu samkvæmt 311 manna úrtaki könnunar á vegum Handverks og hönnunar.

3.12 Úrsmíði

Hvar kennt: erlendis, m.a. í Danmörku

Námslengd: námslengd ótilgreind í námskrá og reglugerð frá 1990 og seinni útgáfum

Einingafjöldi til sveinsprófs: ekki til í námskrám

Innihald eininga: ekki til í námskrá

Fjöldi nemenda: enginn – einhver/erlendis

Fjöldi sveina: 1 frá árinu 1987 – fleiri hafa lokið sveinsprófi erlendis

Einingafjöldi í meistaranámi: 26

Innihald eininga:

Almennt bóknám – 10 einingar

Stjórnun/rekstur – 16 einingar

Fjöldi meistara: 44 frá upphafi (Lögreglustjórinn í Reykjavík)

Sérsviðslýsing: Samkvæmt Starfslýsingum II⁴

Starfar á verkstæði og/eða í verslun við viðgerðir, viðhald, faglega ráðgjöf og í flestum tilvikum sölu á úrum, klukkum, klukkukerfum og öðrum tímamælum.

Úrsmíðir endurnýja eða smíða varahluti í gömul úr og klukkur.

Fjöldi starfandi: 21 fyrirtæki og 25 félagsmenn samkvæmt félagatali Úrsmíðafélags Íslands.

Flokkun starfssviða: Verslun og viðgerðir, sala á fylgihlutum, lager á varahlutum í algengustu úr og klukkur, hreinsun og stillingar, gera upp úr og klukkur og nýsmíði.

Námskrá: ekki til nein námskrá

?? Almennar bóklegar greinar: ekki til

?? Bóklegar faggreinar í skóla: ekki til

?? Verklegar faggreinar í skóla: ekki til

?? Færnikröfur í vinnustaðþjálfun: ekki til

?? Hæfnikröfur til sveinsprófs: ekki til

Sérstaða greinarinnar: Fjölbreytni starfa innan úrsmíðinnar felst aðallega í sérþekkingu t.d. viðgerðum á gömlum stofuklukkum og gömlum armbandsúrum og ýmsum nýjungum í greininni. Tækninýjungar hafa þó ekki verið byltingarkenndar undanfarin 20 ár.

⁴ Starfslýsingar II - sérgreinar í iðnaði og þjónustu bls. 87 (Ritstjóri Gerður G. Óskarsdóttir - gefið út í samvinnu við Félagsvísindastofnun H.Í)

Staða greinarinnar: Þykir góð, aðallega eru það ánægðir viðskiptavinir sem skila arði. Viðhorf til greinarinnar er gott. Mögulegt að sjá fyrir sér að starfsemi í greininni verði óháð landamærum.

Möguleikar til náms: Ekki er þörf á að breyta áherslum í námi. Grunnkynningarnám getur gagnast iðngreininni en styttra starfsnám hentar ekki. Mikilvægt er að löggildingin sé fyrir hendi. Nú er einungis hægt að nema úrsmíði í erlendum úrsmíðaskólum. Eins og meistarakerfið er uppbyggt í dag er nokkuð ljóst að enginn úrsmíðasveinn fer í nám í meistaraskólanum og þá flyst verkleg kennslan á vinnustöðum einnig úr landi. Hér er því mikilvægt að endurskoða núverandi meistaránám.

Fagfélag: Úrsmíðafélag Íslands

3.13 Upplýsingar um handverksgreinar – Handverk og hönnun

Hér er vert að staldra við og skoða niðurstöður könnunar sem gerð var á stöðu handverksgreina á Íslandi. Um var að ræða 311 manna úrtak úr hópi 700 skráðra félaga, þ.e. 311 svöruðu; Handverk sem atvinnugrein og möguleikar hennar í náinni framtíð, ágúst 1999. Niðurstöður rannsóknarinnar voru hugsaðar til að meta stöðu handverksgreina í náinni framtíð, hér að neðan er aðeins stuttur úrdráttur:

- ?? Menntun handverksfólks á Íslandi; 90% með grunnskólamenntun, um 70% hafa sótt námskeið, 23% með stúdentspróf/iðnskólapróf, 12% með próf frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands, 5% með nám frá handíða- og listaskólum erlendis á framhaldsskólastigi, 7% handíða- og listaskóla erlendis á háskólastigi, 7% með annars konar háskólapróf, 38% með aðra menntun.
- ?? Flest handverksfyrirtæki eru staðsett á Norðurlandi eystra og höfuðborgarsvæðinu, fæst eru á Reykjanesi, annars er jöfn skipting milli annarra landshluta.
- ?? Framleiðslumunir eru flestir nytjahlutir, síðan skrautmunir og minjagripir, annað er flokkað undir listmuni og nytjalist.
- ?? Langflestir vinna að handverki heima hjá sér, eða 65%, 27% hafa eigið verkstæði, 7% deila vinnuástöðu með öðrum.
- ?? Flestir selja framleiðslu sína í handverkshúsum, eða 55%, í heimahúsi 51%, á sölusýningum 39%, 18-20% í listmunagalleríum, minjagripaverslunum og öðrum verslunum, 1% á veraldarvefnum eða vörulistum.
- ?? Flestir vinna með náttúruleg hráefni, 70% vinna út frá eigin hugmyndum, 67% hafa aldrei fengið opinbera styrki, 68% hafa áhuga á að auka handverksframleiðslu sína.
- ?? Mikill meirihluti handverksmanna er þeirrar skoðunar að leggja eigi áherslu á aukna valkosti í menntun fyrir handverksfólk t.d. með því að fjölga möguleikum á framhaldsskólastigi. 55% töldu að fjölga þyrfti handíðabrautum á framhaldsskólastigi, tæp 40% töldu að efla þyrfti þær brautir sem fyrir eru og fjölga leiðum til framhaldsnáms í handíðum á háskólastigi og 52% vildu stofna sérskóla með áherslu á handverksgreinar. 90% töldu að leggja ætti höfuðáherslu á hönnun í slíku námi, 75% nefndu auk þess fag- og tækniþekkingu, markaðssetningu, umbúðir og frágang, framleiðslu og vöruþróun og 56% nefndu sögu handverks og lista, auk fagurfræði.

?? Mikil áhersla var lögð á að rækta þjóðleg einkenni og nýta þjóðlegan efnivið – dýrmætustu hráefnin eru ull, grjót, silfur, skinn og roð; sjá hlutfallstölur í flokkum handverksgreina miðað við flokkun iðngreina hér að neðan.

Hægt er að sjá fyrir sér að grunn-kynningarnám í þessum iðngreinaflokkum gæti hentað handverksaðilum, auk þess að þeir gætu sótt einstaka áfanga sem í boði væru, þá jafnvel í formi endur- eða símenntunar.

3.14 Tölulegar upplýsingar frá Lánasjóði íslenskra námsmanna

Skipting lánþega eftir námsgreinum úr árskýrslu 1998-1999:

Fagrar listir: Samtals 7 – 7 erlendis
Fataiðn: Samtals 36 – 17 erlendis
Hljóðfærasmíði: Samtals 1 – 1 erlendis
Hönnun: Samtals 67 – 38 erlendis
Leðuriðn: Samtals 1 – 1 erlendis
Listiðn: Samtals 6 – 6 erlendis
Skartgripasmíði: Samtals 6 – 6 erlendis
Skósmíði: Samtals 1 – enginn erlendis
Stoðtækjagerð: Samtals 1 – 1 erlendis

Skipting lánþega eftir námsgreinum úr árskýrslu 1999-2000:

Fagrar listir: Samtals 9 – 9 erlendis
Fataiðn: Samtals 32 – 18 erlendis
Hljóðfærasmíði: Samtals 2 – 2 erlendis
Hönnun: Samtals 76 – 40 erlendis
Leðuriðn: Samtals 2 – 2 erlendis
Listiðn: Samtals 4 – 4 erlendis
Skartgripasmíði: Samtals 6 – 5 erlendis
Stoðtækjagerð: Samtals 1 – 1 erlendis

Lokaorð

Að baki þessari skýrslu liggur mikil vinna. Í fyrsta lagi krafðist hún mikillar forvinnu og undirbúnings. M.a. þurfti að kortleggja hverja einustu faggrein, ákveða hvaða aðila þurfti að hafa samband við til þess að fá upplýsingar um viðkomandi grein. Í öðru lagi þurfti að semja spurningalista sem hentaði öllum faggreinum samtímis og lykilmálhólfurk hverrar greinar átti að svara. Mesta vinnan fór síðan í að vera í sambandi við lykilmálhólfurkið og sömuleiðis þær stofnanir sem halda m.a. til hoga ýmsum tölfræðilegum upplýsingum um fjölda nemenda og meistara í hverri grein.

Höfundur skýrslunnar vill koma þakklæti til allra þeirra sem lögðu sitt af mörkum við gerð skýrslunnar, þ.e. þá sem svöruðu spurningunum og veittu ýmsar aðrar upplýsingar sem komu vel að gagni. Ég varð vör við mikinn áhuga hjá allflestum, enda mun skýrsla sem þessi koma þeim sjálfum að miklu gagni í framtíðinni þegar skoða á stöðu einstakra faggreina. Einnig vil ég koma á framfæri þakklæti til þeirra sem hvöttu mig og veittu traust til að meta stöðuna hverju sinni og gáfu ráð hvað betur mætti fara.

Nú hefur þessi skýrsla litið dagsins ljós og ljóst að hún mun nýtast mörgum sem koma að þessum málum. Sumar þessara faggreina hafa verið á undanhaldi undanfarin ár og áratugi og sumum þykja eflaust einhverjar þeirra nokkuð gamaldags. Það er von mín að skýrslan geti orðið liður í að styrkja stöðu þeirra greina sem um ræðir, auka námsframboð og örva ungt fólk til að huga að námi og störfum í þessum greinum. Síðast en ekki síst vona ég að markaður fyrir greinarnar verði ávallt fyrir hendi þó að tímarnir og tæknin breytist, að starfsmöguleikar verði miklir og að skólakerfið styðji við bakið á þeim sem þurfa að sækja hluta af námi sínu til útlanda. Enda ætti að vera mjög þroskandi fyrir ungt fólk að dvelja erlendis um hríð og víkka sjónvildarhringinn samtímis því sem slíkt eykur möguleika á samskiptum við aðila úti í heimi. Ef skýrslan getur stuðlað að framantöldu má ætla að tilgangi hennar hafi verið náð.

Heimildaskrá:

Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti 1999.

Ársskýrsla Lánasjóðs íslenskra námsmanna 1998-1999.

Ársskýrsla Lánasjóðs íslenskra námsmanna 1999-2000.

Brautskráning meistaranáms síðan 1962. *Iðnskólinn í Reykjavík.*

Enn betri skóli - kafli um starfsnám. *Menntamálaráðuneytið* apríl 1998.

Félaga- og fyrirtækjaskrá Félags íslenskra gullsmiða.

Félaga- og fyrirtækjaskrá Félags meistara og sveina í fataiðn.

Félaga- og fyrirtækjaskrá Úrsmíðafélags Íslands.

Fjárhagsleg ábyrgð á vinnustaðakennslu. *Samtök iðnaðarins* febrúar 2001.

Fjöldi útgefinna meistarabréfa í fámennum iðngreinum. *Lögreglustjórinn í Reykjavík.*

Framtíðarsýn og stefnumótun í tísku- og fataiðnaðarins í maí 2001. *Samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Útflutningsráðs og Nýsköpunarsjóðs.*

Fréttabréf Félags meistara og sveina í fataiðn (FMSF).

Frumdrög fræðslunefndar að vinnubók nema í gull- og silfursmíði. *Félag íslenskra gullsmiða.*

Fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands.

Greinargerð SAMSTARFS um námskráargerð í starfsnámi samþykkt á fundi nefndarinnar 17. febrúar 1998.

Gögn um starfsmenntun. *Menningar- og fræðslusamband alþýðu.*

Handverksgreinar sem atvinnugrein og möguleikar hennar í náinni framtíð, ágúst 1999.

Hlutverk og stefna í starfsmenntun. *Starfsmenntaráð.*

<http://www.idnadur.is> - upplýsingar um nám og störf í iðnaði.

<http://www.mennt.is> - Starfsvettvangur atvinnulífs og skóla.

Iðnaðarlög nr. 42/1978 með áorðnum breytingum.

Í góðum höndum - gullsmiðir - Bæklingur á vegum *Samtaka iðnaðarins.*

Í góðum höndum - úrsmiðir - Bæklingur á vegum *Samtaka iðnaðarins*.

Könnun á vegum réttinda- og endurmenntunarnefndar FMSF á endurskoðun náms í fataiðngreinum.

Listi yfir nýútskrifaða sveina í fataiðngreinum. *Iðnskólinn í Reykjavík*.

Listi yfir nýútskrifaða sveina í gull- og silfursmíði. *Iðnskólinn í Reykjavík*.

Lög um breytingar á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996.

Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu. *Starfsmenntaráð* (einnig frá *Vinnumálastofnun*).

Lög um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum nr. 83/1993.

Námskrá fyrir fagnám í fata-, skinna- og leðuriðngreinum. *Menntamálaráðuneytið*.

Námskrá fyrir iðnsveina til iðnmeistaraprófs, almennur hluti. *Menntamálaráðuneytið* 1996.

Námskrá handa framhaldsskólum. *Menntamálaráðuneytið* skólamálastofna júní 1990.

Námsvísir - brautalýsingar. *Iðnskólinn í Reykjavík*.

Námsvísir FSu - Söðlasmíði.

Reglugerð fullorðinsfræðslu og endurmenntun nr. 179/1997.

Reglugerð nr. 217 um kosningu og starfssvið iðnráða.

Reglugerð um eftirlit með starfi framhaldsskóla og námsefni og um ráðgjöf vegna kennslu og þróunarstarfa nr. 139/1997.

Reglugerð um löggiltar iðngreinar DRÖG 25.03.1998.

Reglugerð um námssamninga og starfsþjálfun nr. 280/1997.

Reglugerð um skólanefndir við framhaldsskóla nr. 132/1997.

Reglugerð um sveinspróf nr. 278/1997.

Reglugerð um söfnun og dreifingu upplýsinga um skólastarf á framhaldsskólastigi nr. 141/1997.

Reglugerð um úthlutun styrkja til útgáfu og gerðar námsefnis handa framhaldsskólum.

Reglur um framkvæmd sveinsprófa og störf sveinsprófsnefnda, DRÖG 04.06.1999.
Menntamálaráðuneytið.

Reglur um mat á starfsþjálfun vegna umsókna um iðnréttindi í löggiltum iðngreinum.

Reglur um styrkveitingar til þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu nr. 274/1997 með breytingum nr. 559/1997.

Reglur um styttingu námssamninga.

Skrá yfir fjölda nemenda í framhaldsskólum, flokkað eftir brautum. *Hagstofa Íslands.*

Skrá yfir fyrirtæki í fata- og vefjariðnaði í júlí 2001. *Stéttarfélagið Efling.*

Skýrsla nefndar forsætisráðherra um stuðning stjórnvalda við handverksgreinar, des. 1998.

Skýrsla nefndar um mótun menntastefnu júní 1994.

Starfslýsingar II: sérgreinar í iðnaði og þjónustu. *Gerður G. Óskarsdóttir* ritstýrði í samvinnu við *Félagsvísindastofnun H.Í.* Iðnú 1996.

Sýnishorn af námssamningi nema í vinnustaðþjálfun.

Til móts við nýja tíma, menntaþing 1996. *Menntamálaráðuneytið* 1996.

Tillögur að uppbyggingu náms í hönnun. *Bráðabirgðaskýrsla Listaháskóla Íslands* nóv. 1999.

Tölfræðihandbók um menntun og menningu. *Menntamálaráðuneytið* 1996.

Upplýsingar nokkurra kennara á fataiðnbraut Iðnskólans í Reykjavík.

Verkefni þróunarviðs Byggðastofnunar varðandi menntun á landsbyggðinni.

Viðmælendur - feldskurður, samtals 2 aðilar.

Viðmælendur - úrsmíði, samtals 3 aðilar.

Viðmælendur - glerslípun og speglagerð, samtals 2 aðilar.

Viðmælendur - hattasaumur, samtals 2 aðilar.

Viðmælendur - hljóðfærasmíði, samtals 4 aðilar.

Viðmælendur - leturgröftur, einn aðili.

Viðmælendur - steinsmíði, samtals 2 aðilar.

Viðmælendur - stjórn Landssambands skósmiða, kennara við IR, auk annarra, samtals 4 aðilar.

Viðmælendur - stjórn og fræðslunefnd Félags gullsmiða, kennara við IR, auk annarra, samtals 11 aðilar.

Viðmælendur - stjórn og réttinda- og endurmenntunarnefnd Félags meistara- og sveina í fataiðn, kennarar við IR, auk annarra, samtals 15 aðilar.

Viðmælendur - söðlasmiði, samtals 4 aðilar.

Viðmælendur frá eftirtöldum stofnunum: Iðnskólanum í Reykjavík, fræðsluráði málmiðnaðarins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, menntamálaráðuneytinu, Samtökum iðnaðarins, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, stéttarfélaginu Eflingu, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, starfsgreinaráði HLH (hönnun, listir, handverk), Iðnnemasambandi Íslands o.fl.

Vilt þú verða gullsmiður? - Bæklingur: iðnfræðsluátakið INN.

Vilt þú verða klæðskeri eða kjólasaumari? Bæklingur: iðnfræðsluátakið INN.

Yfirlit yfir fyrirtæki og félög. *Handverk og hönnun.*

Yfirlit yfir sveinspróf 1980-2000. *Menntamálaráðuneytið.*

Ýmis gögn frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu.

Ýmis gögn frá Iðntæknistofnun. *IMPRA.*

Ýmis gögn frá Nýsköpunarsjóði.

Ýmis gögn frá Samtökum iðnaðarins.

Ýmis gögn frá skólayfirvöldum í Svíþjóð, Danmörku og Noregi.

Fylgiskjal 1

Spurningalisti 1

Spurningar fyrir ýmsa aðila, faggreinafélög og kennara stærstu iðngreina.

Hér að neðan eru spurningar sem eiga við allar iðngreinarnar. Hver og einn ræður hvaða spurningum hann svarar þ.e. telur hæfa sinni vitneskju eða því sem hann vill koma á framfæri.

1. *Hve margir eru starfandi í iðngreininni?*
2. *Hvað eru margir ófaglærðir starfandi í iðngreininni?*
3. *Hve margir reka fyrirtæki í iðngreininni?*
4. *Hvaða skólar bjóða upp á nám í iðngreininni?*
5. *Hvernig er námið skipulagt í viðkomandi skóla/um?*
6. *Hve margir eru við nám í iðngreininni?*
7. *Hve margir hafa menntað sig í iðngreininni?*
8. *Hve margir hafa lokið meistaranámi í iðngreininni?*
9. *Hve margir hafa stundað framhaldsnám erlendis í iðngreininni?*
10. *Hvaða framhaldsnám er fyrir hendi erlendis í iðngreininni?*
11. *Í hverju er námið fólgið og hverjar eru kröfurnar (inntökuskilyrði)?*
12. *Hvar er hægt að læra erlendis (hvert fara flestir)?*
13. *Hvaða aðrar iðngreinar eru kenndar innan sama skóla erlendis?*
14. *Bíður greinin upp á mismunandi áherslur í námi þ.e. sérgreinar innan sömu iðngreinar?*
15. *Væri hægt að tengja saman fleiri skyldar iðngreinar í námi sem eru aðskildar í dag?*
16. *Hvað er að gerast nýtt í iðngreininni?*
17. *Hvernig er tækni- og tölvunýting?*
18. *Hvernig og hvaða möguleika í atvinnu og menntun skapar tölvunotkun í iðngreininni er varðar ný eða breytt atvinnusvið?*
19. *Hvaða tengsl hefur greinin við aðrar greinar í atvinnulífinu?*
20. *Hefur skapast vettvangur fyrir „ný” störf í iðngreininni?*
21. *Hvaða ný störf hafa skapast í iðngreininni?*
22. *Hver er staðan í greininni er varðar menntunarmál?*
23. *Hefur undirbúningur og menntun breyst í samræmi við breyttar þarfir (t.d. tölvunotkun), ef svo er þá hvernig?*
24. *Hvað er jákvætt við nám og undirbúning í núverandi námi?*
25. *Hvað er ábótavant í námi og undirbúningi í núverandi námi?*
26. *Hvaða verklegar námsgreinar ætti að leggja áherslu á í núverandi námi?*
27. *Hvaða nýjar verklegar námsgreinar ættu að bætast við núverandi nám?*

28. Hvaða verklegar námsgreinar eiga ekki heima í núverandi námi?
29. Hvaða bóklegar námsgreinar ætti að leggja áherslu á í núverandi námi?
30. Hvaða nýjar bóklegar námsgreinar ættu að bætast við núverandi nám?
31. Hvaða bóklegar greinar eiga ekki heima í núverandi námi?
32. Hvað er jákvætt við starfsþjálfun nema í iðngreininni?
33. Hvað er ábótavant við starfsþjálfun nema í iðngreininni?
34. Hvað er jákvætt við löggildingu í iðngreininni?
35. Hvað er ábótavant við löggildingu í iðngreininni?
36. Hefur starfssvið iðngreinarinnar breyst þannig að löggildingin er nauðsynleg eða óþörf og þá hvers vegna?
37. Ætti að breyta tilhögun námsins er varðar löggildinguna og þá hvernig?
38. Er nauðsynlegt að til sé meistaranám í iðngreininni, ef svo er þá hvers vegna?
39. Er ekki nauðsynlegt að til sé meistaranám í iðngreininni, ef svo er þá hvers vegna?
40. Er góð aðsókn í iðngreinina, hvers vegna?
41. Er slæm aðsókn í iðngreinina, hvers vegna?
42. Hvernig væri hægt að breyta tilhögun námsins þannig að aðsóknin í námið myndi aukast, ef aðsókn er slæm?
43. Hefur atvinnulífið komið til móts við undirbúning og menntun í iðngreininni, ef svo er þá hvernig?
44. Hefur atvinnulífið ekki komið til móts við undirbúning og menntun í iðngreininni, ef svo er þá hvernig?
45. Hvernig getur undirbúningur og menntun í iðngreininni komið til móts við breyttar þarfir í atvinnulífinu?
46. Þarf að stofna til nýrra starfa í iðngreininni og þá hverra?
47. Þarf að móta ný menntunarskilyrði fyrir iðngreinina, og þá hver?
48. Hver er þörfin á námsefni í viðkomandi iðngrein?
49. Hvaða námsefni vantar, hvers konar og í hvaða áföngum?
50. Hvað er jákvætt við innihald kennsluhátta (fyrirkomulag í kennslustundum) í núverandi námi?
51. Hvað er ábótavant við innihald kennsluhátta (fyrirkomulag í kennslustundum) í núverandi námi og hverja breytinga er þörf?
52. Hvernig er menntun kennara háttað í iðngreininni?
53. Er þörf á að auka kennaramenntun í iðngreininni og þá hvernig?
54. Hvernig er tengingu háttað milli viðkomandi iðngreinar og listgreina, dæmi?
55. Hvernig er tengingu háttað milli viðkomandi iðngreinar og handverks, dæmi?

56. *Hvernig er tengingu háttað milli viðkomandi iðngreinar og hönnunar, dæmi?*
57. *Hver er starfsvettvangur iðngreinarinnar?*
58. *Hvert er innihald þeirra starfssviða sem heyra undir iðngreinina þ.e. hvernig hljóða starfslýsingarnar?*
59. *Hversu margir eru ófaglærðir og á hvaða starfsviðum iðngreinarinnar eru þeir fjölmennastir?*
60. *Hvernig er endurmenntun starfsmanna háttað í iðngreininni?*
61. *Hvernig er aðgengi að styrkjum eða stuðningi frá stofnunum til að endurmennta starfsmenn?*
62. *Hversu mörg fyrirtæki eru starfandi í iðngreininni?*
63. *Hvers konar fyrirtæki eru starfandi í iðngreininni?*
64. *Hvaða aðferðafræði er ríkjandi í rekstri slíkra fyrirtækja?*
65. *Eru einhverjir styrkir eða annar stuðningur til þess að starfrækja fyrirtæki innan viðkomandi iðngreinar, ef svo er þá hvaða?*
66. *Hver er markhópurinn þ.e. viðskiptavinurinn í iðngreininni?*
67. *Hver er staðan í iðngreininni?*
68. *Hefur staðan verið óljós, hvers vegna?*
69. *Hvað er hægt að gera til þess að bæta stöðuna?*
70. *Hvernig er best að „markaðssetja” iðngreinina og hverjar eru aðferðirnar?*
71. *Hvernig geta hinar ýmsu stofnanir og fyrirtæki komið að menntun og þróun iðngreinarinnar?*
72. *Hverjar eru þessar stofnanir og hver eru fyrirtækin?*
73. *Hvernig geta hinar ýmsu stofnanir komið að rekstri og þróun fyrirtækja?*
74. *Hverjar eru þessar stofnanir?*
75. *Er mikil nýsköpun í iðngreininni?*
76. *Eru einhverjir styrkir eða annar stuðningur til frumkvöðlastarfa í iðngreininni, ef svo er þá hvaða?*
77. *Hverjir sækja í greinina, hvaða eigin-/hæfileika þarf til að bera?*
78. *Hverjar eru framtíðarhorfur greinarinnar?*
79. *Hvernig getur grunnskólinn komið að menntun og undirbúningi fyrir iðngreinina?*
80. *Hvernig getur framhaldsskólinn komið að menntun og undirbúningi fyrir iðngreinina?*
81. *Hvernig er námskrármálum háttað í greininni?*
82. *Hvað er jákvætt við eldri námskrá?*
83. *Hvað er ábótavant við eldri námskrá?*
84. *Hvernig ber að haga málum í nýrri námskrá?*

Fylgiskjal 2

Spurningalisti 2

Spurningar til faggreinafélaga og kennara

Námskrá

Hvernig er námskrármálum háttað í greininni?

Hvað er jákvætt við eldri námskrá?

Hvað er ábótavant við eldri námskrá?

Hvernig ber að haga málum í nýrri námskrá?

Staða iðngreinarinnar

Hver er staðan í iðngreininni?

Hefur staðan verið óljós, hvers vegna?

Hvað er hægt að gera til þess að bæta stöðuna?

Er góð aðsókn í iðngreinina, hvers vegna?

Er slæm aðsókn í iðngreinina, hvers vegna?

Hvernig væri hægt að breyta tilhögun námsins þannig að aðsóknin í námi myndi aukast, ef aðsókn er slæm?

Starfsvettvangur/framtíðarhorfur

Hver er starfsvettvangur iðngreinarinnar?

Hverjar eru framtíðarhorfur greinarinnar?

Hvað er að gerast nýtt í iðngreininni?

Er mikil nýsköpun í iðngreininni?

Hefur skapast vettvangur fyrir „ný” störf í iðngreininni?

Hvaða ný störf hafa skapast í iðngreininni?

Hvaða tengsl hefur greinin við aðrar greinar í atvinnulífinu?

Væri hægt að tengja saman fleiri skyldar iðngreinar í námi sem eru aðskildar í dag?

Þarf að stofna til nýrra starfa í iðngreininni og þá hverra?

Þarf að móta ný menntunarskilyrði fyrir iðngreinina, og þá hver?

Námið í iðngreininni

Hver er staðan í greininni er varðar menntunarmál?

Hvað er jákvætt við nám og undirbúning í núverandi námi?

Hvað er ábótavant í námi og undirbúningi í núverandi námi?

Hvaða verklegar námsgreinar ætti að leggja áherslu á í núverandi námi?

Hvaða nýjar verklegar námsgreinar ættu að bætast við núverandi nám?

Hvaða verklegar námsgreinar eiga ekki heima í núverandi námi?

Hvaða bóklegar námsgreinar ætti að leggja áherslu á í núverandi námi?

*Hvaða nýjar bóklegar námsgreinar ættu að bætast við núverandi nám?
Hvaða bóklegar greinar eiga ekki heima í núverandi námi?*

*Hvað er jákvætt við starfsþjálfun nema í iðngreininni?
Hvað er ábótavant við starfsþjálfun nema í iðngreininni?*

Löggilding iðngreinarinnar

*Hvað er jákvætt við löggildingu í iðngreininni?
Hvað er ábótavant við löggildingu í iðngreininni?
Hefur starfssvið iðngreinarinnar breyst þannig að löggildingin er nauðsynleg eða óþörf og þá hvers vegna?
Ætti að breyta tilhögun námsins er varðar löggildinguna og þá hvernig?*

Meistaránám

*Er nauðsynlegt að til sé meistaránám í iðngreininni, ef svo er þá hvers vegna?
Er ekki nauðsynlegt að til sé meistaránám í iðngreininni, ef svo er þá hvers vegna?*

Námsefni

*Hver er þörfin á námsefni í viðkomandi iðngrein?
Hvaða námsefni vantar, hvers konar og í hvaða áföngum?*

Kennsluhættir og kennsla

*Hvað er jákvætt við innihald kennsluhátta (fyrirkomulag í kennslustundum) í núverandi námi?
Hvað er ábótavant við innihald kennsluhátta (fyrirkomulag í kennslustundum) í núverandi námi og hverja breytinga er þörf?
Hvernig er menntun kennara háttað í iðngreininni?
Er þörf á að auka kennaramenntun í iðngreininni og þá hvernig?*

Tækni- og tölvunýting

*Hvernig er tækni- og tölvunýting?
Hvernig og hvaða möguleika í atvinnu og menntun skapar tölvunotkun í iðngreininni er varðar ný eða breytt atvinnusvið?
Hefur undirbúningur og menntun breyst í samræmi við breyttar þarfir (t.d. tölvunotkun), ef svo er þá hvernig?*

Atvinnulífið/stuðningur

*Hefur atvinnulífið komið til móts við undirbúning og menntun í iðngreininni, ef svo er þá hvernig?
Hefur atvinnulífið ekki komið til móts við undirbúning og menntun í iðngreininni, ef svo er þá hvernig?*

Hvernig getur undirbúningur og menntun í iðngreininni komið til móts við breyttar þarfir í atvinnulífinu?

Hvernig geta hinar ýmsu stofnanir komið að menntun og þróun iðngreinarinnar?

Eru einhverjir styrkir eða annar stuðningur til frumkvöðlastarfa í iðngreininni, ef svo er þá hvaða?

Hönnun - listir - handverk

Hvernig er tengingu háttað milli viðkomandi iðngreinar og listgreina, dæmi?

Hvernig er tengingu háttað milli viðkomandi iðngreinar og handverks, dæmi?

Hvernig er tengingu háttað milli viðkomandi iðngreinar og hönnunar, dæmi?

Kynning og undirbúningur

Hvernig getur grunnskólinn komið að menntun og undirbúningi fyrir iðngreinina?

Hvernig getur framhaldsskólinn komið að menntun og undirbúningi fyrir iðngreinina?

Nám erlendis

Hvaða framhaldsnám er fyrir hendi erlendis í iðngreininni?

Í hverju er námið fólgið og hverjar eru kröfurnar (inntökuskilyrði)?

Hvar er hægt að læra erlendis (hvert fara flestir)?

Hvaða aðrar iðngreinar eru kenndar innan sama skóla erlendis?

Bíður greinin upp á mismunandi áherslur í námi þ.e. sérgreinar innan sömu iðngreinar?

Fylgiskjal 3

Spurningalisti 3

Spurningar til meistara/talsmenn/fyrirtækjaeigendur

1. Hver er staðan í iðngreininni, þ.e. gagnvart atvinnumarkaðnum?
2. Hver er markhópurinn, þ.e. „viðskiptavinurinn” í iðngreininni?
3. Hver er fjölbreytni starfa í iðngreininni, eru til færnikröfur?
4. Hvaða nýjar áherslur eru í störfum iðngreinarinnar, t.d. tækninýjungar?
5. Hvað er hverfandi í námi og starfi frá því sem áður var?
6. Þarf að breyta áherslum í námi - hvaða?
7. Er möguleiki á að sameina greinina öðrum iðngreinum í námi og þá hverjar?
8. Hver ætti að vera sameiginleg grunnáhersla í slíku námi?
9. Hefur verið hugað að námskrá/lýsingu í iðngreininni - eru til gögn um slíkt?
10. Er til eldri námskrá/lýsing, t.d. fyrir verklega hluta námsins?
11. Hverjar eru hæfnikröfur í starfsþjálfun sem krafist er til sveinsprófs?
12. Hvaða fjölpættra verkefna er krafist í starfsþjálfun iðngreinarinnar?
13. Hvaða möguleikar eru á framhaldsmenntun í greininni?
14. Hverjar eru forsendur þess að velja það að stunda nám í greininni?
15. Hve margir hafa lokið sveinsprófi/meistararéttindum í greininni?
16. Hve margir starfa í iðngreininni og hve mörg/hvaða fyrirtæki eru starfrækt?
17. Er mikilvægt að löggildingu greinarinnar sé haldið við - þarf að breyta einhverju?
18. Er mikilvægt að meistararéttindum sé haldið við - þarf að breyta einhverju?
19. Væri hugsanlegt að koma þessu sem stuttu námi inn í framhaldsskólann eða sem kynningu í valáföngum innan list- og verknámsbrauta?
20. Er möguleiki á því að þróa styttri starfsnámsbrautir - hvernig getur atvinnulífið komið til móts við slíkt nám?

21. Er til fagfélag í greininni, ef ekki hver eru samskiptin/baráttumálin?
22. Hvernig ber að halda við endurmenntun og símenntun í greininni?
23. Hvert er viðhorfið til greinarinnar?
24. Er greinin þekkt meðal almennings?
25. Hvernig væri hægt að standa að kynningu á iðngreininni?

Annað sem viðkomandi vill taka fram--

Fylgiskjal 4

Spurningalisti 4

Spurningar til nýútskrifaðra sveina

* **Hvaða breytingar á náminu eru nauðsynlegar hvað varðar eftirfarandi:**

Verklegt:.....

Bóklegt:.....

Vinnustaðanám:.....

Skiptingu náms í skóla og á vinnustað:.....

* **Hefur þú athugasemdir varðandi eftirfarandi:**

Framkvæmd prófa:.....

Aðstöðu á prófstað:.....

Einkunnagjöf:.....

Birtingu niðurstaðna:.....

* **Hvaða breytinga í skólum sem bjóða upp á starfsnám ber að hafa í huga hvað varðar eftirfarandi:**

Aðstöðu:.....

Búnað:.....

Kennarakost:.....

* **Hverra breytinga er þörf hvað varðar eftirfarandi:**

Kennsluaðferðir:.....

Námsefni:.....

Meistaránám:.....

* **Hvernig er staða greinarinnar hvað varðar eftirfarandi:**

Atvinnulífið:.....

Tækninýjungar:.....

Framhaldsmenntun:.....

?? **Hvaða stéttarfélagi tilheyrir greinin?**

?? **Er til fagfélag í greininni?**

?? **Hvert er viðhorfið til greinarinnar?**

?? **Er greinin þekkt meðal almennings?**

?? **Hvernig væri hægt að standa að kynningu á greininni?**

Annað sem viðkomandi vill taka fram:.....

Fylgiskjal 5

Löggiltar iðngreinar

Í aðalnámskrá framhaldsskóla almennur hluti 1999 um uppbyggingu náms - námsleiða er varðar starfsnám er m.a. eftirfarandi:

- ?? Starfsnám er mjög fjölbreytt og breytilegt að því er varðar skipulag, umfang og inntak. Námið er verklegt og bóklegt og fer yfirleitt fram í skóla og á vinnustað. Hlutfallið milli verknáms og bóknáms er breytilegt eftir námsbrautum. Sama má segja um vægi náms í skóla og á vinnustað. Dæmi er um starfsnám sem tekur aðeins eina önn en annað tekur fjögur ár eða jafnvel lengri tíma.
- ?? Í grófum dráttum má skipta starfsnámi í tvo flokka. Í fyrsta lagi er nám sem leiðir til lögverndaðra starfsréttinda. Í öðru lagi er um að ræða nám sem veitir undirbúning til skilgreindra starfa án þess að um sé að ræða lögvernduð starfsréttindi.
- ?? Um þessar mundir er unnið að endurskoðun á skipulagi og framboði starfsnáms, skv. ákvæðum laga nr. 80/1996, þannig að það sem sagt er hér á eftir miðast að mestu við núverandi skipan námsins. Nýjar og breyttar námskrár verða kynntar og gefnar út jafnóðum og þær eru tilbúnar.

Nám í löggiltum iðngreinum

Þeir sem óska að leggja stund á nám í löggiltum iðngreinum hafa um þrjár leiðir að velja. Þeir geta

- ~~1.~~ ~~Þey~~tt námssamning við iðnmeistara og lokið almennu bóknámi og fagbóklegu námi frá iðnmenntaskóla skv. námskrá viðkomandi iðngreinar
 - ~~2.~~ ~~Inn~~ritast í grunndeild í iðnmenntaskóla eða fjölbrautaskóla þar sem námið tekur eitt til tvö ár; þegar námi í grunndeild er lokið gerir nemandinn námssamning við iðnmeistara um starfsþjálfun í atvinnulífinu og lýkur námi að öðru leyti sbr. ofanritað
 - ~~3.~~ ~~Inn~~ritast í grunndeild í iðnmenntaskóla eða fjölbrautaskóla; þegar námi í grunndeild er lokið getur nemandinn innritast í verknámsdeild iðnnáms í sama skóla eða öðrum; nemendur á verknámsbrautum gera einnig námssamning við iðnmeistara um starfsþjálfunarpátt námsins.
- ?? Þegar nemendur hafa lokið námi í skóla og námssamningi við iðnmeistara gangast þeir undir sveinspróf og standist þeir prófið hafa þeir rétt til þess að starfa í viðkomandi starfsgrein.
- ?? Að loknu sveinsprófi eiga nemendur kost á að fara í meistaraskóla og ljúka þaðan prófi sem veitir þeim rétt til að taka að sér stærra verk, starfa sem verktakar og hafa nemendur á námssamningi.
- ?? Annað starfsnáms - námið fer að mestu fram í skólanum en auk þess er starfsþjálfun á vinnustað oftast hluti námsins. Nemendur geta innritast í sumt starfsnám strax að loknu grunnskóla en í öðrum tilvikum þarf nemandinn að ljúka tilteknu almennu námi í framhaldsskóla áður en hann getur innritast í viðkomandi starfsnám.

- ?? Í námsskrám fyrir einstakar námsbrautir verður skilgreint viðbótarnám sem undirbýr nemendur undir framhaldsnám í sérskólum eða á háskólastigi á sama eða skildu námssviði og þeir hafa stundað nám á.
- ?? Iðnréttindi samkvæmt eldri reglugerð um löggiltar iðngreinar haldast óskert þrátt fyrir upptalningu á löggiltum iðngreinum iðngreinaflokks, hönnun - listir - handverk.
- ?? Eigi er skylt að halda uppi stöðugri kennslu í fámennum iðngreinum, þ.e. þar sem nemendafjöldi á ári hverju er undir viðmiðunarstærðum menntamálaráðuneytisins í verklegu námi. Í eftirtöldum iðngreinum eru í gildi sérreglur um námsfyrirkomulag sem geta skal um í námssamningi: málmsteypu, úrsmíði, mótasmíði og mjólkuriðn.
- ?? Kveðið skal á um námstíma iðnnáms í námskrá. Námstíminn skiptist í skóla og starfsþjálfun í atvinnulífínu.
- ?? Í námskrá skal skilgreina einstaka þætti vinnustaðanáms/starfsþjálfunar svo og hæfnikröfur til sveinsprófs.
- ?? Iðnnámi lýkur með sveinsprófi.
- ?? Komi til álitu að starfsgrein verði löggilt iðngrein skulu hlutaðeigendur, bæði launþegar og atvinnurekendur, sem starfsgreinina stunda senda iðnaðarráðherra beiðni þar um og leggja jafnframt fyrir hann tillögu um nafn iðngreinarinnar, starfssvið, námstíma, kunnáttu- og prófkröfur.
- ?? Ráðuneytið leitar umsagnar starfsgreinaráðs viðkomandi iðngreinaflokks um erindið. Heimilt er menntamálaráðherra að skipa sérstaka nefnd er sér um frumréttindaveitingu í iðninni í samræmi við reglur er menntamálaráðherra setur.
- ?? Samsvarandi vinnubrögð skal viðhafa þegar eldri iðngreinum er skipt eða þær sameinaðar, svo og þegar sérgreinar eru stofnaðar, þ.e. þegar sérsvið iðngreinar er viðurkennt.
- ?? Ef fyrir hendi eru aðstæður sem valda því að ekki reynist unnt að fullnægja ákvæðum námskrár um nám eða starfsþjálfunartíma í löggilttri iðngrein, setur menntamálaráðherra reglur um sérstaka tilhögun náms, starfsþjálfunar og veitingu réttinda í iðngreininni, að fengnum tillögum hlutaðeigandi starfsgreinaráðs. Áður en til staðfestingar kemur skal afla umsagnar samstarfsnefndar um starfsnám á framhaldsskólastigi.
- ?? Menntamálaráðherra getur viðurkennt iðnmenntun sem aflað er erlendis gegn fram vísun prófvottorðs og heimilað útgáfu sveinsbréfs án þess að viðkomandi gangi undir sveinspróf, enda séu kröfur til námsins sambærilegar við þær sem gerðar eru til viðkomandi starfsréttinda hér á landi. Gengið skal úr skugga um slíkt með samanburði við íslenska námskrá í viðkomandi iðngrein.
- ?? Einnig er heimilt að leyfa einstaklingi með starfsmenntapróf erlendis frá að sanna kunnáttu sína með sveinsprófi er erfitt reynist að fá fram nægilega örugg gögn.
- ?? Áður en menntamálaráðherra heimilar útgáfu sveinsbréfs á grundvelli erlendarar starfsmenntunar skal hann leita álits starfsgreinaráðs viðkomandi iðngreinaflokks.

Fylgiskjal 6

Innihaldslýsing námsbrauta til sveinsprófs í núverandi aðalnámskrá

Innihaldslýsing námsbrauta til sveinsprófs þ.e. innan þessa iðngreinaflokks, nánar tiltekið það sem er til í núverandi aðalnámskrá:

Námsbraut - Fata-, skinn- og leðuriðngreina:

Kjólasaumur (KJ8)

Iðnnám á verknámsbraut 159 ein.

Ósamræmi er á milli þess sem stendur í aðalnámskrá framhaldsskóla - almennur hluti 1999 og þess sem fram kemur í námsvísi Iðnskólans í Reykjavík.

Hér að neðan stendur eins og það lítur út í aðalnámskrá.

Meginmarkmið brautarinnar er að gera nemum kleift að öðlast þá leikni og faglegu þekkingu sem krafist er til sveinsprófs eftir að hafa lokið tilskildum einingafjölda og vinnustaðapjálfun. Hver nemandi ræður sínum námshraða og þar með hve mörgum einingum hann lýkur á hverri önn, að því tilskildu að fjöldi kennslustunda fari ekki yfir hámark skólans né fjöldi eininga sé undir lágmarki. Námstími í verknámsskóla er 7 annir. Vinnustaðapjálfun 4 mánuðir. Eingöngu er innritað í deildina að hausti og eru 1., 3 og 5. námsönn í boði að hausti, en 2., 4., 6. og 7. námsönn í boði að vori.

Almennar bóklegar greinar:

Móðurmál ----- ÍSL 102 202/103 203 (4-6 ein)

Erlend tungumál ----- DAN 102 ENS 102 + 4 ein.(8 ein)

Stærðfræði ----- STÆ 102 122 (4 ein)

Félagsfræði ----- FÉL 102/103 (2-3 ein)

Bókfærsla ----- BÓK 102/103 (2-3 ein)

Val nemenda og skóla ----- 3 ein.

Samtals 25 ein.

Bóklegar faggreinar:

Efnisfræði ----- EFT 101 201 (2 ein)

Fríhendisteikning ----- FHT 102 (2 ein)

Stærðarbreyting ----- GRA 102 202 302 (6 ein)

Grunnteikning ----- GRT 103 (3 ein)

Sníðagerð karla ----- SNK 101 201 302 402 502 605 (13 ein)

Sníðagerð kvenna ----- SKV 101 201 302 402 502 605 703 (16 ein)

Tískuteikning ----- TIT 102 202 302 402 502 (10 ein)

Vinnu- og verkstæðisfræði ----- VFF 101 201 302 (5 ein)

Samtals 56 ein.

Verklegar faggreinar:

Fatagerð karla ----- VKA 102 205 305 405 505 603 (25 ein)

Fatagerð kvenna ----- VKV 102 205 305 405 505 603 70F (32 ein)

Prufusaumur ----- VPS 101 201 (2 ein)
Verksmiðjusaumur ----- VVS 102 202 (4 ein) **Samtals 71 ein.**
Íþróttir - líkmas- og heilsurækt: ----- ÍPR 101 111 201 211 + 3 ein **samtals 7 ein.**
Klæðskurður (KL8)
Iðnnám á verknámsbraut 159 ein.
Klæðskurður (KL9)
Samningsbundið iðnnám 159 ein.

Ósamræmi er á milli þess sem stendur í aðalnámskrá framhaldsskóla - almennur hluti 1999 og þess sem fram kemur í námsvísi Iðnskólans í Reykjavík. Hér að neðan stendur eins og það lítur út í aðalnámskrá.

Meginmarkmið brautarinnar er að gera nemum kleift að öðlast þá leikni og faglegu þekkingu sem krafist er til sveinsprófs eftir að hafa lokið tilskildum einingafjölda og vinnustaðþjálfun. Hver nemandi ræður sínum námshraða og þar með hve mörgum einingum hann lýkur á hverri önn, að því tilskildu að fjöldi kennslustunda fari ekki yfir hámark skólans né fjöldi eininga sé undir lágmarki. Námstími í verknámsskóla er 7 annir. Vinnustaðþjálfun 4 mánuðir. Eingöngu er innritað í deildina að hausti og eru 1., 3 og 5. námsönn í boði að hausti, en 2., 4., 6. og 7. námsönn í boði að vori.

Almennar bóklegar greinar:

Móðurmál ----- ÍSL 102 202/103 203 (4-6 ein)
Erlend tungumál ----- DAN 102 ENS 102 + 4 ein. (8 ein)
Stærðfræði ----- STÆ 102 122 (4 ein)
Félagsfræði ----- FÉL 102/103 (2-3 ein)
Bókfærsla ----- BÓK 102/103 (2-3 ein)
Val nemenda og skóla ----- 5 ein.
Samtals 25 ein.

Bóklegar faggreinar:

Efnisfræði ----- EFT 101 201 (2 ein)
Fríhendisteikning ----- FHT 102 (2 ein)
Stærðarbreyting ----- GRA 102 202 302 (6 ein)
Grunnteikning ----- GRT 103 (3 ein)
Sníðagerð karla ----- SNK 101 201 302 402 502 605 703 (16 ein)
Sníðagerð kvenna ----- SKV 101 201 302 402 502 605 (13 ein)
Tískuteikning ----- TIT 102 202 302 402 502 (10 ein)
Vinnu- og verkstæðisfræði ----- VFF 101 201 302 (4 ein)
Samtals 56 ein.

Verklegar faggreinar:

Fatagerð karla ----- VKA 102 205 305 405 505 603 70F (32 ein)
Fatagerð kvenna ----- VKV 102 205 305 405 506 603 (26 ein)
Prufusaumur ----- VPS 101 201 (2 ein)
Verksmiðjusaumur ----- VVS 102 202 (4 ein)
Samtals 67 ein.
Íþróttir - líkams- og heilsurækt : ----- ÍPR 101 201 301 401 501 601 701 (7 ein)
Samtals 7 ein.
Söðlasmiði (SÖ9)
Samningsbundið iðnnám 42 ein.

Ósamræmi er á milli þess sem stendur í aðalnámskrá framhaldsskóla - almennur hluti 1999 og þess sem fram kemur í námsvísi Fjölbrotaskólans á Suðurlandi (FSu). Hér að neðan stendur eins og það lítur út í aðalnámskrá.

Markmið brautarinnar er að gera nemendum kleift að öðlast þá leikni og faglegu þekkingu sem krafist er til sveinsprófs. Nemar sem ljúka námsbrautinni hafa heimild til þess að fara í sveinspróf í iðninni að loknum samningstíma. Námstími á samningi er 4 ár.

Almennar bóklegar greinar:

Íslenska ----- ÍSL 102 202 (4 ein.)
Danska ----- DAN 102 ENS 102 + 4 ein. (8 ein.)
Stærðfræði ----- STÆ 102 122 (4 ein.)
Samfélagsgreinar ----- FÉL 102/103 (2-3 ein)
Bókfærsla ----- BÓK 102/103 (2-3 ein)
Val nemenda og skóla ----- 3-5 ein.
Samtals 25 ein.

Bóklegar faggreinar:

Ahalda- og tækjafræði ----- ÁTS 101 (1 ein.)
Efnisfræði ----- EFS 103 (3 ein.)
Grunnsteikning ----- GRT 103 203 (6 ein.)
Iðnteikning söðlasmíði ----- ITS 103 (3 ein.)
Rafmagnsfræði ----- RAF 101 (1 ein.)
Öryggis- og félagsmál ----- ÖRF 101 (1 ein)
Samtals 15 ein.

Íþróttir - líkams- og heilsurækt:

ÍPR ----- 101 111 (2 ein.)
Samtals 2 ein.

Námsbraut - Málmiðngreinar : - í aðalnámskrá framhaldsskóla almennur hluti 1999 er gull- og silfursmíði sett undir iðngreinaflokk málmiðna sem er í ósamræmi við reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999 (sjá hér að framan í kafla 2) undir iðngreinaflokknum - hönnun, listir, handverk - hér að neðan stendur innihaldslýsing námsins eins og fram kemur í aðalnámskrá.

Gull- og silfursmíði (GS9)

Samningsbundið iðnnám 62 ein.

Markmið brautarinnar er að gera nemendum kleift að öðlast þá leikni og faglegu þekkingu sem krafist er til sveinsprófs eftir að hafa lokið tilskildum einingafjölda og vinnustaðapjálfun. Námstími í skóla er 3 annir. Heildarnámstími er 4 ár.

Almennar bóklegar greinar:

Íslenska ----- ÍSL 102 202 (4 ein.)

Erlend tungumál ----- DAN 102 ENS 102 + 4 ein. (8 ein.)

Stærðfræði ----- STÆ 102 112 122 (6 ein.)

Félagsfræði ----- FÉL 102 (2 ein.)

Bókfærsla ----- BÓK 102 (2 ein.)

Val nemenda ----- (3 ein.)

Samtals 25 ein.

Bóklegar faggreinar:

Efnisfræði ----- EFG 101 (1 ein.)

Fríhendi-teikning ----- FHT 102 (2 ein.)

Grunnteikning ----- GRT 103 (3 ein.)

Hönnun ----- HÖG 102 202 (4 ein.)

Lista- og menningarsaga ----- LIG 101 (1 ein.)

Rafmagnsfræði ----- RAF 101 (1 ein.)

Öryggis- og félagsmál ----- ÖRF 101 (1 ein.)

Samtals 13 ein.

Verklegar faggreinar:

Verktækni ----- VGS 105 206 40A (21 ein.)

Samtals 21 ein.

Íþróttir - líkams- og heilsurækt:

Íþróttir ----- ÍPR 101 111 201 (3 ein.)

Samtals 3 ein.

Fylgiskjal 7

Innihaldslýsing meistaranáms í núvera ndi aðalnámskrá

Umfang meistaranáms í einstökum greinum er skipt í almennt bóknám, stjórnun/rekstur og fagnám - í iðngreinum þessa flokks er hlutfallið milli greina eftirfarandi:

Fata-, skinn- og leðuriðngreinar:

Kjólasaumur/klæðskurður

Almennt bóknám - 12 ein.

Stjórnun/rekstur - 23 ein.

Fagnám - 8 ein.

Samtals 43 ein.

Skósmíðaiðn

Almennt bóknám - 12 ein.

Stjórnun/rekstur - 16 ein.

Fagnám - 0

Samtals 28 ein.

Rafiðngreinar:

Úrsmíði

Almennt bóknám - 10 ein.

Stjórnun/rekstur - 16 ein.

Fagnám - 0

Samtals 26 ein.

Aðrar iðngreinar:

Gull- og silfursmíði

Almennt bóknám 10 ein.

Stjórnun/rekstur 16 ein.

Fagnám - 0

Samtals 26 ein.

Yfirlit yfir innihald og umfang meistaranámsins almennt:

1. Almennt bóknám 10-20 ein.

Kjarni 10 einingar

Málnotkun ----- 4 ein. (ÍSL 242 og 252)

Tölvunotkun ----- 3 ein. (TÖL 103)

Viðskiptastærðfræði ----- 3 ein.

Val iðngreinar 0-10 einingar

2. Stjórnunar- og rekstarnám 16-23 ein.

Kjarni 12 einingar

Stjórnun ----- 4 ein. (MST 104)

Kennsla/þjálfun ----- 2 ein. (MKE 102)*

Rekstarumhverfi ----- 2 ein. (MRU 102)
Bókhald og skjalavarsla ----- 1 ein. (MBS 101)
Reikningsskil ----- 3 ein. (MRS 103)

Val 4-11 einingar

Val nemanda ----- 4 ein.
Val iðngreinar ----- 0-7 ein.

3. Faggreinar 0-30 ein.

*** Kennsla/þjálfun --- 2 einingar (MKE 102) felur í sér m.a.:**

Meginmarkmið

Nemendur þekki námskröfur og uppbyggingu náms til sveinsprófs í iðngrein sinni og viti hvernig skóli og fyrirtæki þurfa að vinna saman að menntun einstaklingsins. Hann þekki réttindi og skyldur iðnmeistara og iðnnema á náms- og starfsþjálfunarsamningi. Hann viti hvernig meistari geti búið iðnnema æskileg skilyrði til náms og þroska í fyrirtæki og kunni aðferðir til að miðla þekkingu og annast handleiðslu í samræmi við námsþarfir nemandans og námskröfur iðngreinarinnar.

Námssmarkmið

Lög, reglugerðir, námskrá

Við lok áfangans skal nemandinn

- ~~skilja~~ þekkja lög og reglugerðir um iðnnám
- ~~skilja~~ þekkja námskrá til sveinsprófs í eigin iðngrein og kunna skil á markmiðum, innihaldi, uppbyggingu og samspil náma í skóla og náms eða þjálfunar hjá iðnmeistara eða iðnfyrirtæki

Námssamningur

Við lok áfangans skal nemandinn

- ~~skilja~~ þekkja reglur um gerð náms- og starfsþjálfunarsamninga og vera fær um að gera slíkan samning
- ~~skilja~~ vita um réttindi og skyldur iðnnema og iðnmeistara sem gera með sér samning um nám eða starfsþjálfun á vinnustað

Meginforsendur náms

Við lok áfangans skal nemandinn

- ~~skilja~~ þekkja nokkrar tegundir náms
- ~~skilja~~ þekkja nokkrar helstu hugmyndir (fræðimanna) um hvernig námið fer fram
- ~~skilja~~ skilja á hvern hátt mannleg samskipti, sjálfsmynd, áhugi og hvatning hafa áhrif á nám og námsárangur og geta nýtt sér þá þekkingu til að búa iðnnemum sem best námsumhverfi

Skipulagning náms

Við lok áfangans skal nemandinn

- ~~skilja~~ þekkja helstu vinnubrögð við skipulagningu á starfsnámi/starfsþjálfun svo sem að skilgreina verkþætti sem vinna skal að og kröfur um hæfni þess sem vinnur verkið, setja fram markmið, velja aðferðir við leiðsögn nemans og athuga hvernig árangur er metinn
- ~~skilja~~ vera fær um að gera þjálfunaráætlun samanber ofangreint

Kennsla - leiðsögn

Við lok áfangans skal nemandinn

- ☒ þekkja helstu grunnaðferðir sem notaðar eru við verklega kennslu svo sem sýnikennslu með munnlegum útskýringum, notkun skriflegra leiðarvísa og teikninga eða myndefnis, einstaklingsbundnar æfingar og hópvinnu
- ☒ skilja hvernig mismunandi tjáskipti, orðalag, tóntegund og hátterni leiðbeinandans geta haft áhrif á nemandann, nám hans og sjálftraust/sjálfsmynd með beinum eða óbeinum hætti

Leiðsögn við aðra starfsmenn í fyrirtækinu

Við lok áfangans skal nemandinn

- ☒ þekkja leiðir til þess að ný þekking og færni yfirfærast sem hraðast til sem flestra starfsmanna í fyrirtækinu
- ☒ vera fær um að greina hvað einstakir starfsmenn þurfa að læra eða ná meiri færni í og hvernig best verði tryggt að þeir nái þeirri færni

Umfang meistaranáms í iðngreinum þessa iðngreinaflokks eins og fram kemur í aðalnámskrá framhaldsskóla - almennur hluti 1999:

Kjólasaumur (MKJ) - 43 ein

Klæðskurður (MKL) - 43 ein

Almennt bóknám - 12 ein.

10 einingar - kjarni

2 einingar - val iðngreinar (enska 2 ein.)

Stjórnunar- og rekstrargreinar - 23 ein.

12 einingar - kjarni

11 einingar - val iðngreinar 7 ein. og val nemenda 4 ein.:

Altæk gæðastjórnun -- (MAG 102)

Framleiðslustýring -- (MFS 101)

Innkaup og birgðastýring -- (MIB 101)

Markaðsmál -- (MMM 101)

Skipulagning vinnusvæðis -- (MSK 101)

Vöruþróun -- (MVP 101)

Val nemanda -- 4 einingar

(einn áfangi er áhugaverður í þessu samhengi en er ekki tiltekinn sem skylduval þ.e.

MLH 101 - Listsköpun og hönnun - nemendur geta þó valið hann í eigin vali - 4 ein.

aðrir áhugaverðir eru MSÖ 101 - Sölutækni, samskipti við viðskiptavinum og MAV 101 - Afgreiðsla í verslun)

Faggreinar - 8 ein.*

Viðhald véla og tækja – (MVT 101) *

Undirbúningur vöruframleiðslu – (MUF 107)*

Skósmíðaiðn (MSM) - 28 ein.

Almennt bóknám - 12 ein.

10 einingar - kjarni
2 einingar - val iðngreinar (enska 2 ein.)
Stjórnun- og rekstargreinar - 16 ein.
12 einingar - kjarni
4 einingar - val nemenda

(ekki er skilgreint val iðngreinar eins og í kjólasaum og klæðskurði sem getur numið 0-7 einingum)

Fámennar iðngreinar

Meistaránám í eftirtöldum iðngreinum samanstendur af almennum greinum og stjórnunar-/rekstargreinum:

Gull- og silfursmíði - 26 ein. 10 ein. almennt bóknám og 16 ein. stjórnun/rekstur

Úrsmíði - 26 ein. 10 ein. almennt bóknám og 16 ein. stjórnun/rekstur

Ekki er skilgreint val iðngreinar í kjarna í almennu bóknámi (2 ein. - enska eins og í kjólasaumi, klæðskera og skósmíði) né val iðngreinar í stjórnunar- og rekstargreinum (0-7 ein. - eins og í kjólasaumi og klæðskurði)

*** Fagnám í kjólasaumi og klæðskurði**

Fagnám er skilgreint í námskrá fyrir iðnsveina til iðnmeistaraprófs fyrir fata-, skinna- og leðuriðngreinum (frá 1997) þ.e. í kjólasaumi og klæðskurði auk áfangalýsinga og er eftirfarandi:

Gengið er út frá því að sveinar í kjólasaumi og klæðskurði karla og kvenna hafi handverkið á vali sínu og geti unnið sjálfstætt að öllum meginþáttum fagsins. Þeir eiga að vera færir um að taka mál af viðskiptavinum og útbúa snið frá grunnni, sníða og sauma, máta flík á viðskiptavin og annast nauðsynlegar breytingar auk þess að pressa og ganga frá flíkinni. Þeir þurfa einnig að geta veitt viðskiptavinum faglega leiðsögn og ráðgjöf.

Meistarar í þessum greinum þurfa auk ofangreindra þátta að þekkja til framleiðslu í fataiðnaði og vera færir um að vinna sem stjórnendur og fagmenn á ýmsum stigum í framleiðsluferlinu. Því er í meistaránámi lögð áhersla á að nemendur læri um vöruþróun, markaðsmál, gæðastjórnun, skipulagningu og stýringu iðnaðarframleiðslu, véla- og tækjabúnað í fataiðnaði og vinni verkefni sem feli í sér heildstæðan undirbúning að framleiðslu tiltekinnar vöru.

Áfangalýsingar:

Undirbúningur vöruframleiðslu í fataiðnaði MUF 107

Markmið:

Nemendur nýti og tengi saman fagþekkingu sína og þekkingu í stjórnunar- og rekstargreinum meistaránáms í sjálfvöldu vöruþróunarverkefni frá hugmynd að söluhæfri vöru sem er tilbúin til framleiðslu.

Innihaldslýsing:

Áfanginn byggir á því að nemandi hafi lokið kjarnanámi í stjórnunar- og rekstargreinum og hafi annaðhvort lokið námi í bundnu vali viðkomandi iðngreina í áföngum um vöruþróun, markaðsmál og framleiðslustýringu eða stundi samhliða nám

í þeim. Æskilegt er að nemandi finni viðskiptahugmynd sína sem fyrst á námsferli meistaranáms og geti mótað hana smám saman og tengt sem flestum þáttum námsins. Gert er ráð fyrir að nemandi vinni sjálfstætt að verkefninu undir leiðsögn fagkennara og færi dagbók um alla þætti þess. Við lok áfangans skilar nemandi stuttir skýrslu um vöruna og þróunarferli hennar, markaðshorfur og áætlun um framleiðslu, kostnað og hagnað.

Viðhald véla og tækja í fataiðn MTV 101

Markmið:

Nemendur verði færir um að sinna eftirliti á vélum og tækjum sem almennt eru til staðar á saumastofum. Þeir viti hvernig vélbúnaður vinnur og skynji hvenær viðgerða er þörf.

Innihaldslýsing:

Farið verður yfir vélbúnað helstu iðnaðarsaumavéla, pressuborða, straujárna, límingarvéla og sníðahnífa og algengustu bilanir á þeim búnaði.

Fylgiskjal 8

Úrdráttur úr lögum og reglugerðum

Í aðalnámskrá framhaldsskóla - almennur hluti 1999 í hlutverki og markmiðum framhaldsskóla kemur m.a. fram eftirfarandi:

- ?? Starfsemi framhaldsskóla þarf að vera sveigjanleg til þess að skólarnir geti mætt nýjungum og breyttum kröfum.
- ?? Skólum ber að gæta jafnréttis nemanda til náms. Þetta felst m.a. í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til þess að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali eftir því sem við verður komið.
- ?? Eitt mikilvægasta úrlausnarefnið í þessu sambandi er að finna leiðir til þess að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda, þ.e. að veita nemendum menntun við hæfi hvers og eins.
- ?? Hinar öru breytingar, sem nú eiga sér stað á öllum sviðum samfélagsins, gera það að verkum að gildi símenntunar eykst stöðugt. Það er því mikilvægt að nemendum verði gert ljóst að menntun er æviverk.
- ?? Við skipulagningu skólastarfs er aðlögun að náms- og kennslutækni meðal flóknustu og brýnustu verkefna. Upplýsingatækni hefur skapað nýjar og spennandi forsendur fyrir öflun og miðlun þekkingar. Mikilvægt er að finna skynsamlegar og árangursríkar leiðir til þess að nýta þessa tækni sem best í þágu nemenda.
- ?? Skólar skulu stefna að því að gera upplýsingatækni að verkfæri í öllum námsgreinum.
- ?? Kennsluáðferðir þurfa að taka mið af breyttu umhverfi og breyttum áherslum á hverjum tíma.
- ?? Kennsluhættir mega ekki vera einhæfir og samræmi verður að vera milli þeirra og skólastefnunnar sem skólinn leitast við að framfylgja.
- ?? Miklu máli skiptir að nemendur fái tækifæri til að leggja stund á það nám sem hentar áhuga þeirra, getu og framtíðaráformum. Brottfall nemenda úr námi hefur verið tiltölulega mikið hér á landi miðað við það sem gerist og gengur í nágrannalöndum okkar. Skólar skulu því leitast við að draga úr brottfallinu m.a. með skýrari námskröfum til nemenda, aukinni upplýsingamiðlun um námskröfur og störf og fjölbreyttara námsframboðs, ekki síst starfsnáms.
- ?? Skil milli almennrar menntunar og starfsmenntunar verða stöðugt óljósari. Hefðbundin starfsmenntun verður fræðilegri og fræðileg menntun nýtist sífellt meira á hagnýtan hátt. Bóklegt og verklegt nám ber að þróa samhliða en ekki sem andstæður.
- ?? Leiðum starfsnámsnemenda inn í skóla á háskólastigi mun fjölga jafnframt því sem kröfur til þeirra verða skilgreindar með skýrari hætti.
- ?? Skólar skulu stuðla að þessari þróun með uppbyggingu styttri námsbrauta í samráði við starfsgreinaráð.
- ?? Fjölgun starfsnámsbrauta stuðlar að auknum samskiptum skóla og atvinnulífs og samstarf þessara aðila við mótun námskrafna bætir samskipti þeirra.
- ?? Á síðustu árum hefur verið unnið að því að auka og efla samvinnu skóla, einkum í dreifbýli. Markmið samstarfsins er að nýta það besta sem hver skóli hefur upp á að bjóða og stuðla að hagkvæmu framboði náms á viðkomandi svæði. Samvinna skóla

af þessu tagi gerir það mögulegt að nýta betur námsframboð í landinu. Þetta þýðir að litið er á námstilboð framhaldsskólans sem eina heild.

Í lögum um framhaldsskóla þ.e. 16. og 17. gr. VII. kafli. er fjallar um námsskipan kemur fram m.a.:

- ☒ Námshrautir framhaldsskóla skiptast í starfsnámsbrautir, bóknámsbrautir, listnámsbrautir og almenna námsbraut.
- ☒ Af öllum brautum skulu vera leiðir til frekara náms, annaðhvort beinar eða með skilgreindri viðbót náms.
- ☒ Á starfsnámsbrautum er nám í löggiltum iðngreinum og annað starfsnám.
- ☒ Nemendur á starfsnámsbrautum skulu einnig eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi.
- ☒ Í reglugerð skal kveðið á um hverjar skuli vera löggiltar iðngreinar.
- ☒ Listnámsbrautir veita undirbúning að frekara námi í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi.
- ☒ Almenn námsbraut veitir undirbúning fyrir nám á bók-, list- og starfsnámsbrautum og getur jafnframt verið hluti af því námi.
- ☒ Stofnun nýrra námsbrauta er háð samþykki menntamálaráðherra
- ☒ Námshrautir skiptast í brautarkjarna, kjörsvið og frjálst val. Hlutfall milli þessara þátta er ákveðið í aðalnámskrá og getur verið mismunandi eftir brautum.
- ☒ Brautarkjarni er skyldunám brautar. Þar eru sérgreinar brautarinnar og námsgreinar sem stuðla að almennri menntun og búa nemendur undir þátttöku í samfélaginu.
- ☒ Kjörsvið er frekari sérhæfing á brautinni
- ☒ Starfsnám og viðurkennt listnám á framhaldsskóla má meta til kjörsviðs í námi á bóknámsbrautum að uppfylltum skilyrðum sem skilgreind eru í aðalnámskrá.
- ☒ Frjálst val námsgreina, sem skilgreinar eru í aðalnámskrá framhaldsskóla og kenndar eru í viðkomandi skóla, gefur nemendum kost á að kynna list-, verk- og fræðasviðum að eigin vali.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla - almennur hluti 1999 kemur fram eftirfarandi:

- ?? Starfsnám og viðurkennt listnám á framhaldsskólastigi má meta til kjörsviðs á bóknámsbrautum. Slíkt nám getur komið í stað allt að 12 eininga á kjörsviði auk þess sem nemandi getur nýtt frjálsa valnámið í sama tilgangi. Nemandi getur því fengið allt að 24 einingar metnar á þennan hátt sem hluta af námi til stúdentsprófs.
- ?? Starfsnám, sem kemur til álita í þessu skyni, er nám á framhaldsskólastigi sem nemandi hefur lokið með fullnægjandi árangri og á sér eðlilegt framhald í sérskólum eða í skólum á háskólastigi.
- ?? Nám í frjálstu vali nemur allt að 12 einingum (í bóknámi en 9 einingar í listnámi). Frjálst val gefur nemenda möguleika á að kynna sér greinar sem ekki tilheyra því námssviði sem hann hefur valið sér. Þjóði viðkomandi skóli ekki upp á þær greinar sem nemandi óskar sérstaklega að taka er sá möguleiki fyrir hendi að taka þær við annan skóla, t.d. í fjarnámi.

Í IX. kafla í lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 um starfsnám 25.-32. gr. er innihaldið eftirfarandi:

- ?? Starfsnám skal stuðla að almennri menntun nemenda, veita þeim undirbúning til tiltekinna starfa og innsýn í hlutverk fyrirtækja og starfsfólks í atvinnulífinu. Náminu er jafnframt ætlað að hvetja nemendur til að viðhalda þekkingu sinni og bæta við hana með endurmenntun eða áframhaldandi námi.
- ?? Starfsnám skiptist í skóla og vinnustað eða fer eingöngu fram í skóla. Námið er bóklegt og verklegt og skal mynda sem samfelldasta heild svo að nemendur fái betur skilið tengsl fræðilegra og hagnýtra þátta.
- ?? Áhersla skal lögð á að innihald starfsnáms taki mið af þörfum starfsgreina fyrir fagmenntun starfsfólks á hverjum tíma.
- ?? Menntamálaráðherra skipar samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð 18 fulltrúum, þar af 12 tilnefndum af eftirtöldum aðilum atvinnulífsins: fimm frá Alþýðusambandi Íslands, þar af einn fulltrúi nema, einn frá Bandalagi ríkis og bæja, fimm frá Vinnuveitendasambandi Íslands og einn frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Leitast skal við að fulltrúar atvinnulífsins komi úr sem flestum atvinnugreinum. Auk þess sitja í nefndinni einn fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, tveir fulltrúar tilnefndir af samtökum kennara og stjórnenda, og skal annar þeirra vera starfsmenntakennari en hinn stjórnandi starfsmenntaskóla, og þrír fulltrúar skipaðir án tilnefningar. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar.
- ?? Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi stuðlar að tengslum skóla og atvinnulífs og er menntamálaráðherra til ráðuneytis um stefnumótun í starfsnámi og setningu almennra reglna um skipan og framkvæmd starfsnáms.
- ?? Nefndin gerir tillögur um skipan starfsgreina í starfsgreinaflokka í samráði við samtök atvinnurekanda og launþega í viðkomandi greinum, forgangsröðun verkefna í starfsnámi, svo og sérstakar tilraunir og þróunarverkefni.
- ?? Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokka eða starfsgreinar. Í starfsgreinaráði skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af samtökum atvinnurekanda og launþega í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi menntamálaráðherra.
- ?? Allar starfsgreinar, sem njóta fræðslu á framhaldsskólastigi, skulu eiga kost á fulltrúaáðild að starfsgreinaráði og skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnurekanda og launþega.
- ?? Ef ekki tekst að skipa starfsgreinaráð er menntamálaráðherra heimilt að skipa tímabundið sérstaka starfshópa til að sinna verkefnum starfsgreinaráðs.
- ?? Samtök atvinnurekanda og launþega greiða kostnað af störfum fulltrúa sinna í starfsgreinaráði og menntamálaráðherra greiðir kostnað af störfum fulltrúa menntamálaráðherra og af fræðilegri vinnu við námskrágerð.
- ?? Starfsgreinaráð skilgreinir þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setur markmið starfsnáms.
- ?? Starfsgreinaráð gerir tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námskrá í sérgreinum viðkomandi starfsnáms, svo og um tilhögun námsmats, þar með talin sveinspróf og eftirlit með gæðum kennslu og námsefnis.
- ?? Það gerir einnig tillögur um skiptingu náms í skóla og á vinnustað, svo og reglum um vinnustaðanám, viðurkenningu á vinnustöðum til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning og aðstöðu, búnað og kennarakost skóla sem annast starfsnám.

- ?? Starfsgreinaráð skal hafa frumkvæði að tillögugerð um breytta skipan náms og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða menntun í starfsgreinum sem undir ráðið heyra.
- ?? Að fengnum tillögum starfsgreinaráðs gefur menntamálaráðuneytið út námsskrá í sérgreinum starfsnáms sem hluta af aðalnámskrá framhaldsskóla og reglur um framkvæmd starfsnáms í einstökum starfsgreinum.
- ?? Til að stuðla að sem bestu samstarfi skóla og atvinnulífs og ýta undir frumkvæði þeirra við þróun starfsnáms er skólanefnd heimilt að setja á fót eina eða fleiri ráðgjafanefndir við skóla með fulltrúum atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi og skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnulífs og launþega. Skólar leiti til starfsgreinaráða um tilnefningar fulltrúa í ráðgjafanefndir í byggðarlagi, **sjá síðar um reglugerð um skólanefndir 1).**
- ?? Menntamálaráðherra getur, að fenginni umsögn starfsgreinaráðs og stofnaðila, gert framhaldsskóla eða deild í framhaldsskóla að kjarnaskóla um lengri eða skemmri tíma. Í samráði við starfsgreinaráð hefur kjarnaskóli forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluáferðir í starfsnámi og aðstoðar aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði. Í samningi, er menntamálaráðherra gerir við þá stofnun er tekur að sér hlutverk kjarnaskóla, skal verkefnið skilgreint, stjórnun þess, lengd samningstíma og hvernig úttekt þess skuli háttað. Hagsmunaaðilar á vinnumarkaði geta átt aðild að slíkum samningi, **sjá síðar um stofnun og rekstur námsbrauta við framhaldsskóla 2).**
- ?? Verknám og starfsþjálfun á vinnustað byggist á ákvæðum aðalnámskrár og reglum um vinnustaðanám í viðkomandi starfsgrein. Um vinnustaðnám skal gera sérstakan starfsþjálfunarsamning milli skóla og vinnustaðar eða námssamning milli nema og vinnuveitenda. Námsamningur skal undirritaður við upphaf vinnustaðanáms og staðfestur innan eins mánaðar. Þar skal tilgreindur reynslu- og gildistími kjarasamninga að því er varðar nema í viðkomandi starfsnámi, **sjá síðar reglugerð um námssamninga og starfsþjálfun 3).**

Í ákvæðum til bráðabirgða í 48. gr. er m.a. eftirfarandi:

- II. Ákvæði um starfsnám í 25.-32. gr. skulu vera komin til fullra framkvæmda innan fjögurra ára frá gildistöku laga þessara. Menntamálaráðherra setur í reglugerð áætlun um framkvæmd ákvæða greina þessara að höfðu samráði við samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, sbr. 26. gr. Ef þörf þykir skal fara fram endurskoðun þessara lagagreina í kjölfar úttektar á framkvæmd þeirra.
- III. Næstu tvö árin frá gildistöku laganna getur menntamálaráðuneytið veitt heimild til að umsækjandi gangist undir verklegt sveinspróf í löggiltri iðngrein á undangengins skólanáms. Skilyrði fyrir próftöku eru eftirfarandi: a. vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í tíu ár undir stjórn meistara, b. vottorð iðnmeistara um að hann telji umsækjanda hæfan til að gangast undir sveinspróf, c. umsagnir viðkomandi sveinafélags og starfsgreinaráðs. Standist umsækjandi prófið öðlist hann sveinsbréf sem veitir þó ekki rétt til inngöngu í meistaraskóla.
- 1) Reglugerð um skólanefndir við framhaldsskóla. nr. 132 frá 11. febrúar 1997 fjallar m.a. um eftirfarandi (auk þess er vísað í 6. og 7. gr. framhaldsskólalaga):
- ?? Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja 5 menn: þrír fulltrúar án tilnefningar og skulu þeir að jafnaði búsettir í sveitarfélagi sem á aðild að skólanum, tveir fulltrúar tilnefndir að

- hlutaðeigandi sveitarstjórn/-um í viðkomandi landshluta. Varamenn eru valdir með sama hætti.
- ?? Áheyrnarfulltrúar er tveir með málfrelsi og tillögurétt, tilnefndir til eins árs í senn, annar af kennurum skólans en hinn af nemendafélagi skólans. Skólameistari skal leita eftir tilnefningum áheyrnarfulltrúa.
- ?? Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt og er framkvæmdastjóri hennar.
- Hlutverk skólanefndar er m.a. að:
- ?? marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestum tengslum við atvinnu- og menningarlíf.
- ?? stuðla að bættu samstarfi skóla og atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi. Í því skyni er skólanefnd heimilt að setja á fót sérstakar ráðgjafanefndir sem í skulu sitja fulltrúar skóla, launþega og atvinnurekenda.
- ?? ákveða ásamt skólameistara námsframboð skóla. Ákvörðun er háð samþykki menntamálaráðherra.
- ?? samþykkja skólanámskrá skólans að fenginni umsögn almenns kennarafundar og fylgjast með framkvæmd hennar.

- 2) Um stofnun og rekstur námsbrauta við framhaldsskóla í aðalnámskrá framhaldskólanna er greint frá eftirfarandi:
- ?? Óski skóli eftir því að bjóða fram nám sem skilgreint er í aðalnámskrá framhaldaskóla og hann hefur ekki starfrækt áður skal hann senda menntamálaráðuneytinu umsókn þar sem farið er fram á heimild til að starfrækja námið. Í umsókninni skal gerð grein fyrir því hvers vegna óskað er eftir því að hefja starfrækslu viðkomandi námsbrautar, hver þörfin er fyrir námið í þeim landshluta sem skólinn starfar, hver eftirspurnin er eftir náminu og hvaða aðstöðu skólinn hefur til að bjóða námið fram. Sé um starfsnám að ræða skal haft samráð við aðila atvinnulífsins í viðkomandi landshluta.
- ?? Tillaga að stofnun nýrrar námsbrautar skal send menntamálaráðuneytinu. Í umsókn skal gerð grein fyrir tilgangi og meginmarkmiðum brautarinnar, helstu hugmyndum um inntak námsins, tengslum við aðrar brautir, námskipan, lengd námsins og stöðu nemenda að loknu námi hvað varðar réttindi til starfa eða möguleika til áframhaldandi náms. Náminu skal skipt í brautakjarna, kjörsvið og frjálst val, eftir því sem við á. Þá skal gerð grein fyrir ástæðum þess að farið er fram á stofnum brautarinnar og hver sé væntanlegur starfs- og rekstrargrundvöllur, þ.e. hver þörfin sé fyrir umrætt nám, áætluð eftirspurn eftir náminu, heppileg hópastærð í kennslu og hvaða aðstaða þurfi að vera fyrir hendi í viðkomandi skóla.

Reglugerð um sveinspróf nr. 278/1997 er m.a. svo hljóðandi:

- ?? Menntamálaráðherra sér til þess að haldin séu sveinspróf fyrir iðnnema í löggiltum iðngreinum, hefur eftirlit með framkvæmd prófanna og veitir upplýsingar um þau.
- ?? Menntamálaráðherra setur reglur um uppbyggingu og tilhögun sveinsprófs í hverri löggiltri iðngrein um sig að fengnum tillögum viðkomandi starfsgreinaráðs.
- ?? Heimilt er að taka hvern þann til sveinsprófs sem lokið hefur burtfararprófi frá iðnmenntaskóla og tilskilinni starfsþjálfun í atvinnulífinu samkvæmt námskrá viðkomandi iðngreinar.

- ?? Meistari staðfestir umsókn um sveinspróf fyrir iðnnema á námssamningi en iðnmenntaskóli fyrir þá nema er ljúka námi af verknámsbraut viðkomandi skóla.
- ?? Menntamálaráðherra skipar sveinsprófsnefndir í löggiltum iðngreinum fyrir allt landið til þess að hafa yfirumsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa, þar með talið mati á úrlausnum.
- ?? Hann setur sveinsprófsnefndum starfsreglur að fengnum tillögum starfsgreinaráða.
- ?? Í starfsreglum skal kveðið á um samningu og framkvæmd prófa, aðstöðu á prófstað, einkunnagjöf og birtingu niðurstaðna.

Starfsreglur sveinsprófsnefnda þ.e. framkvæmd sveinsprófa og störf sveinsprófsnefnda eru til í drögum frá 04.06. 1999

3) Reglugerð um námssamninga og starfsþjálfun. nr. 280 frá 17. apríl 1997 fjallar m.a. um eftirfarandi:

- ?? Reglugerð þessi fjallar um gerð námssamninga og starfsþjálfun á vinnustað á vegum skóla eða annarra aðila í löggiltum iðngreinum.
- ?? Um starfnám í atvinnulífinu skal gera námssamning milli iðnfyrirtækis eða meistara og iðnnema í samræmi við 32. gr. laga um framhaldsskóla og ákvæði reglugerðar þessarar.
- ?? Iðnmenntaskólar fylgjast með að samningur um starfsþjálfun í atvinnulífinu séu gerðir fyrir hönd iðnnema á verknámsbraut.
- ?? Menntamálaráðuneytið veitir einstökum vinnustöðum viðurkenningu til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning samkvæmt reglum sem settar eru að fengnum tillögum starfsgreinaráðs.
- ?? Óski meistari eða iðnfyrirtæki eftir því að gera námssamning í sérgrein innan löggiltrar iðngreinar getur menntamálaráðherra heimilað staðfestingu slíks samnings ef fyrir liggur álit starfsgreinaráðs iðngreinarinnar um að eðli sérgreinarinnar leyfi sjálfstætt nám og próftöku og ráðið mæli með að slíkt sérnám eigi sér stað. Menntamálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum starfsgreinaráðs, lengd námstíma.
- ?? Til að meisturum eða iðnfyrirtækjum sé heimilt að taka iðnnema á námssamning skulu eftirtalin skilyrði uppfyllt:
 - a. Meistari skal hafa fullgild meistararéttindi samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978 í þeirri iðngrein sem hann hyggst kenna. Á saman hátt skal iðnfyrirtæki hafa meistara ó þjónustu sinni með þau réttindi er að framan greinir.
 - b. Meistari og/eða iðnfyrirtæki skal hafa með höndum nægilega fjölbætt verkefni í iðn sinni til að geta látið í té fullnægjandi kennslu samkvæmt námsreglum iðngreinarinnar eða að mati starfsgreinaráðs, séu slíkar reglur ekki fyrir hendi.
 - c. Meistari og/eða iðnfyrirtæki skal hafa yfir að ráða vinnustað eða verkstæði með fullnægjandi aðstöðu ásamt vélum, tækjum, áhöldum og búnaði sem iðngreinin útheimtir.
- ?? Meistari eða iðnfyrirtæki skuldbindur sig með gerð námssamnings til að veita iðnnema kennslu í iðngreininni og sjá svo um að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega þjálfun í öllum störfum er iðngreinin tekur til og hafi tileinkað sér meðferð, hirðingu og beitingu þeirra áhaldna og tækja sem notuð eru í iðngreininni.
- ?? Ef iðnfyrirtæki eða meistari hefur, að mati starfsgreinaráðs, ekki nægilega fjölbætt verkefni svo að unnt sé að kenna iðnina fullkomlega getur menntamálaráðherra,

samkvæmt tillögu starfsgreinaráðs, heimilað frávik þannig að iðnnemi hljóti þjálfun á hluta hjá öðru iðnfyrirtæki eða meistara. Geta skal slíks frávíks í samningi og leggja fram með námssamningi samþykki allra aðila um hvernig þjálfun iðnnema skuli háttað.

?? Hið sama gildir ef í ljós kemur að iðnnemi fær ekki að kynnast öllum verkþáttum iðngreinarinnar.

Í 8., 9. og 10. gr. iðnaðarlaga er svo hljóðandi:

Iðngreinar, sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar samkvæmt iðnfræðslulögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara. Meistari skal bera ábyrgð á að öll vinna sé rétt og vel af hendi leyst.

Rétt til iðnaðarstarfa í slíkum iðngreinum hafa meistara, sveinar og nemendur í iðngreininni. Heimilt er sérfélögum, sveina- og meistarafélagi í sömu iðn að gera sín á milli samning um það, að ráða megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa undir stjórn iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn, þegar sérstaklega stendur á og brýn þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni.

Rétt til að kenna sig í starfsheiti sínu til löggilta iðngrein hafa þeir einir, er hafa sveinsbréf eða meistarabréf í iðngreininni.

Hver maður getur leyst meistarabréf, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem í 3. gr. segir, og hefur lokið sveinsprófi í iðngrein sinni, enda hafi hann unnið að henni síðan undir stjórn meistara ekki skemur en eitt ár og lokið meistaraprófi í iðninni frá meistaraskóla. Meðan eigi er meistaraskóli í iðngreininni, getur hver maður leyst meistarabréf, hafi hann unnið undir stjórn meistara í iðngreininni eða nátengdri iðngrein að loknu sveinsprófi eigi skemur en tvö ár.

Meistarabréf veitir meistara leyfi til að reka þá iðngrein, er meistarabréf hans tekur til.

Iðnmeistaránám á sér stoð í iðnaðarlögum svo og lögum og reglugerðum um framhaldsskóla. Samkvæmt 25 gr. laga nr. 57/1988 um framhaldsskóla er menntamálaráðuneytinu skylt að halda uppi framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraprófs í því skyni að veita aukna þekkingu í starfsgrein sinni, stjórnun og rekstri fyrirtækja. Í reglugerð nr. 23/1991 um framhaldsskóla segir í 55. gr. að meistaránám skuli skipuleggja sem eðlilegt framhald iðnnáms og að það skuli, eftir því sem við verði komið, tengt iðnfræði- og tæknifræðinámi. Áfram segir í 55. gr. reglugerðarinnar:

Markmið meistaránáms er að veita fræðslu og þjálfun þeim sem lokið hafa sveinsprófi svo þeir geti fengið meistarabréf sky. 10 gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978 og staðið fyrir sjálfstæðum rekstri í iðngrein sinni, stjórnað verkum og kennt nýliðum vinnubrögð, öryggisreglur og iðnfræði.